# FRÉTTABLAÐIÐ

139. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. JÚNÍ 2018




Nú þegar aðeins tveir dagar eru í fyrsta leik íslenska landsliðsins á HM í Rússlandi eru landsmenn orðnir spenntir fyrir viðureigninni við Messi og félaga í argentínska landsliðinu. Strákarnir okkar eru öllu rólegri, til allrar hamingju, og fóru nokkrir saman í hjólatúr til þess að taka út rússneska menningu í gær, þegar ljósmyndari blaðsins hitti þá fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Uppgjör við Pál Magnússon í Eyjum

**Páll Magnússon situr ekki lengur í fulltrúaráði Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum. „Fullu vantrausti" lýst á þingmanninn og oddvita í Suðurkjördæmi á aukaaðalfundi í Eyjum í gær. Krefjast samtals við flokksforystuna vegna stöðunnar í höfuðvígi flokksins á landinu.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum lýsir yfir vantrausti á Pál Magnússon, alþingismann og oddvita Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, sem tekinn var úr fulltrúaráðinu með lófaklappi á aukaaðalfundi í Eyjum í gærkvöldi.

Í harðorðri ályktun fulltrúaráðsins segir meðal annars: „Vegna fordæmalausrar framgöngu oddvita flokksins í Suðurkjördæmi í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum lýsir aukaaðalfundur fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum fullu vantrausti á 1. þingmann Suðurkjördæmis, Pál Magnússon. Fulltrúaráðið getur ekki litið á þingmanninn sem trúnaðarmann Sjálfstæðisflokksins og óskar eftir fundi með forystu flokksins vegna þeirrar alvarlega stöðu sem upp er komin."

„Ég mun ræða þetta mál við mitt fólk," segir Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, en vildi ekki tjá sig frekar um málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum skömmu eftir fundinn.



Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku, eru Sjálfstæðismenn í Vestmannaeyjum reiðir oddvita sínum fyrir framgöngu hans í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga en þeir segja hann hafa stutt klofningsframboð Írisar Róbertsdóttur en hundsað framboð Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum með öllu, þvert á það sem almennt tíðkast meðal þingmanna kjördæmisins í sínum heimabyggðum.

Í kosningunum tapaði flokkurinn þeim meirihluta sem hann hefur haft í bæjarfélaginu undanfarin tólf ár. Framboð Írisar, Fyrir Heimaey, hlaut góða kosningu og myndaði meirihluta með Eyjalistanum og Íris settist í stól bæjarstjóra í Eyjum, en þar hefur Elliði Vignisson setið undanfarin 12 ár. – **aá**

## Niðurlægður í Krónunni

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta var niðurlægjandi," segir maður sem þjáist af sáraristilbólgu en honum var meinað að nota salerni í verslun Krónunnar í Nóatúni þegar hann þurfti að svara kalli náttúrunnar. Sjúkdómurinn, líkt og Crohn's-sjúkdómur, herjar á neðri hluta þarmanna og veldur miklum iðrabólgum. Maðurinn segir sína sögu ekki einsdæmi. Hann vill vekja athygli á stöðu þeirra sem þjást af sjúkdómnum.

„Í Bretlandi hefur sú leið verið farin að prenta út skírteini fyrir fólk í þessari aðstöðu. Skírteinið veitir því forgang á salerni og biður umráðamann þeirra, til að mynda í verslunum, vinsamlegast um að hleypa viðkomandi á klósettið. Það ætti ekki að vera mikið mál að framkvæma slíkt hér á landi," segir maðurinn.

– **jóe** / **sjá síðu 4**

**2** DAGAR í HM



BIRKIR MÁR SÆVARSSON


ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um sjálftökusveitir. **19**

**SPORT** Íslensku strákarnir nýttu færin sín betur en áður. **24**

**MENNING** Örleikrit lifna við í Blesugrófinni í dag. **30**

**LÍFIÐ** Magnaður ferill Sálarinnar rifjaður upp **38**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Stafrænar lausnir Íslandsbanka

Viltu græja yfirdráttinn?

Best að nota appið



## Veður




Vaxandi norðaustan átt, 8-15 síðdegis. Rigning norðan og austan til. Hiti 5 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 28

# Íslendingar á leið á HM í handbolta



Strákarnir í íslenska karlalandsliðinu í handbolta höfðu ástæðu til að fagna eftir leik sinn við Litháen sem fram fór í gær. Þeir unnu leikinn með 34 mörkum gegn 31 og eru á leiðinni á heimsmeistaramótið í byrjun næsta árs. Mótið fer fram í Þýskalandi og Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

## HM-blaðið fylgir með Fréttablaðinu

**FRÉTTABLAÐIÐ** Sérstakt HM-blað fylgir Fréttablaðinu í dag. Þar er heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi gerð ítarleg skil og fjallað um allar helstu hliðar mótsins.




Fjallað er um íslenska landsliðshópinn og leiðina á HM 2018. Einnig er rætt við stuðningsmenn landsliðsins sem halda til Rússlands og góð ráð eru gefin þeim sem munu leggja land undir fót og húh-a á leikvöngunum í Rússlandi.

Í HM-blaðinu er einnig að finna vegvísi fyrir sjálft mótið þar sem hægt er að skrá niður úrslit og spá í spilin fyrir framhaldið. – khn

## Ökumaður tekinn við Garðheima

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður bíls var handtekinn fyrir utan Garðheima í Breiðholti í gær eftir að lögreglan hafði veitt honum eftirför.

Maðurinn hafði verið beðinn um að stöðva bifreiðina í Grafarvogi en sinnti ekki tilmælum lögreglu og ók af stað. Hófst þá mikil eftirför, lögreglan og sérsveit óku framan á bílinn og stöðvuðu hann með því.

Á meðan á handtöku stóð var götum í grenndinni lokað. Að sögn Heimis Ríkarðssonar, fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, var bíll ökumannsins númerslaus og hann beðinn um að stansa. – tg

## Lést þegar bíll valt í Hestfirði

**SLYS** Einn er látinn eftir að sendibíll valt í Hestfirði í botni Ísafjarðardjúps á fjórða tímanum í gær. Tveir voru í bílnum. Annar mannanna var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús í Reykjavík.

Neyðarlínu barst símtal skömmu fyrir klukkan fjögur vegna slyssins og voru lögreglumenn, sjúkraflutningamenn, slökkviliðsmenn og björgunarsveitarmenn sendir á vettvang.

Að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum eru báðir aðilar íslenskir og var fjölskyldum þeirra gert viðvart.

Rannsókn á tildrögum slyssins er í höndum lögreglunnar á Vestfjörðum og rannsóknarnefndar samgönguslysa. Ekki er tímabært að gefa frekari upplýsingar um atvikið að sögn lögreglu. – dfb

**»** Neyðarlínu barst símtal vegna slyssins skömmu fyrir klukkan fjögur í gær.

# Íslensku strákarnir fara til Moskvu í dag

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu heldur til Moskvu í dag. Fengu frí frá æfingum í gær og margir þeirra skoðuðu sig um á reiðhjólum. Upphafsleikur mótsins fer fram í dag þegar Rússar og Sádi-Arabar mætast á Luzhniki-vellinum.**

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er á faraldsfæti í dag. Liðið fer til Moskvu, höfuðborgar Rússlands, þar sem fyrsti leikur þess á heimsmeistaramótinu gegn Argentínu fer fram um helgina. Strákarnir okkar hafa eytt undanförnum dögum í æfingabúðum í bænum Kabardinka við Svartahaf en þangað komu strákarnir að kvöldi til á laugardaginn var. Fyrsta æfingin var opin og mættu um 2.000 Rússar á öllum aldri á hana en svo tóku við tveir æfingadagar þar sem strákarnir tóku vel á því.

Landsliðsmennirnir fengu svo frí frá æfingum í gær þar sem sumir leikmenn nýttu tímann til að skoða bæinn. Skelltu nokkrir leikmenn sér í hjólareiðatúr um bæinn með ís í hendi eins og sést á myndinni sem fylgir fréttinni. Munu þeir snúa aftur á æfingasvæðið í Kabardinka í dag og taka æfingu fyrir luktum dyrum áður en þeir halda til Moskvu síðdegis að rússneskum tíma. Er flogið með beinu flugi og áætlað að þeir lendi rétt fyrir kvöldmatarleytið í Moskvu eða um það bil þegar verið er að flauta upphafsleikinn á, milli gestgjafanna, Rússa, og Sádi-Arabíu, á þjóðarleikvangi Rússa, Luzhniki-vellinum.

Strákarnir okkar fá eina æfingu á leikvellinum þar sem leikurinn fer fram um helgina, Spartak Stadium sem rúmar 45.000 manns, á morgun og hýsir Spartak Moskvu í rússnesku deildinni. Að æfingunni lokinni mæta þjálfarinn, Heimir Hallgrímsson, og fyrirliðinn, Aron Einar Gunnarsson, á blaðamannafund. Laugardagur er svo leikdagur en þá mætir Ísland Lionel Messi, Sergio Agüero og hinum stórstjörnunum í argentínska liðinu. Argentínumenn, sem eru silfurverðlaunahafar frá síðasta HM, þurfa ekki að fara langt frá æfingabúðum sínum fyrir leikinn en þeir eru með aðsetur í Bronnitsy í úthverfi Moskvu.

Íslensku landsliðsmennirnir fá lítinn tíma til að spóka sig um í Moskvu og skoða merkilega staði en þeir fljúga aftur í æfingabúðirnar strax að leik loknum og hefja undirbúning fyrir leikinn gegn Nígeríu í Volgograd á föstudaginn eftir rúma viku.

kristinnpall@frettabladid.is



Sumir strákanna nýttu fríið í gær fyrir hjólreiðatúr. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Risaskjáir víða í Reykjavík

Leikirnir á HM verða sýndir á risaskjáum víða um borg. Í frétt á vef Reykjavíkurborgar segir að allir leikirnir verði sýndir á HM-torginu við Ingólfstorg en þegar Íslendingar keppa verður einnig risaskjár í Hljómskálagarðinum. Ísland mætir Argentínu laugardaginn 16. júní, Nígeríumönnum föstudaginn 22. júní og Króötum þriðjudaginn 26. júní.

Auk HM torgsins og Hljómskálagarðsins verða leikir mótsins einnig sýndir á BOX í Skeifunni, nýjum matarmarkaði. Í Vesturbænum verður risaskjár á flötinni austan við Vesturbæjarlaugina og mögulega hafa fleiri fótboltaáhugamenn boðið á leiki í sínum hverfum. Að lokum bjóða veitingastaðir um alla borg til HM-veislu.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
HÚSASMIÐJAN
ALVÖRU TILBOÐ
Skoðaðu ótrúleg tilboð
í Húsasmiðjublaðinu
á husa.is
HM veisla
HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar
ICELAND
WORLD CUP 2018
Stjúpur, 10 stk.
999kr
Allt fyrir
garðinn
Sjáðu
verðið!
IKRA
mogatec
15.995kr
Sláttuvél
Rafmagnssláttuvél, 1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðastillingar, 25-65 cm, eitt handtak, 35 ltr., safnari.
5085136
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.
2.790kr
3.490 kr
Hortensía í 13 cm potti
Hortensia í 13cm potti. Garðplanta sem kemur í ýmsum litum.
11261388
Sjáðu
verðið!
Margarita
999kr
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
3 ltr
HM TILBOÐ
1.995kr
2.495 kr
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37
BLACK+
DECKER
HM TILBOÐ
4.995kr
6.995 kr
Rafmagnsorf
GL310
300W, sláttu-
breidd 25 cm.
5083661
29%
afsláttur
OUTBACK
HM TILBOÐ
25.990kr
36.990 kr
Gasgrill
3000393
25%
afsláttur
af ÖLLUM
hreinlætistækjum
HM TILBOÐ
10.240kr
13.655 kr
Handlaugartæki
Grohe Start.
7910800
GROHE
31%
afsláttur
Nilfisk
HM TILBOÐ
21.995kr
31.995 kr
Háþrýstidæla C130. 1-8 X-TRA
130 bör, 1,6kW, 460 ltr./klst. 8 m háþrýstislanga, sjálfvirk gangsetning og stöðvun, á hjóli.
Click & Clean kerfi.
5254225
25%
afsláttur
HM TILBOÐ
2.760kr
3.690 kr
Garðstóll
Með álgrind.
3899582
HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar
Áfram Ísland

# 84 milljónir veittar í prestsþjónustu á Landspítalanum í fyrra

**TRÚMÁL** Landspítalinn varði 84 milljónum króna í laun, launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað presta og djákna við spítalann á síðasta ári. Níu prestar eða djáknar eru starfandi við Landspítalann og sinna sálgæslu við spítalann. Aðeins prestlærðir einstaklingar innan hinnar íslensku þjóðkirkju eru starfandi við spítalann. Aðrir trúarsöfnuðir taka ekki gjald fyrir þjónustu sem þessa.

Fram kemur í skriflegu svari Önnu Sigrúnar Baldursdóttur, aðstoðarmanns forstjóra Landspítalans, að 6,5 stöðugildi presta og djákna séu við spítalann sem skipti með sér sólarhringsþjónustu allan ársins hring. „Meginverkefni þessara starfsmanna snúa að sálgæslu og var heildarkostnaður 83,9 milljónir króna á síðasta ári.“

Við sjúkrahúsið á Akureyri er einnig starfandi prestur í 75 prósent starfshlutfalli sem sinnir sálgæslu við spítalann.

Þegar óskað er eftir því að sjúklingar fái til sín presta eða trúarleiðtoga frá öðrum söfnuðum á Íslandi virðist það vera spítölunum, bæði á Akureyri og í Reykjavík, að kostnaðarlausu. Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, segir sig ekki reka minni til þess að hafa fengið rukkun fyrir sálgæslu annarra trúarsafnaða og taldi öruggt að ef svo væri, væri kostnaðurinn alls ekki íþyngjandi fyrir spítalann. Að sama skapi hefur það aukist upp á síðkastið, samkvæmt LSH, að pólskir sjúklingar óski sálgæslu frá kaþólsku kirkjunni. Innan þeirra trúarbragða er þjónustan veitt án þess að sjúkrahús landsins þurfi að reiða fram fé.

Um 100 þúsund einstaklingar standa nú utan hinnar íslensku þjóðkirkju og hefur þeim fækkað jafnt og þétt á síðustu árum sem vilja vera í þjóðkirkjunni. **– sa**



**Prestar og djáknar eru hluti af geðsviði spítalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í flaki Minden.** MYND/AMS

## Vilja undanþágu fyrir Mindenleit

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Umhverfisstofnun hafnaði ósk breska fyrirtækisins Advanced Marine Services um framlengingu á starfsleyfi til að fjarlægja peningaskáp úr flaki þýska togarans SS Minden.

AMS varð frá að hverfa í miðjum klíðum í fyrrahaust og síðan rann starfsleyfi sem það hafði frá Umhverfisstofnun út 30. apríl í vor. Stofnunin sagði ekki heimilt að framlengja leyfið en benti AMS á að hægt væri að sækja um nýtt starfsleyfi eða þá óska eftir undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Fyrirtækið valdi síðari kostinn og er umsókn þess nú til meðferðar í ráðuneytinu. **– gar**

## Kennarar skora á ráðherra

**MENNTUN** Stjórn Félags framhaldsskólakennara skorar á Lilju Alfreðsdóttur að tryggja kennurum með leyfi til kennslu í framhaldsskóla jafnframt full réttindi til kennslu í 8.-10. bekk grunnskóla. Þetta geti ráðherra gert með því að útfæra 21. grein laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Greinin fjallar um gildissvið leyfisbréfa og útgáfu þeirra.

Að sama skapi verði kennara, með leyfisbréf sem grunnskólakennari og hefur lokið minnst 120 námseininga sérmenntun í kennslugrein til kennslu á sérsviði sínu, heimilt að kenna í byrjunaráföngum framhaldsskóla. **– jhh**

# Niðurlægður í Krónunni og krefst betra aðgengis að salerni

**Karlmaður varð fyrir þeirri ömurlegu og niðurlægjandi lífsreynslu að kúka á sig eftir að starfsfólk Krónunnar meinaði honum notkun á salerni verslunarinnar. Maðurinn glímir við svæsinn meltingarfærasjúkdóm. Hann vill að stjórnvöld gefi út skírteini fyrir fólk í slíkri aðstöðu sem veiti því forgang á salerni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Karlmaður með sjúkdóminn sáraristilbólgu (e. colitis) kallar eftir því að stjórnvöld útbúi skírteini fyrir þá sem glíma við hann eða sambærilega kvilla. Skírteinið myndi veita sjúklingum forgang á salerni hvar sem þeir eru staddir. Maðurinn lenti í því í vikunni að kúka á sig eftir að starfsfólk Krónunnar í Nóatúni neitaði honum um aðgang að salerni í húsinu.

„Þetta var eins niðurlægjandi og það getur orðið. Þegar svona gerist verður maður alveg pínulítill,“ segir maðurinn við Fréttablaðið en í ljósi atvika málsins kaus hann að segja ekki frá atvikinu undir nafni.

Einkenni sáraristilbólgu og Crohn's sjúkdómsins eru um margt lík. Sjúkdómarnir eru langvinnir og herja yfirleitt á neðri hluta þarmanna og ristilsins. Einkennin eru tíðar og óvæntar salernisferðir. Oft valda bólgurnar blæðingum og því vill vallgangurinn oft verða blandaður blóði. Í alvarlegustu tilfellunum skilar líkaminn nær eingöngu blóði af sér. Sjúkdómarnir eru ólæknandi en möguleiki getur verið að draga úr einkennum með breyttu mataræði.

„Sem stendur er ég meðhöndlaður með sex tegundum lyfja sem halda þessu örlítið í skefjum. Þegar ég var sem verstur var ég að fara á klósettið upp undir tuttugu sinnum á dag. Blóð og alls konar viðbjóður fylgdi þessu,“ segir maðurinn. Það sem hafi verkað best á hann sé hampolía en hún sé ólögleg hér á landi. Þau skipti sem hann hafi reynt að útvega sér slíka hafi sendingarnar verið stöðvaðar af tollyfirvöldum.




**Fréttablaðið hafði samband við framkvæmdastjóra Krónunnar en fékk ekki svör.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

> Þetta var eins niðurlægjandi og það getur orðið. Þegar svona gerist verður maður alveg pínulítill.
>
> Karlmaður með sáraristilbólgur

Hann segir sögu sína ekki vera einsdæmi. Fleiri en hann hafi lent í því að verða brátt í brók á almannafæri eða í verslun. Í einhverjum tilfellum hafi umráðamenn salerna neitað fólki um notkun þeirra og þá sé lítið að því gera. Náttúran og sjúkdómurinn hafi sinn gang.

„Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem ég hef lent í sambærilegum aðstæðum. Niðurlægingin og reiðin er slík að maður krypplast eiginlega. En hlutirnir lagast ekki nema þeir séu ræddir svo það verður einhver að taka það á sig,“ segir maðurinn.

Að sögn mannsins eru samtök þeirra sem sambærilega sjúkdóma hafa frekar máttlaus. Flestir starfi þar í sjálfboðavinnu.

„Í Bretlandi hefur sú leið verið farin að prenta út skírteini fyrir fólk í þessari aðstöðu. Skírteinið veitir því í raun forgang á salerni og biður umráðamann þeirra, til að mynda í verslunum, vinsamlegast um að hleypa viðkomandi á klósettið. Það ætti ekki að vera mikið mál að framkvæma slíkt hér á landi,“ segir maðurinn. **joli@frettabladid.is**

MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ
FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.
ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)
FIAT
ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16


SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR
SUZUKI
Way of Life!
SUMAR SPRENGJA SUZUKI!
VIÐ ENDURTÖKUM LEIKINN!
ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND FYRIR GAMLA BÍLINN.
ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI
OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á GLÆSILEGUM, NOTUÐUM GRAND VITARA
GRAND VITARA
EKKI MISSA AF ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI!
TILBOÐIÐ RENNUR ÚT 30. JÚNÍ!
Eigum fjölbreytt úrval af notuðum Grand Vitara, bjóðum hagstæð lánakjör. Tilboðið gildir til 30. júní 2018.
Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.
TRAUST UMBOÐ Í 29 ÁR
SUZUKI
FLUTT MEÐ EIMSKIP
Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ



1 Handtekinn af lögreglu og sérsveit fyrir utan Garðheima

2 Tuttugu mánuðir fyrir nauðgun á Þjóðhátíð

3 Ómissandi öpp fyrir HM-fara í Rússlandi

4 Áfengiskaup og fimm milljónir í lögfræðinga í apríl og maí

5 Sextíu ríkisstofnanir hafa greitt dráttarvexti á árinu

## Tolli skipaður formaður

**STJÓRNSÝSLA** Tolli Morthens listmálari hefur verið skipaður formaður starfshóps um bættar félagslegar aðstæður einstaklinga sem lokið hafa afplánun í fangelsi. Félagsmálaráðherra skipaði í hópinn.

Aðrir fulltrúar í hópnum voru tilnefndir af ráðuneytum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Afstöðu, félagi fanga, Fangelsismálastofnunar og Vinnumálastofnunar. – **aá**

# Ítarlegri sáttmáli en gerður var eftir kosningarnar árið 2014

**Borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins segir sáttmála meirihlutans í Reykjavík ekki vera í líkingu við það sem lofað var í kosningabaráttunni. Nýkjörinn borgarfulltrúi Viðreisnar segist ánægður með sérstakan kafla sem fjallar um atvinnumál.**

**STJÓRNMÁL** Samstarfssáttmáli Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og VG sem undirritaðar var við Breiðholtslaug á þriðjudaginn er mun lengri og ítarlegri en sá sem meirihlutinn sem tók við 2014 gerði með sér. Umhverfismál, jafnréttismál, lýðræði, þjónusta borgarinnar, húsnæðismál og Borgarlína verða meginatriði hjá nýjum meirihluta. Fulltrúar minnihlutans telja sáttmálann óskýran og loðinn.

Pawel Bartoszek, nýkjörinn borgarfulltrúi Viðreisnar, segist mjög sáttur við þær auknu áherslur á atvinnumálin sem birtast í þessum sáttmála.

„Sérstakur kafli er um atvinnumál, við lögðum áherslu á lækkun fasteignaskatts fyrir kosningar, sem nú verður að veruleika á kjörtímabilinu. Við viljum gera borgina samkeppnishæfari.“

Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna, segir að þegar fjórir flokkar koma saman séu allir með sínar áherslur og enginn fái allt. Vinstri græn lögðu mikla áherslu á velferðarmálin, mennta- og umhverfismálin sem nú verði gert hærra undir höfði en áður. „Ég er gríðarlega sátt við að áherslur Vinstri grænna um að hækka laun kvennastétta, eyða sárri fátækt og móta kjarastefnu náðu fram að ganga. Þá erum við líka að létta fjárhagslegar byrðar á fjölskyldum barna.“

Eyþór Arnalds, borgarfulltrúi og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir sáttamálann vera um óbreytt ástand og boðar öflugt aðhald í minnihluta. „Ég er búinn að renna í gegnum samninginn. Þar er ekki mikið af skýrum markmiðum, þetta er frekar loðið og virðist eiga að gerast á næsta kjörtímabili frekar en þessu. Það er ýmislegt sem á að taka gildi annaðhvort í lok kjörtímabils eða samhliða einhverju sem ekki er í hendi.“

Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalistaflokks Íslands í Reykjavík, telur samninginn mikil vonbrigði og finnst þetta ekki einu sinni vera brauðmolar til hinna verst settu.

„Við sjáum að það er ekkert í þessum sáttmála í líkingu við það sem kosningabaráttan snerist um, 500 félagslegar íbúðir eru allt of lítið þegar nánast helmingi fleiri eru á biðlista. Það er allt of mikið talað um að stefna að einhverju, allt of fá atriði sem hægt er að leggja almennilega mat á.“ – **tg**



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri smellti mynd af Líf Magneudóttur, fráfarandi forseta borgarstjórnar, og Dóru Björt Guðjónsdóttur, verðandi forseta borgarstjórnar, þegar nýi meirihlutinn var kynntur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Þetta má finna í sáttmálanum

- Frá og með áramótum 2019 munu barnafjölskyldur einungis borga námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Það þýðir t.d. að námsgjöld verða gjaldfrjáls fyrir annað barn. Áður var veittur 75% afsláttur fyrir annað barn.
- Lækka á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% fyrir lok kjörtímabilsins. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis fyrir árið 2019 hækkar um 16,6% í Reykjavík. Miðað við þessi áform meirihlutans myndu fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði hækka um 13% í stað 16,6%.
- Meirihlutinn hyggst fjölga félagslegum íbúðum um 500 á kjörtímabilinu, áætluð þörf fyrir fjölgun félagslegra íbúða samkvæmt Reykjavíkurborg er 625 íbúðir á tímabilinu 2015 til 2034. Fjöldi félagslegra almennra leiguíbúða í eigu Félagsbústaða er 1.975.
- Tryggja á rekstraröryggi flugvallarins meðan unnið er að undirbúningi nýs flugvallar. Aðalskipulagi Vatnsmýrarinnar verður breytt og lokun flugvallarins seinkað þegar samningar hafa náðst við ríkið um borgarlínu sem styður við nauðsynlega uppbyggingu á Ártúnshöfða, í Elliðavogi, á Keldum og í Keldnaholti.
- Helstu ráðum Reykjavíkurborgar fækkar úr 7 í 6.
- Laugavegurinn verður göngugata allt árið.
- Fjölga á sértækum búsetuúrræðum um að minnsta kosti 100.

> **Það er ýmislegt sem á að taka gildi annaðhvort í lok kjörtímabils eða samhliða einhverju sem ekki er í hendi.**
>
> Eyþór Arnalds borgarfulltrúi

# Segir hættuna felast í lágum launum en ekki launahækkunum

**EFNAHAGSMÁL** „Því hefur verið haldið fram of lengi af fylgismönnum nýklassískrar hagfræði og nýfrjálshyggju að laun séu fyrst og fremst kostnaður og að launahækkanir séu hættulegar. Hættan felst aftur á móti í lágum launum því þau leiða til lítillar eftirspurnar.“ Þetta segir breski hagfræðingurinn Özlem Onaran sem er prófessor við Greenwich-háskóla í London. Hún hélt erindi á vegum Eflingar á dögunum en yfirskrift fundarins var „Hagþróun á forsendum jöfnuðar og hlutverk verkalýðsfélaga“.

Onaran bendir á að hlutfall launa af landsframleiðslu hafi farið minnkandi á heimsvísu undanfarin ár, einnig á Íslandi. Afleiðing þess sé aukinn ójöfnuður og óstöðugt efnahagskerfi. „Við höfum áhyggjur af þessari þróun út frá sjónarmiðum um sanngirni. Það er hægt að snúa þróuninni við og rannsóknir okkar leiða í ljós að með því að auka hlut launa af landsframleiðslu aukum við kaupmátt heimila.“

Onaran segir þann hugsunarhátt skiljanlegan að hækkun launakostnaðar leiði til minni hagnaðar og fjárfestinga. Það sé hins vegar rangt þar sem aukin neysla þýði meiri viðskipti sem aftur hvetji til aukinna fjárfestinga og aukins hagvaxtar.

Onaran leggur mikla áherslu á að það þurfi að hækka laun hinna lægst launuðu, sérstaklega í þjónustustörfum. „Hækkun launa í þjónustustörfum er fjárfesting í félagslegum innviðum. Stjórnvöldum hættir til að líta frekar til innviða eins og samgöngukerfisins en það er líka mikilvægt að fjárfesta í fólki.“ Hún segir þetta líka tækifæri til að ráðast gegn kynbundnum launamun og minni atvinnuþátttöku kvenna.

„Verkalýðsfélögin gegna síðan lykilhlutverki í því að minna stjórnvöld á að þau eigi að hugsa um heildarmyndina sem hagnaðardrifin fyrirtæki gera kannski ekki. Verkalýðsfélögin eiga að gera kröfur um hærri laun, ekki bara á grundvelli sanngirnissjónarmiða, heldur líka á grundvelli þess að það leiði til efnahagslegs stöðugleika.“

Aðspurð segir Onaran að þrátt fyrir valdamikla andstæðinga séu þessar hugmyndir sífellt að komast meira í umræðuna. Það sé að gerast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, G20 og OECD. Jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggi áherslu á opinberar fjárfestingar í innviðum, sérstaklega á tímum lágra vaxta. „Ég held að takmarkanir núverandi kerfis séu öllum augljósar en breytingarnar þurfa að gerast á vettvangi stjórnmálanna.“

Hún segist bjartsýn á að breytingar séu í nánd. „Ég hef talað fyrir breytingum á stefnumótun í efnahagsmálum og hef séð að fólk í Bretlandi hefur misst trú á nýfrjálshyggjuna. Ef þú gefur fólki valkost sem þjónar hagsmunum þess betur mun það fylkja liði á bak við hann. Þrátt fyrir allt það neikvæða sem við heyrum, til dæmis um Brexit, eru jákvæðar breytingar líka að eiga sér stað. Við finnum fyrir auknum stuðningi við breyttar áherslur í efnahagsmálunum.“

sighvatur@frettabladid.is



Hagfræðiprófessorinn Özlem Onaran segir að efnahagslífinu stafi hætta af lágum launum. Hærri laun leiði til aukins kaupmáttar og eftirspurnar. Hún segir sérstaklega mikilvægt að hækka lægstu laun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Verkalýðsfélögin gegna síðan lykilhlutverki í því að minna stjórnvöld á að þau eigi að hugsa um heildarmyndina.**




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Vildi stýra afhjúpun en var afþakkaður

**Upphafskona að söfnun fyrir steini á gröf flökkukonunnar Viggu gömlu segir afleysingaprest ekki hafa átt frumkvæði að söfnuninni líkt og hann gefi í skyn. Presturinn hafi viljað stýra málinu án þess að þess hafi verið óskað. Hann sé velkominn á afhjúpun á laugardaginn.**


Hér má sjá mynd af Viggu gömlu sem birtist í minningarbók um hana.

> Ég vil að það komi skýrt fram að séra Skírnir á engan þátt í að söfnunin fór af stað né hvernig henni var stjórnað. Ég hef heldur aldrei í okkar samtölum óskað eftir aðstoð hans.


Jóna Sigríður Jónsdóttir


Séra Skírnir Garðarsson, héraðsprestur á Suðurlandi.

**Steinn á gröf flökkukonunnar Viggu verður afhjúpaður á laugardaginn. Efnt var til söfnunar fyrir steininum og hafa ýmsir látið sig málið varða.**

**MENNING** Jóna Sigríður Jónsdóttir, upphafskona að söfnun fyrir legsteini á gröf förukonunnar Viggu gömlu, segir ekki rétt sem fram kom í máli séra Skírnis Garðarssonar í Fréttablaðinu í gær að ekki væri óskað nærveru hans við afhjúpun steinsins á laugardag.

Séra Skírnir var afleysingaprestur í Vík í Mýrdal nýliðinn vetur í fjarveru séra Haraldar Kristjánssonar og átti síðan að vera út sumarið líka samkvæmt nýlegri ákvörðun. Skírnir, sem er héraðsprestur á Suðurlandi og hleypur því í skarðið þar sem þörf er á, var hins vegar óvænt leystur undan skyldustörfum í Mýrdal á þriðjudag.

„Séra Skírnir sýndi söfnuninni fyrir legsteini strax í upphafi mikinn áhuga og hafði samband við mig og kom með tillögur að því hvernig athöfnin ætti að vera þegar þar að kæmi,“ segir Jóna. Presturinn hafi fylgst með framkvæmdinni af miklum áhuga og verið öðru hvoru í sambandi við hana. Skírnir hafi jafnvel útbúið fullmótaða dagskrá.

„Ég hef þakkað honum fyrir áhugann, en sagt honum að við sem stöndum að söfnuninni ætlum að stjórna ferðinni og ákveða hvernig athöfnin komi til með að verða.“

Jóna telur að séra Skírnir hafi látið í það skína í samtölum við Fréttablaðið að hann hafi átt frumkvæði að söfnuninni fyrir legsteininum.

„Ég vil að það komi skýrt fram að séra Skírnir á engan þátt í að söfnunin fór af stað né hvernig henni var stjórnað. Ég hef heldur aldrei í okkar samtölum óskað eftir aðstoð hans,“ undirstrikar Jóna. Hún segir að í vor hafi Skírnir hringt í hana og sagst á förum úr prestakallinu. „Hann gæti því ekki séð um athöfnina fyrir okkur. Það hafði reyndar heldur aldrei verið óskað.“

Þá segir Jóna að hún hafi ætlað að láta Skírni vita af tímasetningu athafnarinnar eins og hann hafi beðið um svo hann gæti verið viðstaddur. „Allir eru velkomnir á laugardaginn í Skeiðflatarkirkju og því alls ekki rétt sem hann segir, að nærveru hans sé ekki óskað,“ ítrekar hún.

Einnig gerir Jóna athugasemd við það að Skírnir segi málið hafa valdið usla meðal kirkjufólks. „Ég hef ekki orðið vör við neinn usla heldur þvert á móti hef ég einungis orðið vör við ánægju og gleði yfir að Vigga gamla fái nú loks minnisvarðann sinn.“ **gar@frettabladid.is**




# Urðuðu á lóð sinni í trássi við starfsleyfi

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur krafist þess að Loftorka hætti ólöglegri urðun á lóð sinni í Borgarbyggð. Við eftirgrennslan eftirlitsins kom urðunin í ljós og hefur fyrirtækið stöðvað urðun á svæðinu. Von er á því að fyrirtækið og heilbrigðiseftirlitið hittist á fundi með bæjaryfirvöldum í Borgarbyggð til að fara yfir málið.

Í lok apríl á þessu ári sendi framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins bréf til fyrirtækisins þar sem bent var á að ef fyrirtækið hætti ekki urðun á lóð sinni myndi þvingunaraðgerðum verða beitt gegn því. Málið var tekið fyrir á síðasta fundi eftirlitsins en starfsleyfi fyrirtækisins er háð ströngum skilyrðum.

„Þeir voru að urða steypurör og fleira. Það er klárt að það var ekki í samræmi við starfsleyfi. Fyrirtækið taldi sig hafa haft leyfi frá bæjaryfirvöldum og höfum við því óskað eftir fundi með Borgarbyggð til að fara yfir málið,“ segir Helgi Helgason, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins. „Á meðan beðið er fundarins hefur fyrirtækið stöðvað urðunina. Það er mikilvægt að mál sem þessi séu á hreinu og að virða beri starfsleyfi sem er í gildi. Þar kemur skýrt fram að urðun er ekki heimil á lóð þeirra.“ **– sa**

# Axlar sína ábyrgð á óstjórn með afsögn

**STJÓRNSÝSLA** „Þessi framúrkeyrsla gerist á minni vakt þannig að eðlilegt er að ég axli mína ábyrgð og hætti,“ segir Ármann Höskuldsson, fyrrverandi stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs, sem steig til hliðar samhliða nýbirtri úttekt Capacent á rekstri þjóðgarðsins.


Ármann Höskuldsson.

Umhverfisráðuneytið fyrirskipaði í ársbyrjun óháða úttekt á fjárreiðum og rekstri þjóðgarðsins vegna fyrirséðrar framúrkeyrslu frá samþykktri rekstraráætlun síðasta árs, líkt og Fréttablaðið greindi frá í byrjun febrúar. Niðurstaða Capacent var að framúrkeyrsla hafi numið 190 milljónum króna svo fátt eitt sé nefnt.

Skýrslan er svört, ekki aðeins um rekstur þjóðgarðsins heldur um æðstu stjórnendur hans, stjórnarformanninn og Þórð H. Ólafsson framkvæmdastjóra, sem sagt var upp í ljósi niðurstöðu skýrslunnar. Nokkur hluti hennar er enda helgaður umfjöllun um trúnaðarbrest þeirra á milli sem virðist hafa litað starfsemi og samskiptaörðugleika í rekstri þjóðgarðsins um nokkra hríð og leitt hafi til óreiðu og óstjórnar.

Ármann kveðst ekki ætla að tjá sig um þá gagnrýni sem fram komi í skýrslunni öðruvísi en að axla ábyrgð með því að segja upp.

„Núna er ég bara hættur, get fengið frið frá þessu enda hefur verið nóg um læti undanfarið og það er svo sitjandi stjórnar og þeirra sem taka við að leysa úr málinu.“

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um hefur logað í illdeilum innan stjórnarinnar og áheyrnarfulltrúi Samtaka útivistarfélaga gagnrýnt að stjórnin væri nær óstarfhæf vegna vandamála. **– smj**




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. júní** eða meðan birgðir endast.

# Ráðherra skipar framtíðarnefnd

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur ákveðið að skipa þverpólitíska framtíðarnefnd, sem meðal annars er ætlað að fjalla um helstu áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga og hinnar svokölluðu fjórðu iðnbyltingar.



**Katrín Jakobsdóttir.**

Nefndin á að fjalla um áhrif langtímabreytinga á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegra breytinga og þeirra hröðu umskipta sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni og tæknibreytingum.

Nefndinni er ætlað að skila greinargerð um störf sín til forsætisráðherra árlega sem mun upplýsa Alþingi um störf nefndarinnar. **– jhh**

# Milljónir fara í dráttarvexti

**STJÓRNSÝSLA** Stofnanir ríkisins hafa samanlagt greitt 1,7 milljónir króna í dráttarvexti síðan um áramót. Ríkiseignir hafa greitt hæstu upphæðina, eða rétt tæplega 350 þúsund krónur. Hefur stofnunin í um 150 skipti greitt dráttarvexti í ár.

HÍ er í öðru sæti með 143 þúsund krónur í dráttarvexti og Matvælastofnun hefur greitt tæplega 110 þúsund krónur á árinu. **– bg**

# Ýmsir uggandi yfir framtíð Iðnó

**Iðnó er enn lokað eftir upp komst að staðurinn væri rekinn án rekstrarleyfis. Lista- og menningarfólk sem hefur verið viðriðið Iðnó í fleiri ár hefur lýst áhyggjum sínum við Fréttablaðið yfir ástandinu í Iðnó.**

**MENNING** Inga Bjarnason leikstjóri hefur áhyggjur af ástandinu í Iðnó og hefur ákveðið að færa sig yfir í Tjarnarbíó. „Þetta er sorglegra en tárum taki,“ segir Inga en Iðnó hefur verið lokað frá því í byrjun júní. Iðnó var synjað um rekstrarleyfi í lok maí, vegna neikvæðra umsagna frá borginni og tengdist það meðal annars því að staðurinn uppfyllti ekki ákveðin öryggisskilyrði. Slökkviliðið og byggingarfulltrúi gerðu síðan úttekt í síðustu viku og voru niðurstöður aftur neikvæðar.

Inga hefur flutt sínar stærstu sýningar í Iðnó í yfir 20 ár, stórar klassískar sýningar ásamt því að hafa stofnað barnaleikhús sem hefur átt heimili í Iðnó í fleiri ár. „Mér var sagt að þetta yrði rekið með sama móti og áður, þegar Margrét Rósa Einarsdóttir sá um rekstur. Ég lét á það reyna og var með sýningu um jólin. Eftir þá reynslu sá ég mig knúna til að færa mig yfir í Tjarnarbíó,“ segir Inga. Margrét Rósa Einarsdóttir rak Iðnó í um 16 ár þar til nýir rekstraraðilar gerðu samning við Reykjavíkurborg á síðasta ári.

„Mér leist ekki á hvernig vinnubrögðum var háttað þarna. Húsið er illa hirt og það er búið að nýta búningsherbergin, sem hafa verið þarna í yfir 100 ár, í geymslur. Ég get ekki séð að það sé nein hugsun þarna í þágu menningar. Þetta virkar eins og félagsheimili fyrir ferðamenn. Þetta er ekki sama húsið.“ Hún setur spurningarmerki við það hvers vegna hafi verið ákveðið að umturna starfi sem stóð í blóma.




**Inga hefur verið með stærstu sýningarnar í Iðnó í 20 ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

> **Húsið er illa hirt og það er búið að nýta búningsherbergin, sem hafa verið þarna í yfir 100 ár, í geymslur.**
>
> Inga Bjarnason leikstjóri

Þórunn Guðmundsdóttir tekur í sama streng og segir það afar leiðinlegt að Iðnó hafi þurft að skella í lás. „Þessir menn sem reka Iðnó eru nú afskaplega indælir og þægilegir í alla staði en það virðist vera lítil þekking til staðar á því hvernig leikhúsi er háttað. Það er varla hægt að setja neitt þarna upp lengur og búningsherbergin eru nýtt í annað,“ segir Þórunn Guðmundsdóttir tónlistarkona en hún hefur meðal annars sett upp óperur í Iðnó. „Mér finnst það sorglegt að þetta fallega leikhús borgarinnar sé notað í eitthvað annað. Það hafa verið gerðar afskaplega miklar breytingar á starfseminni. Áherslan er greinilega lögð á annað en leikhús.“

**gunnthorunn@frettabladid.is**

## Unnið að umbótum

René Boonekamp, rekstraraðili Iðnó, segir að nú sé unnið að umbótum til þess að uppfylla öryggisskilyrði fyrir rekstrarleyfi. „Við höfum næstum því góðar fréttir. Við erum að laga ákveðna hluti svo að við getum fengið nýtt rekstrarleyfi,“ segir Boonekamp og er bjartsýnn. Aðspurður hvort Iðnó verði opnað í sumar svarar hann því játandi en veit þó ekki nákvæmlega hvenær það verður. „Fallegur staður eins og þessi á ekki að vera lokaður. Við vonumst eftir því að geta opnað sem fyrst.“ Reykjavíkurborg náði ekki að svara fyrirspurnum um stöðu mála hjá Iðnó og hvenær dyrnar yrðu opnaðar á ný áður en blaðið fór í prentun.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.JEEP.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST

NÓI SÍRÍUS




# Tryggðu þér nýju Síríus könnuna

Kauptu tvo pakka af Síríus konsum súkkulaði
og fáðu nýju Nóa Síríus könnuna í kaupbæti.

## Mesta orrusta stríðsins í Jemen

**JEMEN** Ríkisstjórn Jemens og bandalag arabaríkja undir stjórn Sádi-Arabíu gerðu í gær árás á hafnarborgina Hodeidah. Uppreisnarmennirnir Hútar hafa farið með völdin í borginni undanfarið en þar er að finna stærstu höfn ríkisins. Árásin hófst eftir að þriggja daga frestur, sem Sameinuðu arabísku furstadæmin settu Hútum um að yfirgefa borgina, rann út.

Samkvæmt heimildum Reuters voru Hútar skjótir að vígbúast. Sendu þeir hergögn og hermenn inn í miðborgina og í kringum höfnina á meðan sprengjur féllu á borgina úr flugvélum og herskipum.

Einn talsmanna hernaðarbandalags Sádi-Araba sagði að 21.000 hermenn bandalagsríkja væru nú umhverfis borgina. Á meðal þeirra væru Sádi-Arabar, hermenn Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Súdanar og Jemenar.

**21.000**

**hermenn bandalagsríkja eru sagðir vera umhverfis Jemen.**

Sádi-Arabar hafa sakað uppreisnarmennina um að smygla inn vopnum frá Íran í gegnum höfnina. Því hafa bæði Íranar og Hútar neitað. Með því að taka borgina telur bandalagið sig geta brotið Húta á bak aftur og neytt þá að samningaborðinu.

En burtséð frá vopnum þá kemur stærstur hluti hjálpargagna alþjóðlegra samtaka, til að mynda CARE International, til landsins í gegnum borgina. Hafa slík samtök því varað við því að vont ástand versni enn frekar nú þegar barist er um borgina. 8,4 milljónir Jemena eru á barmi hungursneyðar nú þegar.

Jolien Veldvijk, stjórnandi CARE International í Jemen, sagði við Reuters í gær að þrjátíu loftárásir hefðu verið gerðar á hálftíma í gær. „Margir eru innlyksa, öðrum hefur verið hent út af heimilum sínum. Við héldum að ástandið gæti ekki versnað en því miður reyndist það rangt.“ – **þea**

# Norðurkóreskir miðlar segja að þvingunum verði aflétt

**Ríkisdagblað Norður-Kóreu segir frá fundi Donalds Trump og Kim Jong-un í hástemmdri og gagnrýnislausri umfjöllun. Miðillinn í mótsögn við Bandaríkjaforseta þegar kemur að aflléttingu viðskiptaþvingana. Bandaríkjaforseti segir þó fundinn með leiðtoga Norður-Kóreu hafa verið áhugaverðan og jákvæða reynslu.**

**NORÐUR-KÓREA** Rodong Sinmun, ríkisdagblað Norður-Kóreu, fjallaði í gær ítarlega um leiðtogafund Donalds Trump Bandaríkjaforseta og einræðisherrans Kim Jong-un sem fram fór í Singapúr degi fyrr. Umfjöllunin var löng og vel myndskreytt.

„Kim Jong-un lét þau merkingarþrungnu ummæli falla að fortíðin héldi fast um ökkla þeirra, fordómar héldu fyrir augu þeirra og eyru. En að þeir hefðu yfirstigið allar þessar hindranir og komið til Singapúr til að byrja upp á nýtt,“ sagði meðal annars í umfjölluninni, sem einnig birtist á vefsíðu ríkissjónvarpsins, KCNA.

Miðillinn sagði viðræðurnar hafa verið góðar. Leiðtogarnir hafi komið saman til að stíga fyrsta skrefið í átt að friði eftir um sjö áratuga illdeilur. Kim hafi svo tekið ljósmynd með Trump en samninganefndir ríkjanna hafi orðið eftir í Singapúr til að eiga í enn frekari viðræðum.

„Hann sagðist vera ánægður að setjast niður með Trump forseta og bandarísku sendinefndinni. Kim Jong-un hrósaði forsetanum í hástert fyrir vilja sinn og áhuga á því að leysa deiluna á raunhæfan hátt með viðræðum og samningum,“ sagði í Rodong Sinmun.

Efnislega var umfjöllunin nokkuð í takt við það sem birst hafði í miðlum víðs vegar um heim, þótt hún hafi reyndar verið hástemmdari og laus við alla gagnrýni á einræðisherrann. Hins vegar kom eftirfarandi efnisgrein nokkuð á óvart:

„Trump tjáði þá ætlun sína að hætta heræfingum með Suður-Kóreu, sem Lýðræðislega alþýðulýðveldið Kórea [Norður-Kórea] álítur ögrun, með tíð og tíma á meðan ríkin ræða saman, sem og að tryggja öryggi alþýðulýðveldisins og að aflétta viðskiptaþvingunum gegn því.“

Ekki var á neinn hátt kveðið á um viðskiptaþvinganir í plagginu sem Trump og Kim undirrituðu.

> **Kim Jong-un lét þau merkingarþrungnu ummæli falla að fortíðin héldi fast um ökkla þeirra, fordómar héldu fyrir augu þeirra og eyru. En að þeir hefðu yfirstigið allar þessar hindranir og komið til Singapúr til að byrja upp á nýtt.**
>
> Úr umfjöllun Rodong Sinmun

Á blaðamannafundi eftir leiðtogafundinn sagði Trump þó að á meðan unnið yrði að kjarnorkuafvopnun myndi þvingunum ekki verða aflétt.

Ljóst er að sú vinna mun taka langan tíma og ekki er enn öruggt að Norður-Kórea muni losa sig við kjarnorkusprengjur sínar. Orð Norður-Kóreumanna nú eru því í ákveðinni mótsögn við það sem Bandaríkjaforseti sagði, þar sem þvinganirnar eru, að sögn Trumps, ekki á útleið í náinni framtíð.

Við heimkomuna til Bandaríkjanna í gær opnaði Trump Twitter og sagði alla hafa gert ráð fyrir því að stríð við Norður-Kóreu væri í vændum áður en hann tók við embættinu. Barack Obama, fyrirrennari hans, hafi sagt, að Norður-Kórea væri stærsta og hættulegasta vandamálið. „Ekki lengur, sofið rótt í nótt,“ tísti Trump.

Forsetinn sagði jafnframt að öllum ætti að finnast þeir vera öruggari nú en þegar hann tók fyrst við völdum. „Nú stafar engin kjarnorkuógn af Norður-Kóreu. Fundurinn með Kim Jong-un var áhugaverður og jákvæð lífsreynsla. Framtíðarhorfur Norður-Kóreu eru góðar!“ **thorgnyr@frettabladid.is**





FORD KUGA TITANIUM S AWD

YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstурseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.




FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR
VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
5.190.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is




**20% afsláttur af öllum Hugo Boss vörum dagana 14.-20. júní**

*Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*


GERÐU GÓ
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kj
RENAULT KOLEOS
Zen, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 4.950.000 kr.
Listaverð: 5.490.000 kr.
ÞÚ SPARAR 540.000 kr.
HYUNDAI SANTA FE
Style, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 6.490.000 kr.
Listaverð: 7.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR 800.000 kr.
HYUNDAI i10
Style, bensín, beinskiptur.
Sérkjör: 1.947.000 kr.
Listaverð: 2.140.000 kr.
ÞÚ SPARAR 193.000 kr.
BMW 4 GRAN COUPE
Fjórhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 7.990.000 kr.
Listaverð: 9.780.000 kr.
ÞÚ SPARAR 1.790.000 kr.
NISSAN JUKE
Acenta, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 2.850.000 kr.
Listaverð: 3.150.000 kr.
ÞÚ SPARAR 300.000 kr.
Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og athugið að búnaður bíla á myndum kann að vera frábrugðinn auglýstu verði bíla.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is


Ð KAUP
örum á www.bl.is í sumar
KJARABÍLAR
ENGINN BIÐTÍMI!
TIL AFHENDINGAR
STRAX!
NISSAN NAVARA
Acenta+, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 6.090.000 kr.
Listaverð: 6.790.000 kr.
ÞÚ SPARAR 700.000 kr.
NAVARA
HYUNDAI i30 WAGON
Comfort, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 3.730.000 kr.
Listaverð: 4.090.000 kr.
ÞÚ SPARAR 360.000 kr.
RENAULT CLIO
Zen, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 2.290.000 kr.
Listaverð: 2.550.000 kr.
ÞÚ SPARAR 260.000 kr.
CLIO
SUBARU LEVORG
Premium, bensín, sjálfskiptur.
Sérkjör: 4.190.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 800.000 kr.
LEVORG
RENAULT MEGANE SP. TOURER
Bose, bensín, beinskiptur.
Sérkjör: 3.450.000 kr.
Listaverð: 3.790.000 kr.
ÞÚ SPARAR 340.000 kr.
MEGANE
Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.
ENNEMM / SÍA / NM88750
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Eftirlit með bönkum verði á einni hendi

**Starfshópur leggur til að ábyrgð á eftirliti með bönkum verði sameinað hjá Fjármálaeftirlitinu. Ekki sé skynsamlegt að eftirlit með lausu fé hjá bönkum sé á hendi Seðlabanka Íslands á meðan eftirlit með öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði sé annars staðar.**




Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi stóru viðskiptabankanna þriggja. Það eru Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfshópur, sem var falið að endurskoða löggjöf um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, leggur til að eftirlit með bönkum verði allt á hendi Fjármálaeftirlitsins (FME). Hópurinn segir núverandi fyrirkomulag, þar sem Seðlabankinn annast eftirlit með lausafjárstöðu banka en FME hefur eftirlit með eiginfjárstöðu þeirra, ekki þekkjast á meðal þeirra ríkja sem Ísland beri sig jafnan saman við og þá hafi Seðlabankinn jafnframt ekki sams konar úrræði og FME til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Niðurstöður starfshópsins, sem voru kynntar á fundi ríkisstjórnarinnar síðasta föstudag, eru ekki í samræmi við ráðleggingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur lagt til í skýrslum sínum að bankaeftirlit verði flutt til Seðlabanka Íslands. Í nýrri skýrslu nefndar um ramma peningastefnunnar, sem kom út í síðustu viku, var að sama skapi lagt til að ábyrgð yrði færð frá FME til Seðlabankans þannig að bankinn bæri einn ábyrgð á eftirliti með þjóðhagsvarúð og eindarvarúð.

Starfshópurinn, sem starfaði undir formennsku Jóhannesar Karls Sveinssonar, hæstaréttarlögmanns á Landslögum, telur á hinn bóginn ekki skynsamlegt að „kljúfa“ eftirlitið upp með þeim hætti að almennt eftirlit með fjármálafyrirtækjum verði flutt til Seðlabankans og eftirlit með öðrum fyrirtækjum, svo sem lífeyrissjóðum og tryggingafélögum, skilið eftir hjá Fjármálaeftirlitinu. „Með því myndi glatast yfirsýn yfir mikilvæga þætti auk þess sem það að skilja að bankaeftirlit og tryggingaeftirlit gæti leitt til þess að eftirlit með fjármálasamsteypum lenti á milli skips og bryggju,“ segir í skýrslu starfshópsins.

**Starfshópurinn telur ekki skynsamlegt að eftirlit með lausu fé hjá bönkum sé á hendi Seðlabankans á meðan eftirlit með öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði sé annars staðar.**

### Núverandi kerfi ófullkomið

Hópurinn segir ýmsa galla vera á núverandi fyrirkomulagi, þar sem Seðlabankinn fer með eftirlit með lausafjárstöðu banka en Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með eiginfjárstöðu þeirra, og telur að það væri til bóta að sameina eftirlitið undir einum hatti. Er meðal annars bent á að í lögum um Seðlabankann sé ekki að finna hefðbundin ákvæði um úrræði eftirlitsstofnana sem varða til dæmis fresti til úrbóta eða takmörkun starfsleyfis.

Þó er tekið fram í skýrslu starfshópsins að almennt séu talin rök með því að seðlabankar hafi fjármálaeftirlit innan sinna vébanda og að með því móti geti þeir sinnt hlutverki lánveitanda til þrautavara með ábyrgum og tryggum hætti. Á fundi hópsins með fulltrúum Seðlabankans kom einmitt fram sú afstaða bankans að eftirlitshlutverk hans með lausafjárstöðu banka væri nauðsynlegt svo hann gæti sinnt hlutverki sem „lánveitandi til lánastofnana sem taka við innlánum“. Með eftirlitinu fengi bankinn – með öðrum orðum – mikilvægar upplýsingar um bankana sem lántaka.

Á móti vegi þau rök að eftirlitshlutverkið fari ekki vel með hefðbundnu hlutverki sjálfstæðs seðlabanka. Ekki fari vel á því að „banki bankanna“ sinni jafnframt eftirliti og hafi agavald með viðskiptavinum sínum. Seðlabankar séu jafnframt í eðli sínu ekki eftirlitsstofnanir.

Er það mat hópsins að ekki sé „skynsamlegt með tilliti til yfirsýnar að almennt eftirlit með lausu fé hjá lánastofnunum sé á hendi Seðlabankans á meðan eftirlit með öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði sé annars staðar“. FME hafi auk þess skýrari almennar eftirlitsheimildir, heimildir til rannsókna og heimildir til beitingar þvingunarúrræða en Seðlabankinn.

Niðurstaða starfshópsins er þannig sú að eftirlit með lausu fé og fjármögnun banka, sem og annarra fjármálafyrirtækja, verði formlega á hendi Fjármálaeftirlitsins en ekki Seðlabankans.

Hins vegar telur hópurinn rétt að Seðlabankinn hafi – við ákveðnar kringumstæður – heimildir til þess að setja reglur um laust fé og stöðuga fjármögnun banka. Auk þess vill hópurinn að bankinn hafi „með skipulögðum hætti“ aðgang að öllum þeim gögnum sem FME aflar við eftirlit sitt.

### Sjálfstæði FME eflt

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sagst hafa áhyggjur af því að Fjármálaeftirlitið sé bitlaust og skorti sjálfstæði. Sem dæmi sagði í yfirlýsingu sendinefndar sjóðsins í fyrra að eftirlitið væri „ekki nógu einangrað frá stjórnmálum“. Til lausnar á þessu hefur sjóðurinn annars vegar lagt til að fjárhagslegt og rekstrarlegt sjálfstæði FME frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu verði tryggt og hins vegar að lausafjáreftirlit með bönkum verði sameinað öðru eftirliti með bönkum í Seðlabankanum.

Eins og áður segir leggur starfshópurinn ekki til að bankaeftirlit verði flutt til Seðlabankans en hins vegar tekur hann undir með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um mikilvægi þess að sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði eflt. Leggur hópurinn meðal annars til að eftirlitsstofnunin verði skilgreind sem sjálfstætt stjórnvald og að ráðherra hafi ekki aðra formlega aðkomu að starfsemi stofnunarinnar en að ganga frá skipun stjórnarmanna og við fjármögnun hennar.

**kristinningi@frettabladid.is**

# Hagnaður Iceland Travel dregst saman um 35%

**32**

**milljónir króna verða greiddar í arð.**

Hagnaður Iceland Travel, ferðaþjónustufyrirtækis í eigu Icelandair Group, dróst saman um 35 prósent og nam 335 þúsund evrum, jafnvirði 42 milljóna króna, á árinu 2017. Félagið hyggst greiða jafnvirði 32 milljóna króna í arð.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) dróst saman um 46 prósent á milli ára. EBITDA sem hlutfall af tekjum var 1,1 prósent í fyrra og lækkaði um 1,4 prósentustig á milli ára. Rekstrarkostnaður jókst um 29 prósent á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara, sem er langumfangsmesti kostnaðarliðurinn, jókst í 80,8 prósent af tekjum úr 78,3 prósentum á milli ára. Tekjur félagsins jukust um 27 prósent á milli ára og voru 105 milljónir evra, jafnvirði 13 milljarða króna í fyrra.

Eiginfjárhlutfall Iceland Travel var níu prósent við árslok. Lágt eiginfjárhlutfall leiddi til þess að arðsemi eigin fjár var 28 prósent. Hefði eiginfjárhlutfallið verið 30 prósent, sem er algengt á meðal íslenskra fyrirtækja, væri arðsemi eigin fjár níu prósent.

Icelandair Group er stór viðskiptavinur Iceland Travel. Um 21 prósent tekna fyrirtækisins renna til félaga innan samstæðunnar eða jafnvirði 2,8 milljarða króna. Hlutfallið lækkaði um 3 prósentustig á milli ára, samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi.

Upplýst var í haust að ákveðið hafi verið að slíta sameiningarviðræðum Iceland Travel og Allrahanda **– hvj**

# Ruglaðri ferill ef vaxtaferillinn er birtur

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að sér hugnist ekki sú tillaga nefndar um ramma peningastefnunnar að Seðlabankinn birti vaxtaspáferil sinn í því augnamiði að styrkja markaðsvæntingar. „Ég held það hefði skapað töluvert meiri vandamál ef við hefðum birt ferilinn. Það hefði bara ruglað umræðuna, engum til gagns,“ sagði hann á fundi í bankanum í gær.

Nefndin, sem birti niðurstöður sínar í síðustu viku, sagði að ein leið til þess að bæta væntingastjórnun Seðlabankans væri sú að hagfræðideild bankans myndi birta vaxtaspáferla sína sem liggja til grundvallar verðbólguspá hans. Slíkt gæti aukið gagnsæi í langtímavaxtastefnu bankans.

Í skýrslu nefndarinnar kom fram að margt benti til þess að styrkja þyrfti væntingastjórnun, auka gagnsæi við vaxtaákvarðanir og gefa betri framtíðarleiðbeiningar um setningu vaxta.

Már sagðist ekki vera þeirrar skoðunar að heppilegt væri að birt spáferla bankans. Hann benti á að vandinn við tillöguna væri sá að stýrivaxtaspáin væri gerð af starfsmönnum bankans, en hún væri hins vegar ekki spá peningastefnunefndarinnar.

„Og til þess að þetta yrði einhver marktæk framsýn leiðsögn þyrfti að útkljá það mál hverjir eru jafnvægisraunvextirnir. Það er mjög flókið úrlausnarefni,“ nefndi hann.

Aðspurður tók Már einnig fram á fundinum að sterk hagfræðileg rök væru fyrir því að hafa kostnað vegna húsnæðis inni í vísitölu sem notuð er við beitingu verðbólgumarkmiðs bankans. Hægt væri að taka húsnæðisliðinn út en það væri eins og að „henda barninu út með baðvatninu“. Ein af tillögum nefndarinnar var að verðbólgumarkmiðið undanskildi húsnæðisverð. **– kij**



Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

14. JÚN
OG
15. JÚN



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
1.-17. JÚN
2018

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# Hótel Reykjavík



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Myndun nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur er happafengur fyrir þá sem vilja umfram allt að Reykjavík breytist ekki í mengandi bílaborg. Það er yfirlýst markmið meirihlutans að setja gangandi og hjólandi vegfarendur í forgang. Hann hyggst styrkja almenningssamgöngur og hluti af þeirri áætlun er hin margumtalaða borgarlína, en andstaðan við hana var eitt af því furðulegasta í kosningabaráttunni. Gleðileg er síðan sú ákvörðun að gera Laugaveginn að göngugötu. Það mun auka sjarma miðborgarinnar til muna – og veitir sannarlega ekki af!

Þannig virðist hinn nýi meirihluti að mörgu leyti vera á réttri leið. Fyrrverandi meirihluti í borginni gerði reyndar margt ágætt en það var mikill ljóður á ráði hans að þótt hann vildi umfram allt forða því að Reykjavík yrði mengandi bílaborg þá virtist hann lítið sem ekkert vilja aðhafast til að koma í veg fyrir að hún yrði að hótelborg.

Miðborg Reykjavíkur á að vera aðlaðandi og þau sjarmerandi svæði sem þar finnast eiga að fá að standa óáreitt fyrir gráðugum peningamönnum sem fá dollaraglampa í augun ef þeir sjá auðan reit og þrá ekkert heitar en að planta þar niður hóteli.

Það þurfa ekki að vera hótel á nánast hverju einasta götuhorni í Reykjavík, en gamla meirihlutanum gekk afar illa að skilja það. En batnandi manni er best að lifa og nú hefur nýtt afl, Viðreisn, gengið til liðs við gamla meirihlutann. Vonandi gengur Viðreisn til þessa samstarfs með áherslur sem miða að því að vernda fallega reiti þannig að gráðugir verktakar og fjárfestar leggi ekki undir sig höfuðborgina í meiri mæli en þegar er orðið.

Nýjum meirihluta borgarstjórnar skal óskað velfarnaðar. Um leið er honum ráðlagt að tölta út úr Ráðhúsinu og fara í spássitúr um miðbæinn. Það væri til dæmis hægt að skoða Landssímareitinn og eiga þar hljóða stund þar sem hver og einn borgarfulltrúi myndi spyrja sig þeirrar samviskuspurningar hvort hann vilji að á þeim góða stað verði enn eitt hótelið, eins og áform eru um.

Margir hafa orðið til að gagnrýna þessi áform harðlega, meðal annars vegna þess að þarna er að finna Víkurgarð, hinn forna kirkjugarð Reykvíkinga, en hótelbygging á þessum stað mun þrengja verulega að honum og raska friðhelgi hans. Gagnrýnendur telja að Víkurgarð verði að vernda eins og kostur er og segja annað jafngilda stórslysi. Ætli meirihlutinn í borginni að gegna hlutverki sínu með sóma verður hann að bera einhverja virðingu fyrir sögulegri og menningarlegri arfleifð Reykjavíkur. Öðruvísi getur hann ekki borið höfuðið hátt. En jafnvel þótt öllum sögulegum rökum sé vísað á bug, þá myndi hótel á þessum stað vera skelfileg skemmdarstarfsemi. Reykvíkingar hafa ekkert að gera við borgarstjórn sem leggur blessun sína yfir eyðileggingu á þessum söguhelga stað í hjarta höfuðborgarinnar.

Nýr meirihluti má ekki loka sig inni í Ráðhúsinu. Hann verður að fara út og horfa í kringum sig. Það er ekki langt að fara.

**Vonandi gengur Viðreisn til þessa samstarfs með áherslur sem miða að því að vernda fallega reiti.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Breiðholtsmeirihluti miðborgarinnar**
**Nýr borgarstjórnarmeirihluti kynnti sjálfan sig til leiks á þriðjudaginn og valdi Breiðholtið til þess að boða borgarlínulaga fagnaðarerindi sitt. Athygli vekur þó að flestir borgarfulltrúarnir þurftu að ferðast nokkuð langt að heiman eins og Andrés Magnússon, blaðamaður og kosningaráðgjafi Sjálfstæðisflokksins, sýndi myndrænt á Facebook í gær. Af þeim sextán sem eru í framvarðarsveit meirihlutans búa sex í póstnúmeri 101 og tveir í 110, 107, 105 og 108 hverju fyrir sig. Þá státa póstnúmer 104 og 109 einum fulltrúa hvort.**

**Listrænt gjörningaveður**
**Myndir af berbrjósta konum á göngum þinghússins hafa vakið mikla athygli og umtal síðustu daga en helst á furðulegum forsendum. Þannig hefur Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni tekist meistaralega að snúa umræðunni um beru brjóstin upp í listrænan gjörning sem hverfist um hann sjálfan. Þá hefur kúgandi feðraveldið týnst í tryllingi yfir að ekki er hægt að birta fréttir um og myndir af gjörningnum á Facebook vegna teprulegra reglna á þeim bænum. Sá æsingur ber þó fyrst og fremst þeirri sorglegu staðreynd vitni að fólk lifir ekki í lífinu lengur, heldur á Facebook. Hinni einu og sönnu merkingarmiðju mannlegrar tilveru. thorarinn@frettabladid.is**

# Hverjir eignast Ísland?



Ágúst Ólafur Ágústsson
alþingismaður Samfylkingarinnar

Eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar, fyrir utan að fá stöðugan gjaldmiðil, er að fá alþjóðlega samkeppni fyrir neytendur á fjármálamarkaði. Ég held að það sé ekki langt í að við munum eiga kost á að vera í viðskiptum við Facebook-banka eða Google-banka og það er framtíðarsýn sem ég óttast ekki. Íslenskir neytendur eiga skilið að fá bestu mögulegu kjör á lánamarkaði en þeir eru langt frá því í dag. Mér er nokk sama hvers lenskur slíkur banki er. Allir Íslendingar þurfa að leita sér þjónustu fjármálafyrirtækja og skiptir því máli að það sé virk samkeppni þar. Fákeppni á þessum markaði, eins og á eldsneytis-, fjarskipta-, trygginga- og matvörumarkaði, veldur hærra verði en ella og er óhagkvæm. Fákeppni er í raun markaðsbrestur en hagfræðin kennir að við slíkar aðstæður getur ríkisvaldið gegnt mikilvægu hlutverki til að auka hagkvæmni.

Hins vegar hræða sporin þegar kemur að sölu eignarhluta ríkisins í bönkunum, sérstaklega með Sjálfstæðisflokkinn við borðsendann. Hugsanleg sala þarf að vera fullkomlega gagnsæ. En ég man þegar ég heyrði í innanbúðarmanneskju í fjármálakerfinu stuttu eftir hrunið sem sagði að sá sem eignast banka muni eignast Ísland. Ég vil ekki að einhver ein eða tvær klíkur eignist Ísland. Við fengum nóg af því fyrir hrun.

Annað sem er áhugavert varðandi fjármálaumhverfið er launaskriðið hjá fjármálafyrirtækjum. Hvenær var eiginlega ákveðið að launahæstu starfsmenn samfélagsins væru fólk í fjármálafyrirtækjum, fólk sem í eðli sínu er í þjónustustarfi fyrir viðskiptavini sína? Stjórnendur í fjármálakerfinu og jafnvel í ríkisbönkunum eru í sumum tilvikum orðnir að ríkasta fólki landsins, ríkari en kúnnar þessara sömu fjármálafyrirtækja. Það þarf ekki annað en að fletta í tekjulistum blaðanna til að sjá það. Bankar eiga að vera frekar íhaldssöm þjónustufyrirtæki fyrir neytendur og fyrirtæki þar sem góð kjör fyrir kúnnann eru í forgrunni en ekki yfirgengileg launakjör yfirmanna þessara sömu fjármálafyrirtækja.

**En ég man þegar ég heyrði í innanbúðarmanneskju í fjármálakerfinu stuttu eftir hrunið sem sagði að sá sem eignast banka muni eignast Ísland.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hver bað um kollsteypu?

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Vinur minn einn var ekki alls fyrir löngu orðaður við skipun í nefnd á vegum Alþingis. Sem væri varla í frásögur færandi nema fyrir þá sök að hann fékk í miðjum klíðum neyðarkall frá vinveittum þingmanni sem spurði hvort rétt væri að vinurinn hefði hvatt til vopnaðrar byltingar. Vopnaðrar byltingar? Nei, því var fljótsvarað. Sá sem spurði hafði orðið þess var að tilnefningu vinarins í nefndina kynni að vera andmælt eða hafnað á þessari upplognu byltingarforsendu.

Spurning þingmannsins vitnar um óheilbrigt andrúmsloft á Alþingi. Hverjir ætluðu að klína vopnuðum byltingarstimpli á saklausan borgara til að koma í veg fyrir að rödd hans heyrðist í nefnd á vegum Alþingis? Það voru líklega þeir sem hafa beinlínis beðið um byltingu eða réttar sagt: kallað yfir sig byltingu. Skoðum málið.

**Launahlutföll skipta máli**

Ég er ekki að skipta um umræðuefni þótt ég segi þetta næst: Það er ekki tilviljun að verðbólgumarkmið seðlabanka um allan heim er ekki núll heldur yfirleitt 2% til 3% á ári. Hófleg verðbólga er jafnan heppilegri en engin verðbólga. Það stafar af því að hófleg verðbólga býr til svigrúm til hóflegra breytinga á launakostnaðarhlutföllum á vinnumarkaði. Ef ytri aðstæður halla á tiltekinn atvinnuveg, þá lækkar raunverulegur kaupkostnaður fyrirtækja þar um 2% til 3% á ári ef útseld vara og þjónusta viðkomandi fyrirtækja hækkar í verði um 2% til 3% á ári í samræmi við almennt verðlag meðan launin standa í stað. Þannig komast fyrirtækin hjá að fækka fólki. Launþegar una því þar eð þeim sýnast allir sitja við sama borð.

Ef verðbólgu væri ekki til að dreifa væri staðan önnur. Þá myndu fyrirtæki þurfa að biðja launþega um að sætta sig við beina launaskerðingu um 2% til 3% til að komast hjá uppsögnum. Launþegar sætta sig yfirleitt ekki við beina kauplækkun m.a. af því að þeir treysta því ekki að eitt sé látið yfir alla ganga. Þannig getur hófleg verðbólga stillt til friðar á vinnumarkaði. Til þess er leikurinn gerður. Þannig getur mikil verðbólga einnig slitið sundur friðinn með því að raska launahlutföllum um of á þann hátt að sumum tekst betur en öðrum að laga laun sín að verðbólgunni eða lyfta þeim umfram verðbólguna.

**Sjálftökusveitir**

Nú er það samt ekki verðbólga sem virðist líklegust til að slíta sundur friðinn á vinnumarkaði hér heima heldur sú staðreynd að sumir hópar hafa tekið sér eða þegið kjarabætur langt umfram aðra. RÚV sagði frá því fyrir nokkru að bæjarstjórar Kópavogs og Garðabæjar eru betur launaðir en borgarstjórinn í Tókíó. Vinir þeirra í bæjarstjórnunum skammta þeim launin. Kjararáð hefur veitt hátekjuhópum sem vinna hjá ríkinu miklar kauphækkanir, sumar afturvirkar, og hækkaði t.d. laun þingmanna 2016 um 45% á einu bretti. Þessar ákvarðanir vöktu hörð viðbrögð, m.a. af hálfu verklýðsfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Kjararáð var þá lagt niður. Jón Þór Ólafsson alþm. og VR hafa kært Kjararáð fyrir meintar ólöglegar launahækkanir á ofurlaun.

Vandinn er ekki bundinn við sjálftökusveitir stjórnmálamanna. Meðallaun forstjóra fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöllinni voru á bilinu 3-8 mkr. á mánuði 2017 eða tæpar 5 mkr. að meðaltali. Meðalforstjórinn þiggur mánaðarlaun sem nema 17-földum lágmarkslaunum. Mánaðarlaun launahæsta forstjórans nema nærri 30-földum lágmarkslaunum. Hverjir ákveða þessi laun? Það gera forstjórarnir sjálfir enda sitja þeir margir í stjórnum fyrirtækjanna hver hjá öðrum.

Forstjórar ríkisfyrirtækja eru ekki alveg eins stórtækir, en þeir hafa þó þegið kauphækkanir langt umfram þau 4% sem ríkið bauð ljósmæðrum. Þær höfnuðu boðinu. Þær höfnuðu tvískinnungi sem Kennedy Bandaríkjaforseti lýsti vel þegar hann sagði: „Það er ekki hægt að semja við menn sem segja: „Mitt tilheyrir mér, þitt skulum við semja um“.“

**Uppgjör í vændum**

Guðmundur Gunnarsson rafvirki lýsir vandanum vel í grein í Stundinni fyrir skömmu undir yfirskriftinni Heiftarlegt uppgjör framundan. Hann vitnar í Guðmund J. Guðmundsson, Gvend jaka sem svo var kallaður, en hann sagði: „Ef einhver hópur fer að vaða upp í hækkunum fyrir ofan almennt verkafólk, þá er þetta búið. Menn þurfa að átta sig á að það verður að byggjast á gagnkvæmu jafnræði á milli hópa. Það þýðir ekki að keyra áfram einhverja sérhópa upp yfir aðra. Þá er þetta hrunið og það hrynur yfir þá hina sömu.“

Forstjórar og stjórnmálamenn eiga upptökin að núverandi ókyrrð á vinnumarkaði. Þeir hafa kallað kollsteypu yfir okkur öll.



# Stóð Alþingi á haus í röngu máli?



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Í síðustu viku gekk mikið á á Alþingi vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjalda. Snerist málið um 2-3 milljarða, sem létta átti af útgerðinni, einkum til hjálpar minni fyrirtækjum.

Þar sem stærri fyrirtæki í sjávarútvegi eru rík og öflug, var þessi hugmynd og tillaga ríkisstjórnar – að lækka veiðigjöld yfir línuna – auðvitað út í hött, og viðbrögð stjórnarandstöðunnar skiljanleg.

Þegar þetta deilumál er skoðað, lítur það svona út: Deilt var um 2-3 milljarða, hvort þeir ættu að fara til útgerðarinnar, í formi afsláttar, eða til ríkisins, í formi óbreyttra veiðigjalda. Í báðum tilvikum hefði féð farið til eyðslu eða fjárfestingar – varla sparnaðar – á vegum útgerðar eða ríkis hér innanlands.

Á sama tíma hefði spurningin um það, hvort endanlega ætti að leyfa Hval hf. að fara í nýjar langreyðarveiðar, átt að vera sterklega á dagskrá, en veiðar skyldu hefjast 10. júní.

En þessu – mörgum sinnum stærra og þýðingarmeira máli fyrir land og þjóð, en veiðigjaldamálið – var þó vart gaumur gefinn. Nánast enginn áhugi, hvað þá þingtími fyrir það.

**En, um hvað snýst langreyðamálið?**

Ferðamennska er nú langstærsti og þýðingarmesti atvinnuvegur landsins. 43% gjaldeyristekna koma úr ferðaþjónustu og 25-30.000 manns vinna við hana. Tekjur af ferðaþjónustunni í fyrra voru 500 milljarðar.

Á sama tíma er mönnum víða um heim orðið ljóst, að við eigum ekki nema þessa einu jörð, og, að við erum búin að ganga heiftarlega á lífríki hennar – dýr, náttúru, jarðveg, loft og lög.

Í vaxandi mæli líta menn til þessara staðreynda við val sitt á vörum – ekki sízt matvælum – en þetta gildir líka um val á ákvörðunarstað fyrir sumarleyfi og önnur frí.

Ráða vistræn sjónarmið; virðing við dýr, náttúru og lífríkið hjá þeim, sem heimsækja skal? Ef ekki, strika margir yfir slíkan ákvörðunarstað.

**Þó samdráttur í ferðaþjónustu yrði ekki nema 5% vegna fyrirhugaðra langreyðaveiða, jafngilti það tekjutapi upp á 25 milljarða fyrir þjóðina á ári. Þessar tekjur væru innflæði inn í þjóðarbúið, ekki velta innan þess. 10 sinnum meira fé, en það sem veiðigjaldadeilan snérist um.**

Langreyðurin er næststærsta spendýr jarðar, háþróuð dýrategund, sem lifir saman í fjölskyldum – dýrin kenna hvert öðru, gleðjast og hryggjast saman, rétt eins og við – og verða 90-100 ára.

Hún er á lista IUCN yfir dýr í útrýmingarhættu, og eru flest ríki jarðar, um 190, aðilar að CITES-sáttmálanum, sem bannar verzlun með eða flutning á hvalaafurðum í lögsögu þeirra. Sala á hvalaafurðum er því nánast ómöguleg.

Þetta vita menn í hinum vestræna heimi. Andúð og mótstaða við hvalveiðar – ekki sízt veiðar á langreyði, sem engin önnur þjóð stundar – er því mikil og skilningur á veiðum enginn.

Þetta fólk gerir ekkert með það, þó Hafró segi mönnum hér, að það sé nóg af langreyði hér á sumrin, heldur ekki með það, að langreyðurin eigi að vera „íslenzk auðlind“, enda veit það, að hvalir fæðast flestir við Vestur-Afríku, flakka svo um heimshöfin og eru því ekki „auðlind“ eins eða neins.

**Og, hvað með veiðiaðferðina?**

Hvað myndum við segja, ef Afríkubúar eltu uppi fíla, gíraffa og sebrahesta á skutultrukkum, skytu dýrin með kaðalskutli og drægju þau svo um holt og hæðir, hálf dauð og hálf lifandi, öskrandi af kvölum með stálkló skutuls tætandi innyfli, líffæri, vöðva og hold dýranna, og murkandi úr þeim lífið?

Margur maðurinn, beggja vegna Atlantshafs, lítur nákvæmlega svona á hvalveiðarnar, enda eru þær eins, nema framkvæmdar á sjávarspendýrum, í stað landspendýra.

Fyrirhugaðar nýjar veiðar á langreyði væru því eitur í beinum margs ferðamannsins, og það með réttu. Þúsundir manna myndu setja rauðan kross á Ísland í sínum ferðaplönum.

Þótt samdráttur í ferðaþjónustu yrði ekki nema 5% vegna fyrirhugaðra langreyðarveiða, jafngilti það tekjutapi upp á 25 milljarða fyrir þjóðina á ári. Þessar tekjur væru innflæði inn í þjóðarbúið, ekki velta innan þess. Tíu sinnum meira fé en það sem veiðigjaldadeilan snerist um.

Er þá skaði á ímynd og æru Íslendinga erlendis ótalinn.

# Þróunarsamvinna – við getum betur

**Bjarni Gíslason**
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

**Erna Reynisdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaheilla, Save the Children á Íslandi

**Kristín S. Hjálmtýsdóttir**
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

**Laufey Birgisdóttir**
framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar

**Ragnar Gunnarsson**
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kristniboðsfélaga

**Ragnar Schram**
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna

**Stella Samúelsdóttir**
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Upphaf þróunarsamvinnu má rekja aftur til eftirstríðsára seinni heimsstyrjaldar þegar byggja þurfti Evrópu upp að nýju. Alþjóðabankinn var stofnaður auk þess sem Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar árið 1945. Marshall-aðstoðin frá Bandaríkjunum skipti uppbygginguna Evrópu gríðarlega miklu máli og Ísland fann svo sannarlega fyrir því. Ísland þáði Marshall-aðstoðina, þróunaraðstoð, í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar og skaust í raun þar með inn í nútímann. Um miðjan 8. áratug síðustu aldar hóf Ísland síðan að gefa til baka og fór að veita öðrum ríkjum efnahags- og þróunaraðstoð í stað þess að vera þiggjandi.

Stefnur og straumar í þróunarsamvinnu hafa breyst og þróast síðan eftir stríð. Í dag er rík krafa um að þróunarlönd sem þiggja aðstoð hafi hlutdeild í aðstoðinni og beri ábyrgð á framkvæmd hennar en ríkin sem veita þróunaraðstoð séu aðeins til aðstoðar. Það er heimafólk sem veit best hvað þarf til að ástandið batni, hvar aðstoðar er helst þörf og hvernig sé best að innleiða hana í samfélagið. Þar hafa frjáls félagasamtök afar mikilvægu hlutverki að gegna vegna tengingar við grasrótina og þekkingar á innviðum þeirra samfélaga sem í hlut eiga hverju sinni.

Ísland er smáríki í hefðbundnum skilningi. En með alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland rödd á alþjóðavettvangi, við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum auk fleiri alþjóðasamtaka og á þeim vettvangi höfum við oft sama atkvæðavægi og stórþjóðir. Við getum verið boðberar breytinga til hins betra og í því sambandi má nefna áherslu Íslands á kynja- og jafnréttismál sem svo sannarlega hefur haft áhrif víðs vegar um heiminn og verið öðrum þjóðum hvatning til að taka skref í átt að meira jafnrétti.

**Höfum hátt og tölum fyrir friði, mannréttindum, aukinni samvinnu og þróunarsamvinnu og fáum stærri ríki í lið með okkur.**

Í dag gengur margt eða flest vel á Íslandi. Það hefur þó ekki alltaf verið þannig. Á Íslandi var barnadauði lengi vel með hæsta móti, forfeður okkar og mæður upplifðu sárafátækt, dóu úr læknanlegum sjúkdómum, flýðu hér sult og seyru til annarra landa og bjuggu sér og afkomendum sínum betra líf. Kannski ekkert ósvipað og fjöldamörg önnur ríki eru að upplifa í samtímanum.

Með auknum samgöngum, samvinnu við önnur ríki og alþjóðakerfi, sem smáríki á borð við Ísland byggja hagsæld sína á að verulegu leyti, hefur hagur okkar vænkast. Alþjóðakerfi sem gerir fámennum ríkjum á borð við Ísland kleift að hafa rödd og tækifæri til að tala fyrir bættum og breyttum heimi. Þá orðræðu getur Ísland byggt á þeim gildum sem við viljum kenna okkur við og ekki síst samhjálp sem stuðlar að öruggari heimi og dregur úr fátækt og óstöðugleika.

**Þurfum að ná markmiðinu**

Um nokkurra áratuga skeið hafa íslensk stjórnvöld stutt markmið Sameinuðu þjóðanna þess efnis að efnameiri þjóðir láti 0,7% af vergum þjóðartekjum renna til aðstoðar við fátækari ríki með það að markmiði að byggja þar upp stöðugleika og sjálfbærni. Stöðugleika og sjálfbærni sem myndi stuðla að því að koma í veg fyrir styrjaldir, sárafátækt og draga stórlega úr fjölda flóttafólks sem á það flest sameiginlegt að vilja vera heima hjá sér en geta það ekki vegna ofbeldis, átaka og sárafátæktar. Þótt Ísland sé smáríki og framlag okkar þjóðar muni ekki eitt og sér koma á stöðugleika og friði um gjörvalla veröld þá getur Ísland, sem fyrr segir, verið öðrum ríkjum fyrirmynd og til eftirbreytni.

Eitt skref var nýlega tekið fram á við þegar íslensk stjórnvöld lögðu til hækkun á framlögum Íslands til þróunarmála úr áætluðum 0,25% af vergum þjóðartekjum á næstu árum upp í 0,35%. Þrátt fyrir þetta framfaraskref er enn mjög langur vegur frá því að við náum 0,7% markmiði SÞ. Þangað viljum við komast og því þurfum við sem þjóð að sameinast um áætlanir sem miða að því að ná þessu markmiði.

Höfum hátt og tölum fyrir friði, mannréttindum, aukinni samvinnu og þróunarsamvinnu og fáum stærri ríki í lið með okkur. Tölum gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi heima og að heiman. Ísland hefur rödd á alþjóðavettvangi. Nýtum hana og sýnum að smáríkið Ísland getur verið öðrum ríkjum fyrirmynd þegar kemur að alþjóðlegri þróunarsamvinnu sem stuðlar að friði, öryggi, velsæld og þar með færra fólki sem neyðist til að flýja heimkynni sín vegna fátæktar eða stríðsátaka.

# Opinbert einelti hjá Hafnarfjarðarbæ?



**Gunnlaugur Stefánsson**
Heydölum í Breiðdal

Í vikunni hófst Vinnuskólinn í Hafnarfirði. Þar eiga að vera boðnir velkomnir allir unglingar sem eru á fjórtánda ári og eru að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaðinum. Þetta eru tímamót, vekja með unglingunum eftirvæntingu og skrá dýrmæta minningu. En ekki fyrir alla þegar á reynir.

Sonarsonur minn á þessum aldri, sem er hreyfihamlaður í hjólastól, fékk þau skilaboð frá hafnfirska stjórnsýslukerfinu, að hann væri ekki velkominn alveg strax, skyldi bíða heima, en hafa samband og athuga hvernig staðan verði eftir helgina. Fótfrár tvíburabróðir hans fékk aftur á móti skilaboð frá kerfinu hálfum mánuði áður en vinnan hófst, að hann væri strax velkominn.

Nú hefur kerfissýslan í Hafnarfirði haft allan veturinn til að undirbúa Vinnuskólann. En gleymt að gera ráð fyrir að í bænum búa líka hreyfihamlaðir unglingar í hjólastól. Örfáir einstaklingar skipta líklega engu máli fyrir opinbert kerfi, sérstaklega ef þeir eiga við fötlun að stríða. Það snertir samt og særir viðkvæmt barnshjartað sem hefur lengi hlakkað til að fara á vinnumarkaðinn og fylgja jafnöldrum sínum í lífi og leik.

Er ekki tímabært að kerfið átti sig á að hér á fólk hlut að máli með tilfinningar og þrár? Vonandi gildir það víðast fyrir fólkið í landinu. En ekki í stjórnsýslunni hjá Hafnarfjarðarbæ gagnvart hreyfihömluðum unglingum í hjólastól. Gæti það kallast opinbert einelti?

# Stefnir í „spítala götunnar“?



**Óli Stefáns Runólfsson**
rennismiður og eftirlaunaþegi

Bíllinn „Ragnheiður“ hefur verið á ferð á götum Reykjavíkur til að þjónusta fíkniefnaneytendur til að koma í veg fyrir frekari smit vegna margnota sprauta sem fíkniefnanotendur gjarnan nota. Svo hefur heyrst að ef lögreglan yrði með lyf í sínum vörslum gæti það orðið til bjargar í sumum tilfellum þar sem hún yrði kölluð til einhverra í neyð. Alltaf er gott að geta aðstoðað þá sem eru í nauðum staddir. Fari sem horfir verður þörfin fyrir aðstoð alltaf meiri og meiri. Fólki fjölgar og hætt við að fleiri verði í neyð. Samfara því vex kostnaður. Það þarf að fækka þeim sem þurfa á „spítala götunnar“ að halda.

**Það má víða finna ástæður þess í þjóðfélaginu að fólk misstígur sig á brautum lífsins.**

Það þarf að ráðast að rótum vandans. Koma í veg fyrir að fólk ánetjist fíkniefnum. Er eitthvað í þjóðfélaginu sem ýtir fólki út í efnaneyslu? Eitthvað í þjóðfélaginu sem einstaklingurinn ræður ekki við, sem veldur því að hann fer út í neyslu?

Það ber töluvert á streitu í þessu þjóðfélagi. Keppni um völd og græðgi er mikil. Sumum vegnar betur en öðrum, oft vegna kunningsskapar, hjá þessari fámennu þjóð. Það er alltaf verið að deila um skiptingu „þjóðarkökunnar“, sumir telja sig fá of lítið miðað við aðra, en það ætti að vera grunnkrafa að allir fái fyrir grunnþörfum. Það er munur á að sumir fá 2-3 millj. í laun á mánuði (margir með mikið meira), en aðrir um þrjú hundruð þúsund á mánuði. Þjóðfélag okkar er sjúkt og þörf er breytinga. Það þarf mikið átak til að ráðast að rótum vandans, en það þarf að gera, annars magnast vandinn sem líkja mætti við snjóbolta sem veltur áfram og hleður sífellt á sig og stækkar. Það má víða finna ástæður þess í þjóðfélaginu að fólk misstígur sig á brautum lífsins.


Nýr T-Roc. Fjórhjóladrifinn
og fæddur til að skara fram úr.
Komdu og prófaðu nýjustu stjörnuna frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og reynsluaktu Volkswagen T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Sendiherra vill að sínir menn fái vald yfir orkumálum á Íslandi



**Haraldur Ólafsson**
formaður Heimssýnar

Sendiherra Evrópusambandsins, Michael Mann, skrifar um orkulöggjöf í Fréttablaðið 7. júní sl. Sendiherrann leggur áherslu á að allt í svokölluðum þriðja orkulagabálki Evrópusambandsins sé til hinna mestu hagsbóta og valdaframsal frá stjórnvöldum á Íslandi til sinna manna sé óskóp lítið, eiginlega ekki neitt. Nógu mikið er það samt til að sendiherranum er í mun að málið nái fram að ganga á Alþingi.

Hér er því fyrst að svara að valdaframsal er valdaframsal, þótt færa megi fyrir því rök að það gæti verið meira en það er. Margir litlir skammtar gera stóran bita, og þegar búið er að færa hluta valdsins til útlanda, er viðbúið, að upp komi álitamál um hver mörk framseldra valdheimilda eru. Í svoleiðis deilu úrskurðar Evrópusambandið sjálft, ekki yfirvald á Íslandi. Enginn getur svarað því hvaða afleiðingar valdaframsalið getur haft þegar til lengri tíma er litið.

**Orkuverð mun hækka**

Sendiherrann segir að megintilgangur orkubálksins sé að veita neytendum ódýra og örugga orku. Það á ef til vill við um neytendur í Evrópusambandinu, en ekki á Íslandi. Engum vafa er undirorpið að orkuverð á Íslandi mun hækka mjög mikið daginn sem sæstreng verður stungið í samband. Svo vill reyndar til að sæstrengur milli Íslands og Bretlands er einmitt á kerfisáætlun Evrópusambandsins og vitaskuld er ætlast til að þeir sem eigi aðild að áætlun framfylgi henni. Líklega veit fulltrúi Evrópusambandsins á Íslandi þetta allt saman, því hann tekur á sig krók til að tilkynna að Bretland sé á leið úr Evrópusambandinu og einmitt þess vegna sé ekkert að óttast þótt sæstrengur verði lagður til Bretlands.

**Sendiherrann segir að megintilgangur orkubálksins sé að veita neytendum ódýra og örugga orku. Það á ef til vill við um neytendur í Evrópusambandinu, en ekki á Íslandi.**

Því er til að svara að raforkuviðskipti munu halda áfram á milli Bretlands og meginlands Evrópu og enginn veit hvort Skotland eða England verða í Evrópusambandi eftir tvö eða tíu ár. Snúra til Írlands sem er ekki á leið úr Evrópusambandinu yrði auk þess aðeins litlu lengri en snúra til Skotlands. Ef og þegar tenging af þessu tagi kemst á verður of seint að iðrast þess að hafa, fullkomlega að nauðsynjalausu, afsalað sér stjórnvaldinu úr landi til erlends ríkjasambands. Ekki sakar í þessu samhengi að rifja upp að hér er um að ræða sama ríkjasamband sem reyndi af alefli að knýja Íslendinga til að samþykkja fjárkröfu sem nam hálfum öðrum ríkisfjárlögum fyrir örfáum árum síðan.

**Það vill þetta enginn**

Sendiherrann gleðst yfir því að ráðgjafi ráðherra orkumála á Íslandi, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá ESA, skuli vera honum sammála. Í því sambandi ber að rifja upp að landsfundur flokks ráðherrans samþykkti í mars sl. eindregna yfirlýsingu gegn frekara framsali yfirráða yfir íslenskum orkumálum. Um það bil allir kjósendur sama flokks eru andvígir framsali valds í orkumálum til útlanda, sem og stór meirihluti kjósenda þeirra flokka sem finnst Evrópusambandið vera áhugaverður kostur.

Svo mikill vafi leikur á lögmæti valdaframsalsins í þriðja orkulagabálki Evrópusambandsins og svo mikil er andstaða Íslendinga við valdaframsal í orkumálum að varla verður hjá því komist að leita fulltingis dómstóla eða forseta Íslands til að hrinda lögunum, fari svo ógæfulega að þau verði samþykkt á Alþingi.

# Detta mér allar dauðar lýs úr höfði – Vangaveltur um fréttaflutning af umsóknartölum háskólanna



**Dr. Sigrún Stefánsdóttir**
fjölmiðlafræðingur

Gamla orðtækið „detta mér allar dauðar lýs úr höfði“ notaði mamma mín oft þegar eitthvað gekk alveg fram af henni. Þetta orðtæki kom skyndilega upp í huga minn, þegar ég las fréttaflutning Fréttablaðsins og Morgunblaðsins í vikunni sem leið af gríðarlegri aukningu í umsóknum um nám í háskólum landsins.

Ég hef unnið um árabil sem fréttamaður og enn lengur sem kennari í fjölmiðlafræði á háskólastigi, bæði við Háskóla Íslands og nú síðast við Háskólann á Akureyri. Í þessum fræðum er lögð áhersla á jafnvægi í fréttaflutningi og nemendur læra snemma að sýnileiki í fjölmiðlum er mikilvægur, bæði þegar vel gengur og eins þegar á móti blæs. Háskólinn á Akureyri hefur ekki farið varhluta af sýnileika þegar á móti hefur blásið, en eitthvað virðist þrengra um pláss á síðum blaðanna þegar vel gengur. Rýr umfjöllun um sívaxandi vinsældir skólans staðfestir þetta enn einu sinni.

**Sem betur fer virðist unga fólkið í landinu betur upplýst en fjölmiðlafólk höfuðborgarsvæðisins og sækir í hulduskólann fyrir norðan, þrátt fyrir línurnar fjórar og fjarveru rektors HA í jákvæðu fréttunum um aukna sókn í háskólanám hér á landi.**

Í frétt Fréttablaðsins þann 8. júní um umsóknir í háskólanám fær HÍ ítarlega umfjöllun um 12 prósenta aukningu í umsóknum í skólann. Það sama gilti um Háskólann í Reykjavík vegna 11 prósenta aukningar en Háskólinn á Akureyri fékk fjórar línur um 30 prósenta aukningu í umsóknum milli ára. Þessum fjórum línum var snyrtilega komið fyrir í lok fréttarinnar. Rektorar höfuðborgarskólanna fengu að tjá sig og hrósa sér af hinni stórkostlegu aukningu en umsögnin um skólann á Akureyri var svona: „Þá barst Háskólanum á Akureyri metfjöldi umsókna um skólavist næsta vetur. Umsóknir voru 2.160 sem er 30 prósenta fjölgun frá síðasta ári“. Ég hefði ekki getað orðið meira undrandi. Hvar er fréttamatið – kæru kollegar?

Fréttin í Morgunblaðinu daginn eftir, 9. júní, var í svipuðum dúr, nema þar fékk Háskólinn á Bifröst að fljóta með og fékk sína greinargóðu umfjöllum á síðunni án þess þó að geta gert grein fyrir hvort aukning hefði orðið í aðsóknartölum. Rætt var við rektorana þrjá í HÍ, HR og Bifröst um þennan flotta árangur. Aðsóknartölur í HA náðu ekki einu sinni á blað, hvað þá að rætt væri við rektor skólans!

Einu sinni sagði vel þekktur prestur í Borgarfirði við mig að það væri eins og fréttamenn héldu að Ísland endaði við Elliðaárbrúna. Það sem gerðist utan höfuðborgarsvæðisins væri ekki til. Á sínum tíma mótmælti ég þessu sem fréttamaður en ég er því miður að verða nokkuð sammála klerki.

Þrjátíu prósenta aukning er meiri frétt en 10 prósenta aukning. Ég hefði sagt nemendum mínum að byrja fréttina á því sem er stærst eða mest, þ.e.a.s byrja fréttina á aukningunni fyrir norðan.

Hins vegar er annar þáttur sem ræður líka fréttamati en það er nálægð. Hún er greinilega að blinda fjölmiðlafólkið fyrir sunnan. Nær allir starfandi blaðamenn á landinu búa á höfuðborgarsvæðinu. Sennilega aka margir þeirra daglega framhjá bæði HÍ og HR. Það er því auðvelt að gleyma því að á Akureyri er starfandi öflugur háskóli sem nýtur sívaxandi vinsælda. Out of sight – out of mind, segir einhvers staðar á ensku.

Sem betur fer virðist unga fólkið í landinu betur upplýst en fjölmiðlafólk höfuðborgarsvæðisins og sækir í hulduskólann fyrir norðan, þrátt fyrir línurnar fjórar og fjarveru rektors HA í jákvæðu fréttunum um aukna sókn í háskólanám hér á landi.

# Hin endalausa tillitssemi



**Hjálmtýr Heiðdal**
kvikmyndagerðarmaður

Mikil umræða á sér nú stað eftir að hermenn Ísraelshers drápu fjölda vopnlausra Palestínumanna á Gazaströndinni. Venjulegu fólki ofbauð sem fyrr framganga Ísraelshers sem heimamenn segja vera „siðprúðasta her í heimi“. Ráðamenn Vesturlanda sendu sem fyrr frá sér harmþrungnar yfirlýsingar. Einn þeirra er utanríkisráðherrann okkar sem tvítar um miklar áhyggjur sínar af mannfalli á Gaza og að ofbeldi og valdbeitingu verði að linna. Hann nefnir engin nöfn, ekkert um það hver er ábyrgur. Þetta eru dæmigerð viðbrögð þeirra sem hvorki þora né vilja styggja þá sem fyrirskipa morðin og eru valdir að því ógnarástandi sem ríkir á Gaza.

Það eru mörg ríki og margir ráðamenn sem beita ofbeldi gegn eigin þegnum og öðru fólki sem þeir vilja svipta frelsi og jafnvel útrýma. Við getum nefnt Tyrklandsforseta, forseta Rússlands, Duterte á Filippseyjum o.fl. af sama sauðahúsi. Í mörgum ríkjum araba ríkja einræðisherrar sem kúga þegna sína grimmilega. Fáir mæla þeim bót og þeim er ekki dillað opinberlega a.m.k.

Ísrael, sem brýtur daglega gegn samþykktum SÞ, stundar hernám og landarán auk morða á vopnlausu fólki, siglir samt lygnan sjó í alþjóðastjórnmálum. Það eru engin viðurlög, engar refsiaðgerðir, bara aukin viðskipti og sigur í söngvakeppni.

**„Það verður að taka tillit“**

Hver á eftir öðrum gala vestrænir ráðamenn að „Ísrael verður að hafa rétt til að verja sig“.

Bjarni Benediktsson sagði í janúar 2009, „að taka verði tillit til þarfa Ísraelsmanna til að verja ísraelska borgara“.

Það eru þessar „þarfir“ Ísraels sem þarf að ræða aðeins betur. Ekkert ríki fær jafn stórfelldan stuðning frá ríkjum Vesturlanda og Ísrael. Ekkert ríki býr við þá friðhelgi sem Bandaríkin veita því til að stunda sín voðaverk. Efnalegum og pólitískum þörfum er greinilega fullnægt. Hvaða þarfir aðrar þarf að uppfylla? Þörfina til að ræna meiru af landi Palestínumanna? Þörfinni til að drepa fleiri sem sýna andstöðu gegn ofbeldi Ísraelshers?

**Það er einungis almenningur í þeim löndum þar sem málfrelsi ríkir sem getur breytt ástandinu. Og helsta vopnið sem við höfum er sniðganga, stöðvum samskipti við Ísrael á öllum sviðum. Einangrum landið. Það er það eina sem mun að lokum færa Palestínumönnum það réttlæti sem alþjóðalög tryggja þeim.**

Þörfinni til að svipta Palestínumenn síðustu mannréttindunum – að fá að draga andann?

Hvað veldur þessari endalausu tillitssemi? Sannleikurinn er sá að ráðandi hópar Vesturlanda eru hliðhollir Ísrael og „taka tillit til þarfa þeirra“ sama hvaða voðaverk þeir vinna. Þeir styðja þá stefnu sem er grundvöllur ólgunnar og morðanna. Þeir styðja síonismann. Trump styður síonista eins og öllum er ljóst og sl. nóvember sat Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, kvöldverðarboð með Netanyahu til að minnast þess að eitt hundrað ár eru frá því að breska heimsveldið ákvað að koma á fót evrópskri nýlendu í Palestínu.

Þetta er kjarni málsins. Ísrael er afurð vestrænnar nýlendustefnu. Afleiðingum af glæpum Vesturlanda gegn gyðingum og samviskubiti ráðamanna var varpað yfir á Palestínumenn. Sem áttu engan hlut að máli.

Vesturlönd gangast ekki við ábyrgð sinni á glæpnum gegn Palestínumönnum. Þess vegna vilja þeir ekki refsa Ísrael, sama hvað á gengur.

Svo mun verða áfram.

Stjórnvöld vilja ekki beita refsiaðgerðum, jafnvel þótt samþykktir SÞ leggi þeim þær skyldur á herðar. Það stendur skýrt að aðildarríkjum SÞ beri að snúast gegn ofbeldi eins og Ísrael ástundar með því að beita ríkið öflugum refsiaðgerðum. En ekkert slíkt er á döfinni.

Það er einungis almenningur í þeim löndum þar sem málfrelsi ríkir sem getur breytt ástandinu. Og helsta vopnið sem við höfum er sniðganga, stöðvum samskipti við Ísrael á öllum sviðum. Einangrum landið. Það er það eina sem mun að lokum færa Palestínumönnum það réttlæti sem alþjóðalög tryggja þeim. Krefjumst þess að ríkisstjórn Íslands geri alþjóðlega skyldu sína.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 14. JÚNÍ 2018



Arnar Már Jónsson fatahönnuður lauk námi frá Royal College of Art í fyrra og hefur síðan náð miklum árangri á sínu sviði. Föt hans eru nú til sölu í hinni virtu netverslun Showstudio í London. ➔4

# Við óþægindum á kynfærasvæði kvenna

Margar konur upplifa óþægindi á kynfærasvæði, t.d. kláða, væga verki og roða. Orsakirnar geta verið af ýmsum toga og geta komið í kringum blæðingar, eftir hjólatúr eða sundferðir, á ferðalögum eða vegna ertandi efna.



LYFJAFYRIRTÆKIÐ FLOREALIS BÝÐUR UPP Á NÁTTÚRULEGAR LÆKNINGAVÖRUR.



BRÚÐKAUP OG ÚTSKRIFTIR

*Fallegt, fágað og töff!*

comma,

SMÁRALIND



Doktor Elsa Steinunn Halldórsdóttir, þróunarstjóri Florealis, segir Rosonia og Liljonia margprófaðar lækningavörur sem byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni.

Lyfjafyrirtækið Florealis hefur boðið upp á náttúrulegar lækningavörur sem virka mjög vel gegn óþægindum á kynfærasvæði.

Dr. Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna, er þróunarstjóri Florealis. „Húð og slímhúð eru mikilvægasta vörn líkamans gegn sýklum og ofnæmisvöldum sem stöðugt herja á líkamann. Þegar húðin verður fyrir áfalli, t.d. af völdum ertandi efna, þá veikist þessi vörn og hætta eykst á sýkingum. Rosonia og Liljonia frá Florealis eru margprófaðar lækningavörur sem byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni við óþægindum á kynfærasvæði kvenna,“ segir Elsa.

„Þær innihalda einstakt efnasamband sem myndar varnarhjúp yfir viðkomandi svæði, lina skjótt óþægindi og mynda kjöraðstæður fyrir slímhúðina að gróa og endurnýja sig,“ bætir hún við.

Meðferð með lækningavörunum Rosonia og Liljona frá Florealis hefur reynst áhrifarík við óþægindum á kynfærasvæði kvenna, svo sem kláða, sviða, bólgum, ertingu og sprungum, að sögn Elsu.

## Fleiri vörur frá Florealis

Elsa og samstarfsfólk hennar hjá Florealis hafa langa reynslu af þróun lyfja og lækningavara. Nú þegar eru margar spennandi vörur á markaðnum og fleiri eru væntanlegar.

„Við erum nú með átta jurtalyf og lækningavörur í apótekum. Í kvenvörulínuna bættum við nýlega lækningavörunni Smaronia sem er við leggangaþurrki og þynningu á legslímhúð. Smaronia er með jurtaútdrátt úr rauðsmára sem stuðlar að þykkari legslímhúð og eykur teygjanleika hennar,“ segir Elsa.

Jurtalyfið Lyngonia við blöðrubólgu hefur slegið í gegn og jurtalyfið Harpatinum við vægum gigtarverkjum er einnig fáanlegt án lyfseðils.

„Í haust kemur síðan þriðja jurtalyfið sem kallast Sefitude á markað. Það er unnið úr garðabrúðu og er við svefntruflunum og kvíða. Við erum mjög spennt að geta boðið upp á viðurkennt jurtalyf við svefntruflunum án lyfseðils,“ segir Elsa.




Liljonia kemur jafnvægi á sýrustig legganga og stuðlar að heilbrigði bakteríuflóru, minnkar sviða, kláða, útferð og sársauka við samfarir.

## Rosonia froða á ytri kynfæri

- Einstaklega mjúk froða fyrir viðkvæmt svæði
- Myndar varnarhjúp gegn ertandi efnum og sýklum
- Eykur þéttni og teygjanleika slímhúðar

Rosonia inniheldur jurtaútdrátt úr skógarstokksrós sem er ríkur af vítamínum, steinefnum og amínósýrum sem verka fljótt á óþægindin ásamt því að veita raka og auka þéttni og teygjanleika slímhúðarinnar. Rosonia er einstaklega mjúk froða fyrir viðkvæmt kynfærasvæðið. Froðan er ætluð til meðferðar og er því ekki þvegin af. Froðuna má einnig nota sem fyrirbyggjandi meðferð við óþægindum sem og viðbótarmeðferð með lyfjum gegn alvarlegri tilfellum sýkinga.

## Liljonia mjúk hylki í leggöng

- Mjúkt hylkið leysist hratt upp
- Myndar varnarhjúp gegn ertandi efnum og sýklum
- Endurheimtir heilbrigði legganga

Liljonia kemur jafnvægi á sýrustig legganga og stuðlar að heilbrigði bakteríuflóru ásamt því að minnka sviða, kláða, útferð og sársauka við samfarir. Liljonia hentar einnig sem fyrirbyggjandi meðferð gegn ertandi efnum og sem viðbótarmeðferð með lyfjum gegn alvarlegri sýkingum í leggöngum. Mjúku hylkinu er komið fyrir í leggöngum fyrir svefn í 7-10 daga. Það leysist hratt upp og myndar einstakan varnarhjúp ásamt því að veita slímhúðinni raka. Liljonia linar fljótt óþægindi og endurheimtir heilbrigði legganga.

Nota má Liljonia og Rosonia saman ef einkenni eru bæði í leggöngum og á ytri kynfærum.




Rosonia er mjúk froða sem linar skjótt óþægindi á kynfærasvæðinu.

Florealis vörurnar fást í helstu apótekum. www.florealis.is og facebook.com/florealis/

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




Afsláttur af öllum fatnaði, fylgihlutum og skóm!

# 20-40%

Gildir út laugardag 16. Júní

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is






My Style tískuhús
Stærðir 38-52
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Kvart -Gallabuxur



Kr. 11.900.-

Str. 36-48
2 bláir gallalitir

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Arnar Már Jónsson var valinn í fimm hönnuða teymi sem fær stuðning frá Machine-a og Showtime. MYND/EYÞÓR

# Innblásinn af sporti og tækni

Arnar Már Jónsson fatahönnuður lauk námi frá Royal College of Art í fyrra og hefur síðan náð miklum árangri á sínu sviði. Föt hans eru nú til sölu í hinni virtu netverslun Showstudio í London. Arnar hefur alltaf haft tískuáhuga.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Arnar Már útskrifaðist úr LHÍ árið 2013 og vann meðal annars hjá Vivienne Westwood á meðan á náminu stóð. „Ég fór svo beint eftir útskrift til Parísar þar sem ég vann hjá Martine Sitbon hjá Rue Du Mail. Eftir stutt stopp þar var fyrirtækinu lokað og ég ákvað að fara í frekara nám. Ég fór á endanum í Royal College of Art þaðan sem ég útskrifaðist í fyrra. Það var krefjandi en mjög lærdómsríkur og ómetanlegur tími. Ég hef alltaf haft áhuga á sportfatnaði og vildi blanda því saman við mína tísku og vann hjá Adidas sem hönnuður á meðan ég var í náminu.“

Arnar segir að áhuginn á tísku hafi alltaf verið fyrir hendi hjá honum. „Ég hef alltaf haft áhuga á því að klæða mig og það jafnaðist ekkert á við að reima á mig nýju körfuboltaskóna þegar ég var yngri,“ segir hann. „Ég vissi kannski ekki að ég vildi vera fatahönnuður en um leið og ég fann tísku og fatahönnun kom ekkert annað til greina. Ég vinn enn þá mjög mikið með þá hugmyndafræði að búa til föt fyrir mig og þá sem eru í kringum mig.

Það skiptir mig miklu máli að fötin séu gerð til þess að klæða fólk á sem bestan hátt. Ég er hins vegar líka meðvitaður um að við þurfum ekki fleiri eins föt í heiminn og finnst mikilvægt að hönnunin sé frumleg og bæti einhverju við og er því stanslaust að leitast við að búa til það sem ekki er til og vantar inn í heim tískunnar.“

Hann lýsir hönnun sinni þannig að hún sé ætluð fyrir íslenskar aðstæður. „Ég byggi á hugmyndafræði íþróttafatnaðar og reyni að finna nýja tækni við hvert tækifæri. Og svo er lykilatriði að hún standist íslenska veðráttu vel. Ég fæ innblástur frá vinum mínum, íslenskri náttúru, íþróttum og tækni.“



Hönnun Arnars Más er hugsuð fyrir íslenskar aðstæður en hefur vakið athygli víða um heim.



Arnar segir innblástur í hönnunina koma úr íþróttum, vinahópnum og náttúrunni.

> Ég er meðvitaður um að við þurfum ekki fleiri eins föt í heiminn. Mikilvægt að hönnunin sé frumleg. Ég er því stanslaust að leitast við að búa til það sem ekki er til og vantar inn í heim tískunnar.

Nýlega fékk hönnun Arnars inni í einni af stærstu netverslunum tískunnar. „Showtime er mjög framsækinn miðill sem ljósmyndarinn Nick Night stofnaði. Ég var valinn í teymi fimm ungra hönnuða í samstarfi verslunarinnar Machine-a og 1 Granary miðilsins þar sem okkur var hjálpaði til að hefja framleiðslu á tískulínum okkar. Maður hleypur á marga veggi í þessu ferli og það var frábært að fá hjálp frá þeim með allt. Nú er línan mín til sölu hjá Machine-a og á netsíðu þeirra sem Showstudio Machine-a.“

Og það er er bjart fram undan hjá Arnari. „Við vorum að klára SS/19 línuna núna og mynduðum hana á Íslandi um daginn svo ég er tilbúinn að taka við pöntunum. Svo eigum við enn þá eftir að klára framleiðsluna fyrir Showtime-búðina í Japan og svo bara halda áfram að vinna og vinna.“

Hönnun Arnars má sjá á shop.showstudio.com og arnarmarjonsson.com

# Optibac fyrir þarmaflóruna

## Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“

### Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“



**„Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla (acidophilus) en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.**

Viðir Þór Þrastarsson, íþrótta og heilsufræðingur



**„For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana. For Every Day hentar frábærlega fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu til daglegrar inntöku.**

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti



For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.




**For Every Day** inniheldur sex **For Every Day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For Every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

- Hentar vel eftir notkun sýklalyfja
- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

### Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganganna.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru leggangganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp.




**Optibac For women** inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingu
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri

*Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.*




Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For Women er tekið með sveppalyfjum.

Vegan | Mjólkurlaust | Glútenfrítt | Öruggt á meðgöngu

OptiBac probiotics
We're here to help, naturally

Samgönguþing 2018
21. júní í Súlnasal Hótel Sögu
Samgönguáætlun 2019–2033



DAGSKRÁ

13:00 SETNING
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Samgönguáætlun 2019-2033 – staða og helstu áherslur
Þórunn Egilsdóttir, formaður samgönguráðs

13:20 FRAMKVÆMDIR
Áskoranir, framkvæmdir og fjármögnun
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Skattstofnar ökutækja og eldsneytis – framtíðaráskoranir
Benedikt S. Benediktsson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti
Fjármögnun stærri vegaframkvæmda
Eyjólfur Árni Rafnsson, verkfræðingur
*Umræður: Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB*

14:20 Kaffihlé

14:40 ÞJÓNUSTA
Almenningssamgöngur – ávinningur af heildstæðri stefnu
Árni Freyr Stefánsson, verkfræðingur hjá Mannviti
*Umræður: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, og Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar*

15:20 ÖRYGGI
Umferðaröryggi og samfélagslegur kostnaður
Berglind Hallgrímsdóttir, umferðarverkfræðingur hjá Eflu
Ástandið í umferðinni og ávinningur af sýnilegu eftirliti
Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi
*Umræður: Sigríður Vala Halldórsdóttir, forstöðumaður hagdeildar hjá Sjóvá, og Haraldur Sigþórsson, verkfræðingur*

16:00 TÆKNI
Upplýsingatækni, iðnbylting og samgöngur: Hvaða möguleikar skapast í samgöngum með nýrri tækni 4. iðnbyltingarinnar
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
*Umræður: Lilja G. Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Viaplan, og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar*

16:30 Léttara hjal með Sóla Hólm, þinglok og léttar veitingar

**Þingstjóri:** Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri.
Þingið er öllum opið en þátttakendur eru beðnir að skrá sig með tölvupósti, netfang: kristin.hjalmarsdottir@srn.is

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:



Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð Nettó N1 olís bóksala stúdenta Háma



Fegurðardísin Irina í Las Vegas árið 2011. Hún hefur ljós og seiðandi augun frá rússneskri móður sinni.



Irina Shayk og Cristiano Ronaldo felldu hugi saman og voru óaðskiljanleg í fimm ára eldheitu ástarsambandi.



Irina segist hafa erft útlitið frá föður sínum sem var tatari og eilítið dekkri á hörund en Rússar almennt.

# Fótbolti og fagrar konur

Rússland er í sviðsljósinu vegna HM í fótbolta en það er líka rómað fyrir íðilfagrar konur. Ein sú allra glæsilegasta, ofurfyrirsætan Irina Shayk, átti í löngu ástarsambandi við fótboltagoðið Cristiano Ronaldo.

Rússneska ofurfyrirsætan Irina Valeryevna Shaykhlislamova, betur þekkt sem Irina Shayk, fæddist í rússneska bænum Yemanzhelinsk 6. janúar 1986. Faðir hennar var tatari sem starfaði lengst af í kolanámum og móðir hennar tónlistarkennari í leikskóla. Irina kveðst hafa erft útlitið frá föður sínum og að margir haldi að hún sé suður-amerísk vegna dekkri húðlitar tatara, en ljós augun hafi hún frá móður sinni.

Irina söng í kór sem barn og var send í píanónám sjö ára. Hún var fjórtán ára þegar faðir hennar andaðist úr lungnabólgu og þurfti móðir hennar að vinna tvöfalt til að ná endum saman.



Irina er hasarkroppur og hefur lengi sýnt undirföt fyrir Victoria's Secret.

Eftir framhaldsskóla hóf Irina nám í markaðsfræði en sóttist það illa. Því færði hún sig yfir í snyrtiskóla þar sem aðili frá módelskrifstofu varð sleginn af fegurð hennar. Hún var hvött til að taka þátt í Ungfrú Chelyabinsk árið 2004 og var krýnd sigurvegari.

Við tók frægð og frami sem fyrirsæta og var Irina fyrsta rússneska fyrirsætan til að verma forsíðu sundfatatölublaðs Sports Illustrated árið 2011.

## Heimsfrægir kærastar

Irina Shayk hefur löngum trónað efst á listum yfir kynþokkafyllstu konur Rússlands og raunar alls heimsins. Hún hefur meðal annars gengið tískupallana fyrir Miu Miu, Marc Jacobs, Versace, Givenchy, Moschino, Armani, Guess og Victoria's Secret og prýtt forsíður Elle, Glamour, GQ, Harper's Bazaar, Tatler, Cosmopolitan, Marie Claire og Vanity Fair víða um heim. Hún þreytti frumraun sína sem leikkona í kvikmyndinni Hercules með Dwayne Johnson árið 2014 og lék í myndbandi við lag Kanyes West, Power.



Irina með núverandi kærasta og barnsföður sínum, Bradley Cooper.



Rússneskur kvenleiki og tígulegur vöxtur hefur fleytt Irinu langt.

Irina sinnir góðgerðarmálum í sínum gamla heimabæ af alhug og er opinber sendiherra Pomogi-samtakanna í Rússlandi sem láta fé af hendi rakna til langveikra barna.

Ástamál Irinu hafa verið í sviðsljósinu enda annáluð smekkkona á karlmenn. Hún átti í fimm ára eldheitu ástarsambandi við portúgölsku fótboltahetjuna Cristiano Ronaldo en eftir að þau skildu að skiptum í ársbyrjun 2015 fann hún ástina fljótt í örmum bandaríska leikarans Bradleys Cooper sem People-tímaritið valdi kynþokkafyllsta mann veraldar 2011. Hjónaleysin eignuðust sitt fyrsta barn saman, stúlku, í fyrravor.

# Áfram Ísland

FIMMTUDAGUR 14. JÚNÍ 2018



# Liðið er alltaf Davíð á móti Golíat

Guðni Már Harðarson og fjölskylda eru á leið til Moskvu þar sem þau ætla að fylgjast með strákunum taka á móti Argentínu 16. júní. Þau eru hæfilega bjartsýn fyrir hönd liðsins en vona að það komist áfram.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Mikill spenningur ríkir á heimili hjónanna Guðna Más Harðarsonar, prests í Lindakirkju, og Ásdísar Björnsdóttur enskukennara og þriggja barna þeirra en fjölskyldan er á leið til Moskvu í Rússlandi til að fylgjast með íslenska liðinu leika á móti Argentínu í fyrsta leik liðsins á HM.

Fjölskyldan flýgur til Rússlands í gegnum Bretland og dvelur í Moskvu í þrjá daga að sögn Guðna. „Á leikdag gerum við sennilega lítið annað en að ná í stuðningsmannaskírteinin, gíra okkur upp í bláu hafi Íslendinga og fara á völlinn en leikurinn hefst klukkan 16 að staðartíma.“

## Ekki stíf dagskrá

Utan leiksins ætlar fjölskyldan að heimsækja Rauða torgið og Kreml og kanna almenningsgarða, bætir Ásdís við. „Við höfum lært að minna er meira þegar maður ferðast með börn, svo að það verður ekki stíf dagskrá, en það er best ef næst jafnvægi milli upplifunar og afslöppunar.“



Guðni Már Harðarson og fjölskylda eru á leið á HM í Rússlandi. MYNDIR/ERNIR

Saman eiga hjónin þrjú börn, þau Nóa Pétur tólf ára, Dagmar Eddu níu ára ára og Signýju Náð sem er fjögurra ára gömul og yngsti fjölskyldumeðlimurinn.

## Heim korter í leik

Það er líklega engin tilviljun að hin fjögurra ára Signý er á leiðinni á sitt þriðja stórmót í knattspyrnu, útskýrir Ásdís. „Þann 12. júní 2014 var opnunarleikur HM í Brasilíu. Í hádeginu sama dag kom Signý Náð í heiminn og við komum heim af fæðingardeildinni korter í leik. Það má segja hún hafi fengið fótbolta með móðurmjólkinni enda gerði ég fátt annað en gefa brjóst og horfa á HM fyrstu vikurnar enda alveg tilvalið sjónvarpsefni fyrir þetta tímabil; passlega spennandi og nánast endalaust.“

## Ógleymanleg stund

Fyrsta stórmót fjölskyldunnar var EM í Frakklandi sumarið 2016. „Það var gjörsamlega ógleymanlegt að sjá liðið sitt á stórmóti að syngja þjóðsönginn með þúsundum Íslendinga og fá síðan að upplifa sigurmarkið gegn Austurríki. Geðshræringin varð svo mikil að fólkið fyrir framan og aftan okkur, sem við höfðum aldrei séð áður, faðmaði okkur í leikslok og við þau eins og týndi sonurinn væri að snúa úr útlegðinni. Áhorfendahópurinn, rúmlega tíu þúsund Íslendingar, varð sem einn maður,“ segir Guðni Már.

Á síðasta ári endaði fjölskyldan sumarfríið á leik Íslands og Sviss á EM kvenna í Hollandi. „Það var einstakt að fylla völlinn af bláum treyjum þegar stórþjóðunum sem höfðu spilað vikuna áður á sama velli hafði ekki tekist það. Leikvangurinn var líka mun minni og nálægðin við völlinn og stemningin í raun enn betri. Það var því eiginlega ekki spurning að við yrðum að komast til Rússlands,“ segir Guðni Már.

Ásdís segir að í landsliðum Íslands séu líka frábærar fyrirmyndir og það skipti miklu máli. „Þar er fólk að ná í fremstu röð, ekki vegna þess að þau séu bestu fótboltamenn í heimi, heldur af því að þau eru besta liðsheildin. Það er eitthvað sem við viljum koma til skila til barna okkar.“

## Grænna hjarta

Þótt fjölskyldan sameinist öll í áhuga á fótbolta eru það strákarnir tveir sem fylgjast mest með boltanum, pabbinn og Nói Pétur, sem er markmaður í 4. flokki Breiðabliks. „Ég held auðvitað með Blikum á Íslandi en í enska er það Liverpool. Pabbi er hins vegar alltaf að reyna fá mig til að halda með Stoke og ÍA en það gengur illa.“





Fjölskyldan í frábærri stemningu á EM árið 2016.

Guðni Már á ættir að rekja upp á Skaga og hefur stutt liðið dyggilega frá gullöld liðsins á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Hann viðurkennir þó að gamla ÍA-hjartað sé farið að grænka aðeins eftir að hafa fylgt drengnum eftir á mót og leiki með Breiðablik undanfarin ár. „Ég kýs að horfa á þetta þannig að þetta er bara eins og þegar nýtt barn bætist í hópinn. Það er nóg ást til í hjarta manns handa hverju og einu þótt börnunum fjölgi.“

## Hæfilega bjartsýn

Þau eru hæfilega bjartsýn fyrir leikina þrjá í riðlinum og vona auðvitað að liðið komist upp úr honum. „Heimir og drengirnir hafa sífellt komið manni á óvart undanfarin ár. Þeir hafa skapað magnaða liðsheild og mæta einbeittir og skipulagðir í hvern leik. Liðið er alltaf Davíð á móti Golíat, sem jafnframt er að tryggja okkur stuðningsmenn um víða veröld, því fólk elskar söguna um ólíklega sigurvegarann sem hefur trú á sjálfum sér.“




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



herra
GARÐURINN
sérsaumur
-klæðir landsliðið vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

# Króatar með bestu frumraunina á HM

**Ef litið er til baka og skoðaður árangur nýliða á Heimsmeistaramótinu frá 1982 hefur aðeins einu liði tekist að komast upp úr átta liða úrslitunum. Það voru Króatar sem tóku bronsverðlaunin í Frakklandi 1998.**

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er annað tveggja liða sem þreyta frumraun sína á Heimsmeistaramótinu í sumar en Panama sem Íslendingar þekkja eflaust vegna vegna Panamaskjalanna og Panamaskurðarins er einnig komið inn á mótið í fyrsta sinn. Eins og frægt er er Ísland fámennasta þjóðin sem sendir lið til leiks með rétt rúmlega 350 þúsund manns en fyrra metið átti Trínídad og Tóbagó sem komst inn á HM 2006 þegar íbúar landsins voru 1,3 milljónir manna.

Verða Ísland og Panama 77. og 78. þjóðirnar sem leika á þessu stærsta sviði heims og er Ísland 32. þjóðin frá Evrópu sem tekur þátt. Fyrstu tvö mótin voru fámenn í Úrúgvæ og á Ítalíu enda þurftu Evrópuþjóðir að sigla yfir til Suður-Ameríku á fyrsta mótið. Úrúgvæ vann fyrstu keppnina á heimavelli sínum 1930 en fjórum árum síðar héldu Ítalir keppnina og unnu bikarinn í fyrstu tilraun.

### Tíu komist upp úr riðlinum

Ákveðið var að skoða frumraunir liða allt aftur til ársins 1982 þegar HM fór fram á Spáni eða níu keppnir aftur í tímann. Var það í fyrsta sinn sem 24 lið mættu til leiks og í fyrsta sinn sem Eyjaálfa átti fulltrúa á mótinu og að þarna voru fulltrúar frá heimsálfunum sex.

Á þessum 36 árum hefur 31 þjóð komist á HM í fyrsta sinn og tíu þeirra komist upp úr riðlakeppninni og í útsláttarkeppnina. Flest þeirra duttu út á næsta stigi, í 16-liða úrslitunum en Írland(1990), Senegal (2002) og Úkraína (2010) komust í átta liða úrslitin. Bestum árangri náði hins vegar Króatía á Heimsmeistaramótinu í Frakklandi 1998 þegar Króatar tóku bronsverðlaun á fyrsta móti sínu.

Króatar fengu ekki þátttökurétt í undankeppni HM 1994 í Bandaríkjunum og rétt sluppu inn á næsta mót sem haldið var í Frakklandi 1998. Hagstæð úrslit í lokaumferð undankeppnninnar kom þeim upp fyrir Grikkland og í umspilssæti þar sem þeir höfðu betur gegn Úkraínu. Með sigrinum komust Króatar í fyrsta sinn á HM undir flaggi Króatíu eftir að hafa áður fyrr tilheyrt Júgóslavíu.



Liðsmynd af króatíska landsliðinu sem vann til bronsverðlauna á Heimsmeistaramótinu í Frakklandi árið 1998.

### Suker leiddi Króatana að bronsinu

Lentu Króatar með nýliðum Jamaíka og Japan í riðli ásamt Argentínu og fóru Króatar nokkuð örugglega áfram eftir tvo sigra í þremur leikjum.

Sendu þeir Rúmena heim í 16-liða úrslitum með marki Davor Šuker en markahrókurinn var aftur á ferðinni í átta liða úrslitunum þegar Króatía vann 3-0 sigur á stjörnum prýddu liði Þýskalands.

Mættu þeir heimamönnum í Frakklandi í undanúrslitum þar sem Suker kom Króötum yfir en Lilian Thuram, bakvörðurinn sterki, sneri taflinu við fyrir Frakkland og kom þeim í úrslitaleikinn með tveimur mörkum. Franska liðið lék manni færri síðasta korterið en náði að loka á Króata og koma í veg fyrir að þeir kæmust í úrslitin strax í fyrstu tilraun. Reyndust mörkin hans Thuram þau einu sem hann skoraði í 142 landsleikjum og tvö af fimmtán mörkum hans á ferlinum sem spannaði átján ár og 825 leiki.

Suker var aftur á ferðinni í leiknum upp á þriðja sætið sem Króatía vann 2-1 gegn Hollandi en hann skoraði sigurmarkið í leiknum rétt fyrir hálfleikinn. Með því tryggði hann að Króatar færu heim með verðlaun á fyrsta Heimsmeistaramótinu sem Króatía tók þátt í. Er það eina skiptið sem Króatar hafa komist upp úr riðlakeppninni en gullaldarkynslóð þeirra mun gera atlögu að því að bæta árangurinn sem náðist fyrir 20 árum í sumar.

Á sama tíma tryggði Suker sér gullskóinn á Heimsmeistaramótinu með sjötta marki sínu í leiknum upp á bronsverðlaunin en hann varð síðar í þriðja sæti í kosningunni um besta leikmann ársins hjá FIFA er hann var leikmaður Real Madrid.

## Nýliðar á HM

**HM 1982 á Spáni:** Alsír (riðlakeppni), Kamerún (riðlakeppni), Hondúras (riðlakeppni), Kúveit (riðlakeppni), Nýja-Sjáland (riðlakeppni).

**HM 1986 í Mexíkó:** Kanada (riðlakeppni), Danmörk (16-liða úrslit), Írak (riðlakeppni).

**HM 1990 á Ítalíu:** Kostaríka (16-liða úrslit), Írland (8-liða úrslit), Sameinuðu arabísku furstadæmin (riðlakeppni).

**HM 1994 í Bandaríkjunum:** Grikkland (riðlakeppni), Nígería (16-liða úrslit), Rússland (riðlakeppni), Sádi-Arabía (16-liða úrslit).

**HM 1998 í Frakklandi:** Króatía (3. sæti), Jamaíka (riðlakeppni), Japan (riðlakeppni), Suður-Afríka (riðlakeppni).

**HM 2002 í Japan og Suður-Kóreu:** Ekvador (riðlakeppni), Kína (riðlakeppni), Sengeal (8-liða úrslit), Slóvenía (riðlakeppni).

**HM 2006 í Þýskalandi:** Angóla (riðlakeppni), Gana (8-liða úrslit), Fílabeinsströndin (riðlakeppni), Tógó (riðlakeppni), Trínídad og Tóbagó (riðlakeppni), Úkraína (8-liða úrslit).

**HM 2010 í Suður-Afríku:** Slóvakía (16-liða úrslit).

**HM 2014 í Brasilíu:** Bosnía og Hersegóvína (riðlakeppni).





LANDSLEIKURINN
SKORAÐU ÁTTA STIMPLA OG SKILAÐU INN
VIÐ DRÖGUM ÚT VINNINGA Í ALLT SUMAR
200.000
STIMPILGJAFIR OG VINNINGAR
1x Samsung sjónvarp 55"
25x 10 drykkir
5x Landmann ferðagasgrill
1x Fjölskylduferð til Tenerife
5x HM boltar
5x Landsliðstreyjur
5x Gjafabréf 15.000 kr.
3x Samsung Multiroom hátalarar
1x Samsung Soundbar
5x Gjafabréf 15.000 kr.
N1 er stoltur bakhjarl KSÍ
LANDSLEIKURINN.IS
Alltaf til staðar

# Spenntur að sjá lifandi goðsögn mæta Íslandi

Hermann Hreiðarsson lék í fimmtán ár með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu, en náði aldrei að spila á stórmóti. Hermann fór á Evrópumótið árið 2016 sem eldheitur stuðningsmaður og ætlar að gera slíkt hið sama á heimsmeistaramótinu. Hermann er öllum hnútum kunnugur í Moskvu.



Hermann Hreiðarsson í leik með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu á móti Þýskalandi. Hermann lék 89 landsleiki fyrir Íslands hönd og skoraði í þeim leikjum fimm mörk. Hermann þjálfar nú lið í indversku ofurdeildinni ásamt David James, fyrrverandi liðsfélaga sínum hjá Portsmouth. Hermann ætlar að fara til Rússlands og styðja íslenska liðið með ráðum og dáð. Hermann er spenntastur fyrir því að sjá leikmenn Íslands mæta Lionel Messi.

Það er algjör skylda að mínu mati að fara á allavega einn leik þegar Ísland kemst á stóra sviðið á heimsmeistaramótinu. Ég fór á einn leik á Evrópumótinu og stefni á að gera slíkt hið sama í Rússlandi. Þegar Ísland tekst á við besta leikmann heims, það er Lionel Messi, þá er ekki hægt að láta sig vanta, þannig að ég ætla að sjá leikinn gegn Argentínu í Moskvu,“ sagði Hermann Hreiðarsson, fyrrverandi fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, þegar Fréttablaðið innti hann eftir áformum hans í kringum heimsmeistaramótið sem hefst í dag.

„Heimsmeistaramótið er mun stærra svið en Evrópumótið og það verður mikil upplifun að sjá íslenska liðið taka þátt í þessu stóra móti. Mín tilfinning er sú að þetta sé í fyrsta en ekki síðasta skipti sem liðið kemst á heimsmeistaramótið, en ég ætla hins vegar ekki að taka áhættuna ef þetta verða einstakur viðburður í knattspyrnusögunni. Ég næ að slá tvær flugur í einu höggi með því að sjá leikinn gegn Argentínu, það er að vera á vellinum þegar Ísland leikur sinn fyrsta leik á heimsmeistaramóti í sögunni og sjá að mínu mati besta leikmann sögunnar, Lionel Messi,“ sagði Hermann enn fremur.

„Ég hef ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að sjá með berum augum Lionel Messi spila. Maður hefur bara fylgst agndofa með tilþrifum hans sitjandi í sófanum að horfa á hann í sjónvarpinu. Ég hlakka mikið til að sjá hann leika listir sínar fyrir framan mig. Sviðið verður ekki stærra og það verður gaman að sjá íslensku leikmennina kljást við þessa lifandi goðsögn í knattspyrnuheiminum,“ sagði Hermann með glampa í augunum af spennu.

„Ég hef sjálfur spilað í Moskvu, bæði með landsliðinu og Evrópuleik með Ipswich Town. Ég hef einnig farið þangað sem ferðamaður, en ég fór í ferð á vegum Íslandsstofu og tók bæði Moskvu og Sankti Pétursborg út. Ég tók heilan dag í að rölta um Moskvu þvera og endilanga og undir lok dags var ég farinn að rata og átta mig á kennileitum í þessari glæsilegu borg. Ef einhvern vantar leiðsögumann í ferð sína til Rússlands þá er hægt að hringja í mig. Mín upplifun af borginni er góð og ég mæli með henni við hvern þann sem spyr mig,“ sagði Hermann um upplifun sína af Moskvu.

> **Þegar Ísland tekst á við besta leikmann heims, það er Lionel Messi, þá er ekki hægt að láta sig vanta, þannig að ég ætla að sjá leikinn gegn Argentínu í Moskvu.**
>
> Hermann Hreiðarsson

„Ég er alveg kominn yfir það að geta ekki leikið á þessu getustigi lengur. Það var til að mynda frábær skemmtun að vera partur af þeirri flottu umgjörð sem var í kringum Evrópumótið. Hitta gamla félaga úr boltanum, hressa stuðningsmenn íslenska liðsins og drekka í sig stemmingu frá stuðningsmönnum annarra þjóða. Ég verð illa svikinn ef umgjörðin verður ekki í sama gæðaflokki hjá Rússunum,“ sagði Hermann þegar hann var spurður að því hvernig tilfinningin væri að horfa á íslenska liðið úr stúkunni.

„Ég er alveg ofboðslega spenntur fyrir þessu móti, en ég hef ávallt verið límdur við skjáinn á meðan á mótinu stendur og það verður að öllum líkindum alveg magnað að vera viðstaddur. Við erum að sjálfsögðu í ofboðslega erfiðum riðli og það verður þrautin þyngri að komast upp úr honum. Argentína fór í úrslit síðast og margir telja að þetta sé síðasti möguleiki fyrir Lionel Messi til þess að vinna mótið og hann verði afar mótiveraður nú. Við vitum það vel hvað Króatía getur eftir að hafa mætt þeim fjölmörgum sinnum undanfarin ár og Nígería er með öflugt lið. Ég hef hins vegar fulla trú á íslenska liðinu og tel að það geti vel farið upp úr riðlinum,“ sagði Hermann um möguleika íslenska liðsins á heimsmeistaramótinu.


Magnesíum Recovery fyrir íþróttafólk



Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi hjarta, vöðva og nýrna.

Magnesíum Recovery er sérstaklega þróað með íþróttafólk í huga.

Getur hindrað krampa og flýtt fyrir endurheimti vöðva eftir mikil átök.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.




*Magnesíum Recovery er staðalbúnaður í maraþonhlaupum. Hraðvirkt og áhrifaríkt. Hefur slegið á krampa eftir hlaup á aðeins 10 sekúndum!* - Sigurjón Sigurbjörnsson, langhlaupari

# ÁFRAM ÍSLAND!

## STAUP & STUÐ!




## HALTU VEL UTAN UM RÚBLURNAR ÞÍNAR!













## SKREYTTU ALLT! LÍKA ÞIG!










## STUÐNINGSARMBÖND ÁTT ÞÚ ÖLL ÞRJÚ?




Framúrskarandi fyrirtæki

# ÁFRAM ÍSLAND!


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Ísland hóf undankeppni HM á því að gera 1-1 jafntefli við Úkraínu á tómum Ólympíuleikvangi í Kænugarði. Alfreð Finnbogason skoraði mark íslenska liðsins snemma leiks.

# Leiðin á HM



Íslendingar unnu ævintýralegan sigur á Finnum, 3-2, í fyrsta heimaleiknum í undankeppninni. Ísland lenti tvisvar undir í leiknum og Gylfi Þór Sigurðsson klúðraði vítaspyrnu í seinni hálfleik. En tvö mörk í uppbótartíma, frá Alfreð og Ragnari Sigurðssyni, tryggðu Íslandi fyrsta sigurinn í undankeppninni.



Ísland vann öruggan sigur á Tyrklandi á heimavelli, 2-0. Íslendingar spiluðu fyrri hálfleikinn af miklum krafti og leiddu 2-0 að honum loknum. Theodór Elmar Bjarnason og Alfreð skoruðu mörkin undir lok fyrri hálfleiks. Fjarvera Arons Einars Gunnarssonar kom ekki að sök.



Tvö mörk frá Marcelo Brozovic tryggðu Króötum 2-0 sigur á Íslendingum á Maksimir-vellinum í Zagreb, vellinum þar sem Króatía vann Ísland í umspili um sæti á HM 2014. Þetta var fyrsta tap Íslands í undankeppninni.



Ísland vann sinn fyrsta útisigur í undankeppninni þegar liðið lagði Kósovó að velli, 1-2, í fyrsta landsleik þjóðanna. Björn Bergmann Sigurðarson skoraði fyrra markið, sem var hans fyrsta fyrir landsliðið, og Gylfi Þór Sigurðsson það síðara úr vítaspyrnu. Kósovóar þjörmuðu að Íslendingum en þeir héldu út.



Skallamark Harðar Björgvins Magnússonar á lokamínútunni tryggði Íslandi fyrsta sigurinn á Króatíu í sögunni. Íslenska liðið sýndi mikinn styrk í leiknum gegn gríðarsterkum Króötum sem töpuðu þarna sínum fyrsta leik í undankeppninni. Með sigrinum jafnaði Ísland Króatíu að stigum á toppi riðilsins.



Lokaspretturinn í undankeppninni byrjaði ekki vel, eða með 1-0 tapi fyrir Finnlandi í Tampere. Íslenska liðið náði sér engan veginn á strik gegn baráttuglöðum Finnum sem unnu sinn fyrsta sigur í undankeppninni. Rúrik Gíslason var rekinn af velli í seinni hálfleik.





Ísland gerði sér lítið fyrir og vann 0-3 sigur á Tyrklandi frammi fyrir metfjölda áhorfenda á Eskisehir-vellinum. Jóhann Berg Guðmundsson og Birkir Bjarnason skoruðu í fyrri hálfleik eftir undirbúning Jóns Daða Böðvarssonar sem átti sinn besta landsleik á ferlinum. Í upphafi seinni hálfleiks skoraði Kári Árnason svo þriðja markið eftir vel útfærða hornspyrnu og eftir það voru úrslitin ráðin. Íslendingar fögnuðu vel og innilega eftir leikinn, sérstaklega eftir að fregnir bárust af því að Finnar hefðu jafnað undir lokin gegn Króötum. Íslandi dugði því sigur á Kósovó til að komast á HM í fyrsta sinn í sögunni.




Ísland tryggði sér farseðilinn til Rússlands með 2-0 sigri á Kósovó 9. október 2017 á Laugardalsvellinum. Gylfi og Jóhann Berg skoruðu mörkin. Ísland varð þar með langfámennasta þjóðin til að komast á HM. Íslendingar unnu alla fimm heimaleiki sína í undankeppninni með markatölunni 10-2.

Íslendingar hristu af sér vonbrigðin eftir tapið fyrir Finnum og unnu 2-0 sigur á Úkraínumönnum þremur dögum síðar. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörkin í seinni hálfleik. Hinn Hafnfirðingurinn í íslenska liðinu, Emil Hallfreðsson, var frábær í seinni hálfleiknum.

# SPORTS DIRECT




FIFA Iceland Core Junior T-shirt



2.190KR

FIFA Iceland Poly Junior T-shirt



2.390KR

FIFA Iceland Polo Mens T-shirt



3.590KR

FIFA Iceland Core Ladies T-shirt



2.590KR

HLAUPA • FÓTBOLTA • GOLF • ÚTIVIST • HJÓLA • SUND




**SPORTS DIRECT**

(NDS EHF),
SKÓGARLIND 2,
KÓPAVOGI 201

Nike • PUMA • adidas • UNDER ARMOUR • asics







**Stuðningsmenn íslenska landsliðsins voru mættir á fyrstu æfingu liðsins í Rússlandi.** MYND/EYÞÓR

# Ekki áhyggjur af nokkrum hlut

## Undirbúningur þátttöku Íslands í Heimsmeistaramótinu í fótbolta 2018 hefur staðið yfir í tæp tvö ár. Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, er fararstjóri liðsins.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@frettabladid.is



Undirbúningurinn hófst í raun áður en við unnum sæti á HM. Það er komið eitt og hálft ár síðan við völdum okkur hótel. Þegar tryggt var að liðið færi út fór allt á fullt. Eitt af því fyrsta sem við gerðum var að ráða inn fleira starfsfólk til að halda utan um skipulagið allt. Svo hófst vinnan og verkefnin hafa verið tekin fyrir eitt af öðru," segir Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ og fararstjóri íslenska landsliðsins í Rússlandi, en hún gaf sér nokkrar mínútur í spjall áður en hópurinn lagði af stað til Rússlands á laugardaginn.

Þá var undirbúningurinn á lokasprettinum og óteljandi handtök og margra mánaða vinna að skila sér.

„Því er ekki að neita að þetta er mun flóknara verkefni en þegar liðið fór á EM í Frakklandi. Meginskipulagningin fer fram á skrifstofunni og þar erum við með fjölmiðladeild, landsliðsdeild og miðadeild. Þetta er tíu manna hópur sem heldur utan um pappírshlið mála og nagar blýantana. Svo kemur fjöldi fólks að öðrum þáttum sem tengjast liðinu sjálfu eins og þjálfarar, sjúkraþjálfarar og margir fleiri. Farnar voru tvær ferðir þvers og kruss um Rússland til að skoða hótel og eftir að það var klárt hafa tvær vettvangsferðir verið farnar. Þá fór hópur út um daginn á undan landsliðinu sjálfu til að undirbúa komu þess út," segir Klara.

Samstarfið við rússneska kollega hafi gengið vel.

„Við óskuðum eftir ákveðinni uppfærslu á hótelinu og brugðist var vel við öllum okkar kröfum. Við erum með langa tékklista og tékklista yfir tékklistana og þeim boxum sem eftir á að tikka í fækkar hratt. Þetta er allt að smella. Helsta vandamálið sem við þurftum að kljást við var að fá nógu gott þráðlaust net. En gott netsamband er nauðsynlegt, bæði fyrir liðsmenn og þjálfara og alla sem að þessu standa," segir Klara.



> Á hverjum leikstað erum við með fjögurra manna sveit frá okkur sem mætir á undan liðinu á leikstaði og verður til aðstoðar, hvort sem um ræðir fjölskyldur leikmanna eða almenna stuðningsmenn landsliðsins.

Ekki væsi því um íslenska landsliðið og passað verði vel upp á góðan mat og drykk.

„Nú fara tveir kokkar með okkur út sem er breyting frá því á EM. Við verðum með okkar eigin eldhús og fáum aðstöðu á hótelinu til þess. Kokkarnir kaupa inn og sjá alfarið um að elda ofan í liðið. Að vissu leyti er þetta hagkvæmara og auðveldara fyrir okkur, að stjórna því hvað við fáum. Í Rússlandi er ekkert að hráefninu en matreiðslan er kannski önnur. En við verðum með þaulreynda kokka með okkur. Leikmenn borða oft og þurfa mikla og góða næringu," segir Klara.

Hópurinn heldur þó ekki einungis utan um mál landsliðsins heldur þjónustar fjölskyldur leikmanna og aðstoðar einnig stuðningsmenn liðsins.

„Á hverjum leikstað erum við með fjögurra manna sveit frá okkur sem mætir á undan liðinu á leikstaði og verður til aðstoðar, hvort sem um ræðir fjölskyldur leikmanna eða almenna stuðningsmenn landsliðsins. Þá verður okkar besta manneskja í miðamálum úti allan tímann til taks," segir Klara. Greinilega er því vel búið um hnútana enda segir hún engan taugatitring að finna í undirbúningshópnum.

„Ég hef ekki miklar áhyggjur af nokkrum hlut. Við erum mjög vel undirbúin og skipulögð og mjög vel mönnuð. Við erum líka með góðan stuðning af skrifstofunni heima meðan á keppni stendur. Auðvitað mun eitthvað koma upp og örugglega á eftir að koma í ljós að eitthvað gleymdist en við erum reiðubúin að bregðast við öllu sem kemur upp þegar það kemur."


BLACKB
#BLACKBOXPIZZERIA
EPSON
dk iPos snjalltækjalausn
Fyrir verslun og þjónustu
Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi
dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim
fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.
VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS
2018
2017
Framúrskarandi fyrirtæki
2017
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
20 ára

1.298 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNAHNAKKI ÚRB.
verð áður 1.795 kr./kg

1.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNALUNDIR
verð áður 2.398 kr./kg

3.898 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



NAUTA T-BONE
verð áður 4.898 kr./kg

2.798 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



LAMBA INNRALÆRI
verð áður 3.498 kr./kg

69 kr./stk.




PEPSI EÐA PEPSI MAX 330CL DÓS

1.778 kr.



HM HÚFA

198 kr./stk.



ANDLITSLITUR RAUÐUR, BLÁR EÐA HVÍTUR

396 kr./pk.




KÓKÓMJÓLK - KAUPIR 4 FÆRÐ 6

664 kr.




ÍSEY SKYR CRÉME BRULEE 6X170G - KAUPIR 4 FÆRÐ 6

998 kr.

KAUPAUKI




COKA COLA 4X2L + 2 GLÖS KAUPAUKI

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

2.998 kr.




HM BOLUR KLAPP LÍTILL EÐA STÓR

998 kr./stk.



FIXONI SAMFELLA ÝMSAR STÆRÐIR RAUÐ EÐA BLÁ

1.968 kr.



HM BUFF

1.779 kr.



HM SVITABAND

# FJARÐARKAUP HM VEISLA 14. - 16. JÚNÍ

832 kr.




HM OSTATVENNA

728 kr.




HM GÓÐOSTUR

2.798 kr.




NÓA SÚKKULAÐI FÓTBOLTI

398 kr.




NÓA KROPP RISAPOKI 200G

lítill 438 kr.

stór 588 kr.



ÍSLENSKI FÁNINN 2 STÆRÐIR

FK FJARÐARKAUP

# HM-veisla í nýja sjónvarpinu

**Ásgeir Gunnarsson var dreginn út í HM-leik Fréttablaðsins og Heimilistækja. Hann fékk í vinning 65" Philips-snjallsjónvarp ásamt 32" Philips-sjónvarpi. Ásgeir trúði ekki fyrst að hann hefði verið sá heppni en sjónvarpið á heimilinu dó um daginn. Verðmæti vinningsins er 259.995 krónur.**

Ásgeir segir að hann taki stundum þátt í svona leikjum enda kosti það ekki neitt. Hann hefur þó aldrei fyrr haft heppnina með sér. Í fyrstu trúði hann ekki Ingva Erni Ingvasyni, markaðssérfræðingi Fréttablaðsins, þegar hann hringdi. „Ég á nokkra hrekkjalóma fyrir vini og var viss um að þeir væru að gera at í mér. Eftir að ég gúglaði nafn Ingva og sá að hann var starfsmaður blaðsins trúði ég þessu loksins. Ég tók í höndina á honum þegar hann afhenti tækið og baðst afsökunar á viðbrögðunum,“ segir Ásgeir léttur í lund.

Nýja tækið kom sér einstaklega vel þar sem gamla sjónvarpið á heimilinu dó fyrir stuttu. „Við hjónin fórum í nokkrar verslanir um síðustu helgi til að leita að rétta sjónvarpinu. Ákváðum að hugsa málið aðeins þannig að það munaði mjög litlu að ég hefði verið búinn að kaupa mér nýtt tæki,“ útskýrir hann. Eiginkona Ásgeirs heitir María Jensdóttir og þau eiga tvö börn. „Núna er nýtt sjónvarp komið í hús algjörlega óvænt. Þetta er mun stærra en gamla sjónvarpið og það verður gaman að fylgjast með leikjunum í því.“

Ásgeir segist alltaf hafa haft gaman af knattspyrnu og hlakkar mikið til HM. „Ætli það sé ekki ástæða til að taka upp kampavín og fagna vinningnum,“ segir hann en minna sjónvarpið ætla þau að setja upp í svefnherbergi þeirra hjóna. „Þetta verður sannkölluð HM-veisla hjá okkur.“

### Vinningurinn

Nýjasta kynslóð Philips-sjónvarpa hefur nýtt og endurbætt viðmót með Android 6.0 stýrikerfi sem einfaldar sjónvarpsupplifunina. Þriggja hliða Ambilight baklýsing eykur þægindi við áhorfið og skapar flotta litadýrð á nærliggjandi vegg sem dansar í takt við myndina á skjánum. Ambilight baklýsingin dregur athyglina á réttan stað og auðveldar áhorfendum að sökkva sér inn í leikinn. Glæsilegt DTS HD Premium Sound hljóðkerfi er með djúpum bassa og kristaltærum samtölum. P5 Perfect Picture Engine og HDR plus myndvinnsla auka myndgæðin svo um munar, litir verða bjartari og smáatriði öðlast meiri dýpt. Aukin skerpa og mýkri hreyfingar á skjánum svo Ásgeir missir aldrei af boltanum sama hversu mikill hraði er á leiknum.




Sæunn Ósk Sæmundsdóttir, aðstoðarverslunarstjóri Heimilistækja, afhendir Ásgeiri Gunnarssyni, vinningshafa HM-leiks Fréttablaðsins og Heimilistækja, nýja tækið. Með á myndinni er Ingvi Örn Ingvason, markaðssérfræðingur Fréttablaðsins. MYND/ANTON BRINK

PHILIPS TILBOÐ

HM 2018 Á HEIMAVELLI




Philips 65PUS7803

32“ Philips sjónvarp fylgir völdum 65“ og 75“ sjónvörpum

Ný kynslóð Philips sjónvarpa hafa stóraukin myndgæði með P5 Perfect Picture Engine ásamt HDR Plus myndvinnslu með bjartari litum, meiri dýpt, aukinni skerpu og mýkri hreyfingum. Þriggja hliða Ambilight baklýsing og glæsilegt DTS HD Premium Sund hljóðkerfi með djúpum bassa og kristaltærum hljómi tryggja að þú missir aldrei af boltanum.

ambi light 3

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HM tilboð

# PARKET

## 20-40% afsláttur
















HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar

Áfram Ísland

# Eplið féll ei langt frá eikinni

Fjórir leikmenn í íslenska HM-hópnum eiga foreldra sem hafa spilað fyrir íslenskt A-landslið. Hér að neðan má sjá hvaða fjórir leikmenn þetta eru og afrek foreldra þeirra tíunduð í stuttu máli.

### Albert Guðmundsson

Guðmundur Benediktsson og Kristbjörg Ingadóttir

Albert Guðmundsson er af íslenskum fótboltaaðalsættum. Faðir hans, Guðmundur Benediktsson, lék tíu landsleiki á árunum 1994 til 2001 og skoraði tvö mörk. Móðir Alberts, Kristbjörg Ingadóttir, lék fjóra landsleiki 1996, árið áður en Albert fæddist. Faðir hennar, Ingi Björn Albertsson, lék 15 landsleiki og skoraði tvö mörk. Faðir hans, Albert Guðmundsson, var fyrsti atvinnumaður Íslands, lék fyrsta landsleik Íslendinga 1946 og skoraði tvö fyrstu mörk íslenska landsliðsins. Albert eldri lék alls sex landsleiki og skoraði tvö mörk.





Hér til vinstri má sjá Guðmund Benediktsson í leik með U-21 árs landsliðinu og að ofan má sjá Kristbjörgu Ingadóttur við þjálfun.



Bjarni Sveinbjörnsson á æfingu með Þór, en hann var afar drjúgur fyrir liðið.

### Birkir Bjarnason

Bjarni Sveinbjörnsson

Birkir Bjarnason er sonur Bjarna Sveinbjörnssonar sem lék lengst af með Þór á Akureyri. Bjarni var skæður framherji og var næstmarkahæsti leikmaður efstu deildar 1992 og 1994. Hann spilaði einnig eitt tímabil með ÍBV og eitt með Dalvík. Bjarni lék einn landsleik, gegn Færeyjum 1985. Birkir hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu á undanförnum árum. Hann hefur leikið 67 landsleiki og skorað níu mörk. Birkir hefur leikið með Aston Villa síðan í ársbyrjun 2017.



Eyjólfur Sverrisson fær ráðleggingar frá Guðjóni Þórðarsyni í landsleik.

### Hólmar Örn Eyjólfsson

Eyjólfur Sverrisson

Varnarmaðurinn Hólmar Örn Eyjólfsson er sonur Eyjólfs Sverrissonar, fyrrverandi landsliðsfyrirliða og -þjálfara. Eyjólfur lék 66 landsleiki á árunum 1990 til 2001 og skoraði tíu mörk, þar á meðal frægt mark á móti heimsmeisturum Frakka á Stade de France. Eyjólfur lék með Tindastóli, Stuttgart, Besiktas og Hertha Berlin. Hann varð bæði þýskur og tyrkneskur meistari og lék í Meistaradeild Evrópu. Eyjólfur stýrði A-landsliðinu 2006-07 en hefur þjálfað U-21 árs landsliðið síðan 2009 og kom því á EM 2011. Hólmar lék undir stjórn föður síns í U-21 árs landsliðinu.

### Rúnar Alex Rúnarsson

Rúnar Kristinsson

Markvörðurinn Rúnar Alex er sonur Rúnars Kristinssonar, eins besta fótboltamanns sem Ísland hefur átt. Rúnar lék 104 landsleiki á árunum 1987 til 2004 og skoraði þrjú mörk. Hann er eini íslenski fótboltamaðurinn sem hefur leikið 100 landsleiki eða fleiri. Rúnar lék með KR, Örgryte, Lilleström og Lokeren á löngum og farsælum ferli. Hann stýrði KR á árunum 2010-14 og Rúnar Alex steig sín fyrstu skref í meistaraflokki undir stjórn föður síns. Rúnar tók aftur við KR síðasta haust eftir að hafa þjálfað Lilleström og Lokeren.




Morgundagurinn verður betri með After Party

Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.artasan.is


BIOTHERM HOMME
N°1 WORLDWIDE IN MEN'S SKIN CARE*
A GREAT DAY ALWAYS HAS A GREAT START
I KICKSTART MY DAY WITH AQUAPOWER
#GREATSTART
RAKAGEFANDI ANDLITSGEL. 48 STUNDA RAKAGJÖF
*SOURCE EUROMONITOR INTERNATIONAL LIMITED, RETAIL VALUE, RETAIL SELLING PRICES, 2005-2014.
BIOTHERM HOMME
AQUAPOWER
SOIN OLIGO-THERMAL HYDRATATION DYNAMIQUE
OLIGO-THERMAL CARE DYNAMIC HYDRATION

# Geggjað að Ísland sé á HM

Helena Ólafsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu, heldur mest upp á HM 1986 þar sem Maradona fór á kostum. Hún segir eiginlega lygilegt að Ísland sé með á stærsta sviði fótboltans.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@frettabladid.is



HM keppnin 1986 er í mestu uppáhaldi hjá mér. Foreldrar mínir gáfu mér vídeóspólu með keppninni svo ég gat horft á hana aftur og aftur. Mitt lið var Argentína, Maradona var minn uppáhaldsleikmaður og hann var frábær í þessari keppni. Ég gat meira að segja fyrirgefið honum að skora mark með hendi guðs á móti Englandi. England er lið sem ég hef líka alltaf haldið með en þarna var mér sama því mér fannst Maradona eins og töframaður með boltann. Í raun var hann aðalmaðurinn, dýrasti leikmaður í heimi og fyrirliði liðsins. Menn létu hann líka finna fyrir sér og í fyrsta leik var hann sparkaður ótal oft niður. En það voru fleiri flottir kappar sem tóku þátt í þessari keppni og einn markaskorari sem var líka í miklu uppáhaldi hjá mér og hann varð markahæstur í keppninni en það var Gary Lineker. Ég var sátt við að fyrst England náði ekki lengra áttu þeir þó markakónginn," segir Helena Ólafsdóttir, ein besta knattspyrnukona sem Ísland hefur alið.

Úrslitaleikurinn 1986 var milli Argentínu og Þýskalands. „Argentína vann leikinn 3-2 en Maradona skoraði þó ekki en þarna voru margir kappar að spila sem maður þekkti, eins og Karl-Heinz Rummenigge og Rudi Völler. Mér fannst þetta allt svo geggjað. Við krakkarnir lékum okkur í fótbolta á milli leikja, skiptum í lið og skírðum þau eftir landsliðunum," rifjar Helena upp.

### Fótbolti óútreiknanlegur

*En hvað er það við HM sem er svona spennandi?*

„HM er auðvitað risadæmi. Þetta er stærsta fótboltakeppni í heimi og þarna eru bestu leikmenn í heimi. Fótbolti er oft svo óútreiknanlegur og það er bara einhver risasjarmi yfir þessu öllu. Svo er sjónvarpið stútfullt af fótbolta í mánuð og það er auðvitað veisla fyrir fólk eins og mig sem hefur mjög gaman af því að horfa á knattspyrnu. Ég held að þessi keppni 2018 verði alltaf efst í huga manns þar sem Ísland er með í fyrsta sinn. Eiginlega er lygilegt að við séum á þessu stærsta sviði fótboltans. Það sýnir þó að allt er hægt ef allir leggjast á eitt í einu liði," svarar hún.

Þegar Helena er spurð hvaða væntingar hún hafi til íslenska liðsins á HM og hvaða leikmenn hún sé spenntust að sjá kemur í ljós að hún er frekar hófstillt í væntingum til liðsins á þessu móti. „Við erum jú í mjög erfiðum riðli. Það er erfitt að toppa EM 2016 en strákarnir hafa sýnt að þeir geta allt. Ég hef eins og fleiri haft áhyggjur af Gylfa en hann lítur vel út og virðist vera búinn að ná sér. Þá er eftir Aron fyrirliði sem er gríðarlega mikilvægur fyrir okkur og það skiptir okkur miklu að hann geti spilað alla þrjá leikina í riðlinum. Ef allt smellur förum við upp úr riðlinum og ég vona að það gerist. En ég er pínu hrædd um að við spilum bara þessa þrjá leiki samt. Vonandi hef ég rangt fyrir mér."



Helena segir að sér finnist risasjarmi yfir HM í fótbolta. MYND/ANTON BRINK

> **HM er risadæmi. Þetta er stærsta fótboltakeppni í heimi og þarna eru bestu leikmenn í heimi. Fótbolti er oft óútreiknanlegur.**
>
> Helena Ólafsdóttir

### Geggjað að fylgjast með liðinu

Helena ætlar að sjálfsögðu að fylgjast vel með HM næstu vikurnar og reiknar með að horfa enn meira á fótbolta en vanalega. „Ég horfi mikið á fótbolta þar sem ég vinn við hann þannig að ég mun sjá enn meira en vanalega. Ég næ ekki að sjá alla þá leiki sem mig langar að sjá þar sem ég er stundum með æfingar seinnipartinn á daginn. Ég mun taka þann tíma algjörlega frá þegar íslenska liðið spilar og sjá allt sem því viðkemur. Þetta verður hreinlega geggjað að þeir séu þarna."

*Hvað er helst á döfinni hjá þér næstu mánuði?*

„Það er hálfgerð fótboltavertíð hjá mér á sumrin. Ég er þjálfari ÍA í 1. deild kvenna, Inkasso, og svo er ég umsjónarmaður Pepsi-marka kvenna. Ég vinn á veturna í 50% starfi sem kennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands og er þar yfir afrekssviði og sú vinna tekur við í haust. Ég útskrifaðist á dögunum sem markþjálfi og stefni á að vinna við það með haustinu. Ég hlakka mikið til og það eru spennandi tímar fram undan."

## Listi yfir þau lið sem hafa náð bestum árangri á HM og að auki nokkur eftirminnileg augnablik úr HM-sögunni.

### Árangur liða á HM

| Lið | Mót (2018 meðtalið) | Titlar | Sigrar | Jafntefli | Töp |
|---|---|---|---|---|---|
| Þýskaland* | 19 | 4 | 66 | 20 | 20 |
| Brasilía | 21 | 5 | 70 | 17 | 17 |
| Argentína | 17 | 2 | 42 | 14 | 21 |
| England | 15 | 1 | 26 | 20 | 16 |
| Spánn | 15 | 1 | 29 | 12 | 18 |
| Frakkland | 15 | 1 | 28 | 12 | 19 |
| Mexíkó | 16 | | 14 | 14 | 25 |
| Úrúgvæ | 13 | 2 | 20 | 12 | 19 |
| Svíþjóð | 12 | | 16 | 13 | 17 |
| Serbía† | 12 | | 17 | 8 | 18 |
| Belgía | 13 | | 14 | 9 | 18 |
| Rússland‡ | 11 | | 17 | 8 | 15 |
| Sviss | 11 | | 11 | 6 | 16 |
| Pólland | 8 | | 15 | 5 | 11 |
| S-Kórea | 10 | | 5 | 9 | 17 |
| Portúgal | 7 | | 13 | 4 | 9 |
| Kólumbía | 6 | | 7 | 2 | 9 |
| Nígería | 6 | | 5 | 3 | 10 |
| Japan | 6 | | 4 | 4 | 9 |
| Danmörk | 5 | | 8 | 2 | 6 |
| Króatía | 5 | | 7 | 2 | 7 |
| Kostaríka | 5 | | 5 | 4 | 6 |
| Perú | 5 | | 4 | 3 | 8 |
| Marokkó | 5 | | 2 | 4 | 7 |
| Ástralía | 5 | | 2 | 3 | 8 |
| Sádi-Arabía | 5 | | 2 | 2 | 9 |
| Túnis | 5 | | 1 | 4 | 7 |
| Íran | 5 | | 1 | 3 | 8 |
| Senegal | 2 | | 2 | 2 | 1 |
| Egyptaland | 3 | | 0 | 2 | 2 |

Árangur liðanna sem eru með á HM 2018

**Flest mörk skoruð**

| | |
|---|---|
| Þýskaland | 224 |
| Brasilía | 221 |
| Argentína | 131 |
| Frakkland | 106 |
| Spánn | 92 |
| Úrúgvæ | 80 |

*Brasilía státar af besta árangrinum; verið með á öllum mótum, unnið flesta leiki (70), komist oftast í úrslit (7) og unnið flesta titla (5).*

| Nýliðar | Árangur í undankeppninni | | |
|---|---|---|---|
| Ísland (*Evrópa*) | 7 | 1 | 2 |
| Panama (*N. Ameríka*) | 3 | 4 | 3 |

* V-Þýskaland meðtalið
† Júgóslavía, Serbía og Svartfjallaland meðtalin
‡ Sovétríkin meðtalin

Heimild: FIFA © GRAPHIC NEWS

### Eftirminnileg augnablik á HM



**Saga HM telur næstum því 90 ár. Þar er að finna sigra og sorgir, hetjur og skúrka, glæsimörk og ótrúlegar markvörslur sem hafa skemmt heimsbyggðinni allri.**



**1930 Fyrstu heimsmeistararnir** *Úrúgvæ 4 Argentína 2*
Fyrsta mótið. Frakkinn Lucien Laurent skorar fyrsta markið í sögu HM. Úrúgvæjar vinna Argentínumenn í úrslitum og fá verðlaunagripinn frá Jules Rimet (til hægri).

**1950 Áfallið á Maracana** *Úrúgvæ 2 Brasilía 1*
Mögulega óvæntustu úrslitin í úrslitaleik HM. Úrúgvæar vinna sigurstranglega Brassa. Alcides Ghiggia skorar sigurmarkið frammi fyrir 200.000 stuðningsmönnum Brasilíu sem er brugðið.

**1958 Goðsögn fæðist** *Brasilía 5 Sovétríkin 0*



Hinn 17 ára gamli Pelé (til hægri) leikur sinn fyrsta leik á HM og leggur upp seinna mark Vavá. Verður síðan yngsti leikmaðurinn til að spila í úrslitaleik þegar Brasilía vinnur Svíþjóð.

**1966 Þeir halda að þetta sé búið** *England 4 V-Þýskaland 2*
Eftirminnilegt augnablik í enskri sögu. Geoff Hurst skorar þrennu, þá fyrstu og einu í úrslitaleik á HM, og tryggir Englendingum dramatískan sigur á V-Þjóðverjum.

**1974 Cruyff snúningurinn** *Holland 0 Svíþjóð 0*
Johan Cruyff sýnir magnaða gabbhreyfingu. Hollenski meistarinn þykist ætla að senda fyrir en snýr í hálfhring og leikur á varnarlausan leikmann Svía.

**1986 Guðlegur innblástur** *Argentína 2 England 1*
Diego Maradona skorar alræmt mark með „Hendi Guðs" í sigri Argentínu á Englandi í 8-liða úrslitum.

**1990 Ópera og fótbolti mætast**
HM á Ítalíu verður að eilífu tengt við tilkomumikinn flutning Lucianos Pavarotti (til vinstri) á aríunni Nessun Dorma.

**2006 Lokaflaut Zidane** *Ítalía 1 Frakkland 1 (Vítakeppni 5-3)*
Zinedine Zidane (t.v.) verður fjórði leikmaðurinn til að vera rekinn út af í úrslitaleik HM eftir að hafa skallað Marco Materazzi í bringuna. Þetta var það síðasta sem Zidane gerði á ferlinum.

**2014 Þýsku meistararnir** *Þýskaland 7 Brasilía 1*
Þýskaland vinnur sögulegan sigur á Brasilíu í undanúrslitum. Þetta er stærsta tap Brassa síðan þeir töpuðu 6-0 fyrir Úrúgvæjum 1920. Miroslav Klose setur met með því að skora sitt 16. mark á HM.

**2018 Allra augu í austri**
**Rússland heldur HM í fyrsta sinn. Ríkjandi heimsmeistarar Þýskalands reyna að jafna met Brasilíu með því að vinna sinn fimmta titil.**



Heimild: FIFA Myndir: Getty © GRAPHIC NEWS

*JS Watch co.*
REYKJAVIK






# VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI
# ÍSLENSKA HM ÚRIÐ

WORLD CUP MMXVIII úrið er hannað í tilefni af glæsilegum árangri íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu þegar þeir tryggðu sér sæti á heimsmeistaramóti í fyrsta sinn í sögunni. Úrið er framleitt í takmörkuðu upplagi á úrsmíðaverkstæði Gilberts Ó. Guðjónssonar og eru aðeins 300 númeruð úr í boði.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

SHOP OF THE YEAR Njörður Award 2013
www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100







# HM 2018 í Rússlandi

**Rússar eru gestgjafar keppninnar í fyrsta skipti, en liðið er það neðsta á mótinu á Það er því mikil áskorun fyrir rússneska liðið að standa í stykkinu á móti sterkust**

Besti árangur Rússlands á HM var þegar Sovétríkin höfnuðu í fjórða sæti árið 1966, komist upp úr riðlakeppni í lokakeppni undir merkjum Rússlands.

**Sigurtilfinning:** Þjóðverjar geta jafnað árangur Brasilíu yfir fjölda HM-titla í sögunni með sigri að þessu sinni. Brasilía hefur unnið keppnina fimm sinnum, en Þýskaland fjórum sinnum.



| | Sigurhlutfall | Sigrar í heimsmeistarakeppnum |
|---|---|---|
| Brazil | 67,3% | 70 |
| Germany | 62,3% | 66 |
| Italy* | 54,2% | 45 |
| Argentina | 54,5% | 42 |
| Spain | 49,2% | 29 |
| France | 47,5% | 28 |
| Netherlands* | 54,0% | 27 |
| England | 41,9% | 26 |

*Did not qualify for World Cup 2018



**Markahæstu leikmenn undankeppninnar:** Robert Lewandowski, framherji Póllands, (til hægri) og Mohammad Al-Sahlawi, leikmaður Sádí-Arabíu, voru markahæstu leikmenn í undankeppni HM 2018 með 16 mörk hvor.

## Leikjad

32 lið leika samt leikstöðum á f

0 FIFA rank at time of draw

### A

FIFA rank: 65, 63, 30, 17

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14. | Rússland | | Sádi-Arabía | Moskva |
| 15. | Egyptaland | | Úrúgvæ | Jekaterínburg |
| 19. | Rússland | | Egyptaland | St. Pétursborg |
| 20. | Úrúgvæ | | Sádi-Arabía | Rostov |
| 25. | Úrúgvæ | | Rússland | Samara |
| | Sádi-Arabía | | Egyptaland | Volgograd |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### C

FIFA rank: 7, 43, 10, 19

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 16. | Frakkland | | Ástralía | Kazan |
| | Perú | | Danmörk | Saransk |
| 21. | Danmörk | | Ástralía | Samara |
| | Frakkland | | Perú | Jekaterínburg |
| 26. | Danmörk | | Frakkland | Moskva |
| | Ástralía | | Perú | Sotsjí |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### B

FIFA rank: 3, 8, 48, 34

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 15. | Marokkó | | Íran | St. Pétursborg |
| | Portúgal | | Spánn | Sotsjí |
| 20. | Portúgal | | Marokkó | Moskva |
| | Íran | | Spánn | Kazan |
| 25. | Íran | | Portúgal | Saransk |
| | Spánn | | Marokkó | Kalíníngrad |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### D

FIFA rank: 4, 21, 18, 41

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 16. | Argentína | | Ísland | Moskva |
| | Króatía | | Nígería | Kalíníngrad |
| 21. | Argentína | | Króatía | Nizhní |
| 22. | Nígería | | Ísland | Volgograd |
| 26. | Nígería | | Argentína | St. Pétursborg |
| | Ísland | | Króatía | Rostov |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

Efstu tvö liðin í hverjum riðli fara áfram í útsláttarkeppni mótsins sem samanstendur af 16 liðum.

### 16 - liða úrslit

Júní — Sotsjí
30. A1
B2

Kazan
30. C1
D2

Júlí — Samara
2. E1
F2

Rostov
2. G1
H2

### Átta liða úrslit

6. júlí — Nizhní

6. júlí — Kazan

### Undanúrslit

6. júlí — St. Pétursborg

### Þriðja

14. júlí

### Úr

15. júlí

Lenín-leik áhorfendaf

Lenín-leikvangurinn var opnaður árið 1956, en þetta flaggskip kommúnistaveldisins í Rússlandi var notað á sumarólympíuleikunum sem haldnir voru í Rússlandi árið 1980 og hýsti úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu árið 2008.

| HEIMSMEISTARAR | | | Gestgjafar |
|---|---|---|---|
| 1930 Úrúgvæ | 4-2 | Argentína | Úrúgvæ |
| 1934 Ítalía | 2-1 | Tékkóslóvakía | Ítalía |
| 1938 Ítalía | 4-2 | Ungverjaland | Frakkland |
| 1950 Úrúgvæ | 2-1 | Brasilía | Brasilía |
| 1954 Vestur-Þýskaland | 3-2 | Ungverjaland | Sviss |
| 1958 Brasilía | 5-2 | Svíþjóð | Svíþjóð |
| 1962 Brasilía | 3-1 | Tékkóslóvakía | Síle |
| 1966 England | 4-2 | Vestur-Þýskaland | England |
| 1970 Brasilía | 4-1 | Ítalía | Mexíkó |
| 1974 Vestur-Þýskaland | 2-1 | Holland | Vestur-Þýskaland |



Source: FIFA Pictures: Getty Images

styrkleikalista FIFA. tu þjóðum heims.

en liðið hefur aldrei



**Joshua Kimmich** er rísandi stjarna hjá þýska liðinu, en þessum 23 ára gamla leikmanni hefur verið spáð góðu gengi á HM í sumar eftir frábæra frammistöðu með Bayern München.

**Telstar 2018** er opinber keppnisbolti á HM í Rússlandi.

**Ígor Akinfeev** er fyrirliði Rússlands, en þessi reynslumikli markvörður sem hefur leikið yfir 100 landsleiki er lykill að því að Rússum gangi vel á mótinu.

## lagskrá

:als 64 leiki á 12 jórum vikum.

### E

2 · 11 · 22 · 38

| Júní | | | |
|---|---|---|---|
| 17. Kostaríka | | Serbía | Samara |
| Brasilía | | Sviss | Rostov |
| 22. Brasilía | | Kostaríka | St. Pétursborg |
| Serbía | | Swiss | Kalíníngrad |
| 27. Serbía | | Brasilía | Moskva |
| Sviss | | Kostaríka | Nizhní |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### F

1 · 16 · 25 · 62

| Júní | | | |
|---|---|---|---|
| 17. Þýskaland | | Mexíkó | Moskva |
| 18. Svíþjóð | | Suður-Kórea | Nizhní |
| 23. Suður-Kórea | | Mexíkó | Rostov |
| Þýskaland | | Svíþjóð | Sotsjí |
| 27. Mexíkó | | Svíþjóð | Jekaterínburg |
| Suður-Kórea | | Þýskaland | Kazan |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### G

5 · 49 · 28 · 12

| Júní | | | |
|---|---|---|---|
| 18. Belgía | | Panama | Sotsjí |
| Túnis | | England | Volgograd |
| 23. Belgía | | Túnis | Moskva |
| 24. England | | Panama | Nizhní |
| 28. England | | Belgía | Kalíníngrad |
| Panama | | Túnis | Saransk |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

### H

6 · 32 · 13 · 44

| Júní | | | |
|---|---|---|---|
| 19. Kólumbía | | Japan | Saransk |
| Pólland | | Senigal | Moskva |
| 24. Japan | | Senigal | Jekaterínburg |
| Pólland | | Kólumbía | Kazan |
| 28. Japan | | Pólland | Volgograd |
| Senigal | | Kólumbía | Samara |

| | L | S | J | T | MS | MÁS | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | | | |
| 2. | | | | | | | |
| 3. | | | | | | | |
| 4. | | | | | | | |

Verði jafnt að lokum leikja í útsláttarkeppni er framlengt og takist ekki að knýja fram úrslit í framlengingunni ráðast úrslit í vítaspyrnukeppni.

sætið
St. Pétursborg

slit

Moskva

## Undanúrslit

11. júlí Moskva

## Átta liða úrslit

7. júlí Sotsjí

7. júlí Samara

## 16 liða úrslit

Júlí Moskva
1. B1
A2

Nizhní
1. D1
C2

St. Pétursborg
3. F1
E2

Moskva
3. H1
G2

vangurinn
öldi: 80,000

Leikvangurinn var opnaður á nýjan leik árið 2017eftir fjögurra ára framkvæmdir en þá hafði þak vallarins verið lagað, sætum fjölgað og leikvangurinn lagaður í sovéskum stíl. Framkvæmdirnar kostuðu um það bil 350 milljónir evra.



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1978 Argentína | 3-1 | Holland | Argentína |
| 1982 Ítalía | 3-1 | Vestur-Þýskaland | Spánn |
| 1986 Argentína | 3-2 | Vestur-Þýskaland | Mexíkó |
| 1990 Vestur-Þýskaland | 1-0 | Argentína | Ítalía |
| 1994 Brasilía | 0-0 (3-2 víti) | Ítalía | Bandaríkin |
| 1998 Frakkland | 3-0 | Brasilía | Frakkland |
| 2002 Brasilía | 2-0 | Þýskaland | Kórea/Japan |
| 2006 Ítalía | 1-1 (5-3 víti) | Frakkland | Þýskaland |
| 2010 Spánn | 1-0 | Holland | Suður-Afríka |
| 2014 Þýskaland | 1-0 | Argentína | Brasilía |

© GRAPHIC NEWS




# Borgir með mikla sögu

**Þeir sem fylgja landsliðinu á HM eiga langt ferðalag fyrir höndum. Langt er á milli borganna þriggja þar sem fyrstu leikirnir fara fram. Best væri að fljúga á milli staða þótt lestarsamgöngur séu ágætar í Rússlandi.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Landsliðið sjálft dvelur allan tímann á hótelinu Nadezhda sem er í fallegum strandbæ við Svartahafið í Krasnodar-fylki. Það tekur um tvær klukkustundir að fljúga til Moskvu frá Krasnodar þar sem fyrsti leikurinn fer fram á laugardag.

## Moskva og Rauða torgið

Moskva er ákaflega falleg borg og þangað er gaman að koma. Nauðsynlegt er að ganga um heimsfrægar slóðir Rauða torgsins til að sjá Kreml sem stendur á bökkum Moskvuár. Veggir Kremlar eru allt að 21 metri á hæð og yfir þeim gnæfa 19 turnar. Þá er gaman að sjá St. Basil dómkirkjuna, grafhýsi Leníns, Bolshoi-leikhúsið, Alexandrovsky-garðinn, gröf óþekkta hermannsins þar sem heiðursvörður stendur allan sólarhringinn. Sömuleiðis verða ferðamenn að skoða hina gömlu verslunarmiðstöð GUM sem þykir einstök í hönnun en hún var byggð 1890 á austurhluta Rauða torgsins. Á tímum Sovétríkjanna var GUM ein af fáum verslunum þar sem ekki var skortur á neysluvörum og biðu viðskiptavinir því iðulega í langri röð sem náði yfir Rauða torgið. Það er auðvelt að ferðast á milli staða í Moskvu með neðanjarðarlestum en umhverfi þeirra þykir mikið listaverk.

## Volgograd áður Stalíngrad

Næsti leikur fer fram í Volgograd. Borgin er á vesturbakka Volgu og er iðnaðar- og hafnarborg. Það tekur um eina og hálfa klukkustund að fljúga frá Moskvu til Volgograd. Á Sovéttímanum hét borgin Stalíngrad. Þarna var háð grimmileg og blóði drifin barátta í seinni heimsstyrjöldinni. Orrustan var ein sú mannskæðasta og um leið ein mikilvægasta í stríðinu og stóð á milli Sovétríkjanna annars vegar og Þjóðverja og nokkurra bandamanna þeirra hins vegar. Talið er að um tvær milljónir manna hafi látist í orrustunni en Þjóðverjar gáfust upp 2. febrúar 1943. Minnisvarða, Mamayev Kurgan, um orrustuna má sjá í Volgograd en styttan er 85 metra há. Þýski herinn lét sprengjum rigna yfir borgina sem olli mikilli eyðileggingu. Sigur Sovétmanna í orrustunni um Stalíngrad markaði upphaf hruns Þjóðverja en sjötti herinn hafði verið einn kröftugasti her sem Þjóverjar höfðu safnað, segir á vef Wikipediu. Upphaflega hét borgin Tsaritsyn en var endurskírð Stalíngrad árið 1925 í höfuðið á Stalín en 10. nóvember 1961 var nafninu breytt í Volgograd eftir ánni Volgu sem hún stendur við.



Mamayev Kurgan er minnisvarði í Volgograd um orrustuna um Stalíngrad.



Rauða torgið í Moskvu dregur að sér fjölda ferðamanna.



Í Rostov on Don er margt áhugavert að sjá og skoða.

Undirbúningur fyrir HM 2018 hófst í borginni fyrir fjórum árum. Fótboltavöllur var byggður rétt hjá Mamayev Kurgan-minnisvarðanum. Sjúkrahús voru endurbyggð, nýir vegir lagðir, hótel byggð og margt fleira. Mikill spenningur er meðal íbúa fyrir HM. Hitinn í Volgograd getur farið yfir 40 stig á þessum tíma árs.

## Rostov

Rostov er þriðja borgin þar sem Íslendingar keppa. Borgin stendur við ána Don. Á árbakkanum standa mörg hótel, veitingahús og næturklúbbar. Eldri byggingar standa nálægt aðalgötunni Pushkinskaya sem er varla gata þar sem ekki er hægt að aka hana. Á þessari götu eru frægar járnskreytingar til heiðurs rússneska ljóðskáldinu Alexander Pushkin. Járnkúlurnar sýna sögur úr lífi Pushkins og sögu hans Évgení Onegin. Þarna eru fallegar byggingar en í einni þeirra bjó Sabina Spielrein en hún var einn af fyrstu kvenkyns sálfræðingum heims, nemandi Sigmunds Freud.

Rétt hjá Budennovsky-stræti er hinn vel þekkti Central-markaður. Þar er allt mögulegt í boði en margir gera sér ferð þangað til að kaupa fínan rússneskan kavíar. Það er gaman að rölta um þennan markað og skoða jafnt matvörur sem fatnað. Falleg kirkja með gullþaki stendur í miðbænum. Í Rostov eru glæsileg söfn, meðal annars eitt um sögu borgarinnar. Upplagt er að fara í siglingu á Don en á leiðinni ber fyrir augu fallegar byggingar, kirkjur og klaustur. Það er mikill íþróttaáhugi í borginni og margir sportbarir, meðal annars Abbey Road pöbbinn sem er allur skreyttur myndum af Bítlunum og plötum þeirra. Þeir sem vilja kynna sér borgirnar betur geta farið inn á welcome2018.com þar sem eru góðar upplýsingar.




MAARUD
GERIR GOTT ENN BETRA
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Paprika
MAARUD
POTETGULL
Salt & Pepper
MAARUD
POTETGULL
Classic Salt
ENDA SPRØERE
Rifla, sprø potetchips
Hittir beint í mark

# Frá smán í Liechtenstein til hæstu hæða í Rússlandi

## Ótrúlegur uppgangur hefur verið í íslenskri knattspyrnu í karlaflokki síðasta áratuginn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan liðið var niðurlægt af smáþjóð haustið 2007.



Gylfi Þór Sigurðsson með boltann í leik með íslenska U-21 árs landsliðinu gegn Sviss á Evrópumótinu í Danmörku árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Leikmenn íslenska liðsins fagna öðru marka sinna gegn Noregi í vináttulandsleik liðanna á Laugardalsvellinum fyrr í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Knattspyrnumenn Íslands risu ekki jafn hátt í alþjóðlegu umhverfi og viðskiptamenn landsins í aðdraganda hruns íslenska bankakerfisins árið 2008. Um miðjan októbermánuð árið 2007 fór íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu í eina sína mestu sneypuför. Ísland sótti þá Liechtenstein heim í undankeppni Evrópumótsins sem haldið var í Austurríki og Sviss árið 2008. Liechtenstein fór með 3-0 sigur af hólmi sem er stærsti sigur þessarar smáþjóðar í undankeppni stórmóts. Þetta var raunar einungis annar sigur Liechtenstein í undankeppni Evrópumóts í sögunni.

Á sama degi var hins vegar ljósið í myrkri íslenskrar knattspyrnu á þeim tíma að spila með U-19 ára landsliði Íslands sem atti kappi við Rúmena. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði þar annað marka íslenska liðsins í 2-0 sigri í undankeppni Evrópumótsins árið 2008 í þeim aldursflokki. Gylfi Þór minnti svo enn frekar á sig þegar hann skoraði þrjú mörk fyrir Ísland í milliriðli undankeppninnar.

**» Ungir leikmenn íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu fengu tækifæri ungir að árum sem reyndist gulls ígildi.**

Haustið 2007 voru leikmenn á borð við Aron Einar Gunnarsson, Ara Frey Skúlason, Birki Bjarnason, Rúrik Gíslason, Kolbein Sigþórsson og Hólmar Örn Eyjólfsson, þrátt fyrir ungan aldur, burðarásarnir í U-21 árs landsliðinu. Gylfi Þór braut sér svo leið inn í þetta lið um þetta leyti eftir vaska framgöngu sína með U-19 ára landsliðinu.

Það var svo í undankeppni fyrir Evrópumót U-21 árs landsliða sem haldið var í Danmörku árið 2011 sem núverandi lykilleikmenn íslenska landsliðsins stukku hressilega fram á sjónarsviðið. Alfreð Finnbogason, sem átti hvorki leik fyrir U-17 eða U-19 ára landslið Íslands, var markahæsti leikmaður liðsins í þeirri undankeppni ásamt Jóhanni Berg Guðmundssyni með fimm mörk. Rúrik Gíslason kom næstur með fjögur mörk og Gylfi Þór og Kolbeinn skoruðu þrjú mörk hvor.

Segja má að sigur þessa liðs á Þýskalandi í Kaplakrika í þessari undankeppni í ágúst árið 2010 hafi kveikt von í brjóstum íslenskra knattspyrnuáhugamanna um að bjartari tímar væru fram undan hjá íslenska A-landsliðinu í karlaflokki. Ísland tryggði sér svo þátttökurétt í lokakeppni mótsins með sigri gegn Skotlandi þar sem Gylfi Þór minnti hressilega á sig með stórglæsilegu marki í leik liðanna ytra.

Aroni Einari var svo kastað út í djúpu laugina af Ólafi Jóhannessyni og Pétri Péturssyni í undankeppni heimsmeistaramótsins 2010, en hann lék þar sinn fyrsta mótsleik einungis 19 ára gamall og lék alls sjö leiki í þeirri undankeppni. Sú reynsla sem hann fékk í undankeppninni var einn af fáum ljósum punktum í þeirri undankeppni, en það átti svo sannarlega eftir að skila sér þegar fram í sótti.



Gylfi Þór Sigurðsson og Birkir Bjarnason fagna vel og innilega dýrmætu marki þess fyrrnefnda í leik Íslands gegn Kósóvó síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fleiri leikmenn fylgdu svo í djúpu laugina með Aroni Einari í undankeppni Evrópumótsins árið 2012. Birkir Bjarnason, Gylfi Þór, Jóhann Berg, Rúrik og Kolbeinn voru allir farnir að gera sig gildandi hjá liðinu þrátt fyrir ungan aldur og báru liðið uppi í þessari undankeppni. Alfreð Finnbogason fékk nokkra leiki og þá lék Hannes Þór Halldórsson sinn fyrsta mótsleik fyrir A-landsliðið í undankeppninni.

Fyrrgreindir leikmenn tóku svo við keflinu í bland við eldri leikmenn í næstu undankeppnum og hafa borið hróður íslenska liðsins um víða veröld æ síðan. Íslenska liðið var grátlega nálægt því að komast í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var í Brasilíu árið 2014, fór í átta liða úrslit á Evrópumótinu árið 2016 og heldur nú áfram að gera íslensku þjóðina stolta með því að taka þátt í lokakeppni heimsmeistaramóts í fyrsta skipti í sögunni.




OTA SOL GRYN
de sunde kerneristede havregryn
HELE DANMARKS MORGENMAD SIDEN 1898
RETRO PAKKE
Dagurinn byrjar alltaf vel með
ristuðum OTA hafragrjónum
OTA SOL GRYN

ÁFRAM ÍSLAND
Styðjum strákana til sigurs

CONCEPT events

BRAMMER
www.brammer.is

SALTKAUP EHF

ZYMETECH

NetApp

Graníthöllin
Legsteinar






Læknahjónin Kristmundur og Jurate Ásmundsson eru dyggir stuðningsmenn íslenska fótboltalandsliðsins og ætla að fylgja liðinu vítt og breitt eftir í Rússlandi og skoða land og þjóð á milli leikja. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Núna eða aldrei

Læknahjónin Kristmundur og Jurate Ásmundsson bókuðu 33 hótel í Rússlandi kvöldið sem ljóst varð að Íslendingar færu á HM. Í för með þeim er einlæg trú á landsliðið.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Kvöldið sem Íslendingar tryggðu sig á HM, eftir sigur gegn Kósovó, stóð ég upp úr sófanum og sagði við frúna: „Það er nú eða aldrei,“ enda var búið að vera lengi í bígerð hjá okkur hjónum að fara til Rússlands,“ segir Kristmundur Ásmundsson, öldrunarlæknir á Landakotsspítala.

Þetta sama kvöld hófst Kristmundur þegar handa við undirbúning ferðalagsins á HM. Dæmið leit svona út: Ellefu mögulegir leikstaðir og þrír leikir á hverjum stað; samtals 33 mögulegir HM-leikir.

„Til að fá sem best kjör pantaði ég strax flugmiða og 33 hótel í gegnum booking.com, og þegar dregið var í riðla 1. desember afpantaði ég það sem ég þurfti ekki lengur með og keypti miða í fyrstu umferð,“ útskýrir Kristmundur sem pantaði fimm miða á mann og á einnig miða í sextán og átta liða úrslit, ef til þess kemur fyrir Ísland.

„Fari Ísland alla leið verður vissulega svekkjandi að vera ekki með en ég ákvað að kaupa ekki fleiri miða þar sem ég þarf að mæta í vinnu eftir sumarfríið. Ég á svo ekki von á því að það verði erfitt að selja þessa miða ef með þarf, og vafalaust margir sem vilja komast á þessa leiki, sama hvaða lönd keppa, en við vonumst auðvitað til að Ísland verði eitt af þeim.“

## Bæði elska og hata Rússa

Eiginkona Kristmundar, Jurate Ásmundsson, læknir og sérfræðingur í meinafræði og frumumeinafræðum á Landspítala, er potturinn og pannan í Rússlandsferð þeirra hjóna.

„Jurate er fædd í Litháen en alin upp í gömlu Sovétríkjunum, talar reiprennandi rússnesku og þekkir rússneska hugsunarháttinn. Litháar elska bæði og hata Rússana, því þeir muna vel eftir kúguninni en elska kúltúrinn. Jurate verður minn leiðsögumaður í þessari ferð og við hlökkum mikið til að skoða þetta stóra land og lenda í þessu gjörólíka umhverfi. Þar býr stolt þjóð með mikla sögu og menningu, dásamlega tónlist og einkar ljúffengan

> „Það segir sitt um trú mína á landsliðinu að ég keypti alla þessa miða og er búinn að fá leyfi á spítalanum.

mat,“ segir Kristmundur.

Þau hjón verða á ferðalagi um Rússland í þrjár til fjórar vikur, allt eftir gengi landsliðsins á HM.

„En þótt fótboltaleikirnir séu hápunktar ferðarinnar er svo óskaplega margt og merkilegt að skoða í Rússlandi. Ég hlakka ósegjanlega til að sjá Vetrarhöllina í St. Pétursborg, rússneska náttúru, fólkið og Kreml, og Jurate er ákveðin í að sjá lík Leníns í grafhýsi hans á Rauða torginu í Moskvu,“ segir Kristmundur en þau hjón verða í Nischni Nowgorod á meðan þau bíða eftir leiknum á móti Nígeríu í Volgograd og fara þaðan til Rostov.

## Lék fótbolta með Breiðabliki

Kristmundur og Jurate flugu utan 9. júní með fyrsta beina flugi Siberian Airlines frá Keflavík til Moskvu. Í ferðinni munu þau leggja 5.000 kílómetra að baki og fljúga á milli staða.

„Það verður ævintýri að fara á fyrsta leik Íslands í Moskvu og svo sérlega áhugavert að horfa á leikinn á móti Nígeríumönnum því þeir spila svo ólíkan fótbolta. Ég segi eins og landsliðsmennirnir, að maður er orðinn svolítið þreyttur á að spila á móti Króatíu, en það gæti orðið æsispennandi leikur sem ræður úrslitum um hvernig allt fer,“ segir Kristmundur fullur áhuga og haldinn íþróttabakteríu frá unglingsárunum en hann lék knattspyrnu til tvítugs og handbolta til þrítugs.

„Áhugi á landsliðinu dvínar aldrei en mér er orðið nokk sama hvað er að gerast í enska boltanum. Ég hélt með Leeds United á árum áður en þeir geta bara ekkert í boltanum svo ég nenni ekki að fylgjast með þeim lengur,“ segir Kristmundur sem spilaði fótbolta með Breiðabliki og handbolta með KR og Gróttu.

„Breiðablik hélt mér í liðum sínum upp í tvítugt en það reyndi aldrei almennilega á hæfileika mína þar sem ég var alltaf rifinn úr boltanum í miðjum klíðum og sendur í sveit á sumrin. Síðar tók handboltinn yfir og ég var nógu góður til að spila nokkur ár með meistaraflokki Gróttu í fyrstu deild.“

## Geðshræring í stúkunni

Eftirlætisleikmaður Kristmundar nú um stundir er Gylfi Sigurðsson.

„Gylfi stendur svolítið upp úr en reyndar eru þeir hver öðrum skemmtilegri, strákarnir í landsliðinu, og nú er komið í liðið fullt af ungum piltum sem er forvitnilegt að fylgjast með. Mér finnst líka mjög gaman að fylgjast með fyrirliðanum Aroni Einari, sem er gríðarlegur karakter, og hvernig hann stýrir sínum mönnum,“ segir Kristmundur fullur tilhlökkunar til að setjast í rússneskar stúkur með áhangendum íslenska landsliðsins.

„Rétt eins og aðrir get ég vissulega komist í uppnám og það fer örugglega geðshræring um mann yfir að vera staddur mitt í þessu öllu saman. Það verður ógleymanleg upplifun að taka þátt í víkingaklappinu og kyrja „Áfram Ísland!“ í kraftmiklum kór. Ég er líka búinn að kaupa miða í íslensku eftirpartíin í Volgograd og Rostov en ég sleppi partíinu í Moskvu því þar ætla ég að hitta vin minn og gera eitthvað með honum eftir leik.“

Í farteskinu hjá Kristmundi og Jurate er von og trú á íslenska landsliðinu.

„Það segir sitt um trú mína á íslenska landsliðinu að ég keypti alla þessa miða og er búinn að fá leyfi ef til kemur á spítalanum. Það er heldur engin ástæða til annars en að trúa og vona það besta. Ef íslenska landsliðið nær sama takti og það gerði í Frakklandi, og hefur sýnt í leikjum riðlakeppninnar, mun því ganga allt að óskum. Menn geta auðvitað verið óheppnir og fengið á sig slysamörk en að því slepptu mun þeim ganga vel,“ segir Kristmundur sem heldur með Svíum ef Íslendingar detta út.

„Eftir að hafa búið og starfað sem læknir um árabil í Svíþjóð mun ég vitaskuld halda með Svíum, og ef Svíarnir detta út verður varaliðið að sjálfsögðu Danir. Í dag er þó aðeins eitt sem kemst að og það er: Áfram Ísland!“ segir Kristmundur kátur.



GÓÐUR
UNDIRBÚNINGUR
ER LYKILATRIÐI
NIVEA
MEN
CREME
HEIMIR
HALLGRÍMS
HH
LANDSLIÐS-
ÞJÁLFARI
NIVEA
MEN


NÓA
Súkkulaði boltinn
NÓA
Súkkulaði boltinn
Súkkulaði boltinn
VEIST ÞÚ SVARIÐ?
ÁFRAM ÍSLAND!
Gómsætur súkkulaði fótbolti með skemmtilegum
spurningaspjöldum og Nóa nammi. Fullkomið með boltanum.




# Vellirnir á HM

Allir 64 leikir Heimsmeistaramótsins fara fram á 12 fótboltavöllum sem eru víðs vegar um hið geysistóra Rússland. Vellirnir eru flestir glænýir eða nýuppgerðir.

**Moskva**

## Luzhniki-leikvangurinn



**Sæti:** 81.000
**Vígður:** 1956
Nýlega opnaður aftur eftir breytingar. Leikvangurinn er um 6 kílómetra frá miðbæ Moskvu, sem er í vesturhluta landsins. Þetta er stærsti leikvangur keppninnar og hér fer bæði fyrsti leikur og úrslitaleikur hennar fram. Völlurinn tók áður 100.000 manns í sæti og var aðalleikvangur Ólympíuleikanna í Moskvu árið 1980.

**Moskva**

## Spartak-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Vígður:** 2014
Leikvangurinn er í NV-hluta Moskvu, er venjulega kallaður Otkritie-leikvangurinn og er fyrsti heimavöllur Spartak Moskvu. Hann er skreyttur demantslaga plötum að utan sem er hægt að breyta um lit á eftir því hvaða lið eru að keppa. Hér leikur Ísland fyrsta leik sinn á mótinu, gegn Argentínu, á laugardaginn klukkan 13.00.

**Sotsjí**

## Fisht-leikvangurinn



**Sæti:** 41.220
**Vígður:** 2013
Sotsjí er á strönd Svartahafs og teygir sig um 140 km, sem gerir hana lengstu borg Evrópu. Leikvangurinn var byggður sem aðalvettvangur Vetrarólympíuleikanna 2014 og er suðlægasti leikvangurinn sem er notaður á HM.

**Saransk**

## Mordovia-leikvangurinn



**Sæti:** 44.000
**Vígður:** 2018
Saransk er höfuðborg lýðveldisins Mordovíu og liggur fyrir suðaustan Moskvu. Leikvangurinn er sérlega litríkur, en eftir HM verður hann minnkaður niður í 28 þúsund sæti og verður heimavöllur FC Mordovia Saransk.

**Samara**

## Samara-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Vígður:** 2018
Samara er staðsett í suðausturhluta evrópska hluta Rússlands. Leikvangurinn er hannaður í anda geimferða til að endurspegla mikilis metinn geimvísindageira svæðisins og mun heita Cosmos Arena eftir HM, þegar hann verður heimavöllur Krylia Sovetov.

**Nízhní Novgorod**

## Nízhní Novgorod-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Vígður:** 2018
Nízhní Novgorod er miðstöð stjórnsýslu Nízhegorod-ríkis og er fyrir austan Moskvu. Bygging vallarins hófst árið 2015, sama ár og liðið FC Olimpiyets Nízhní Novgorod var stofnað, en liðið fær völlinn eftir HM.

**Kasan**

## Kasan-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Opnaði:** 2013
Kasan er höfuborg Tatarstan-lýðveldisins og liggur fyrir austan Moskvu. Leikvangurinn var hannaður af þeim sömu og hönnuðu nýju Wembley- og Emirates-leikvangana. Hann var upphaflega byggður fyrir íþróttaleika háskólanema en hefur þjónað sem heimavöllur Rubin Kazan síðan.

**Jekaterínburg**

## Jekaterínburg-leikvangurinn



**Sæti:** 35.000
**Vígður:** 1953
Jekaterínburg er fjórða stærsta borg Rússlands og liggur við rætur Úralfjalla, á landamærum Evrópu og Asíu. Þetta er austlægasti leikvangurinn sem er notaður á HM. Leikvangurinn var upphaflega byggður milli 1953-1957 og endurnýjaður á árunum 2007-2011. Það þurfti svo að bæta við aukastúkum fyrir aftan mörkin til að standast kröfu FIFA um að allir vellirnir á HM hafi 35 þúsund sæti. Leikvangurinn er heimavöllur Úral Jekaterínburg.

**Kalíníngrad**

## Kalíníngrad-leikvangurinn



**Sæti:** 35.000
**Vígður:** 2018
Kalíníngrad er miðstöð stjórnsýslu fyrir Kalíníngrad-ríki og er við Eystrasalt, milli Póllands og Litháen. Eftir HM verður leikvangurinn minnkaður um 10 þúsund sæti og verður heimavöllur Baltika Kalíníngrad, en meðalfjöldi áhorfenda á leikjum liðsins á síðustu leiktíð var rétt tæplega 3.500 manns.

**Rostov**

## Rostov-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Vígður:** 2018
Rostov er fyrir sunnan Moskvu, nálægt Svartahafi. Leikvangurinn var byggður fyrir HM og á að þjóna sem miðjan í nýjum miðbæ borgarinnar. Leikvangurinn verður minnkaður niður í 25 þúsund sæti og verður heimavöllur FC Rostov eftir HM. Hér leikur Ísland þriðja leik sinn á mótinu, gegn Króatíu, þriðjudaginn 26. júní klukkan 18.00.

**Sankti Pétursborg**

## Sankti Pétursborgar-leikvangurinn



**Sæti:** 67.000
**Vígður:** 2017
Sankti Pétursborg er við Finnlandsflóa í Eystrasalti og þetta er norðlægasti leikvangurinn sem er notaður á HM. Leikvangurinn er þekktur sem Krestovsky- eða Zenit-leikvangurinn, en verður kallaður Sankti Pétursborgar-leikvangurinn á meðan HM stendur yfir. Þetta er einn tæknivæddasti leikvangur veraldar og verður heimavöllur liðsins Zenit Sankti Pétursborg eftir HM.

**Volgograd**

## Volgograd-leikvangurinn



**Sæti:** 45.000
**Vígður:** 2018
Volgograd er staðsett í Suðvestur-Rússlandi. Leikvangurinn var byggður sérstaklega fyrir HM, en eftir mótið verður sætum fækkað niður í 35 þúsund og hann verður heimavöllur Rotor Volgograd. Hér leikur Ísland annan leik sinn, gegn Nigeríu, föstudaginn 22. júní kl. 15.00.

nettoline
DANSKAR
INNRÉTTINGAR
Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.
STERKAR OG GLÆSILEGAR
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is
Opið: Mán. - fimmt. kl. 09-18 / Föst. 09-17.
Lokað á laugardögum í sumar.


ÁRNASON
14
HALLDÓRSSON
1
MAGNÚSSON
4
ÖSSUR
FORMFIT®
SPENNAN
MAGNAST
Nýjar vörur væntanlegar frá Össuri
Stoðtækjaþjónusta Össurar
S. 425 3400
ÖSSUR FORMFIT + KSÍ
OSSUR-FORMFIT.COM

# Fékk ekki samning hjá Núma en mætir nú Messi

**Hannes Þór Halldórsson er skýrt dæmi þess að knattspyrnumenn eigi að stefna hátt og aldrei að gefast upp. Hannes Þór var kominn á botninn þegar hann spyrnti við fótum og klifraði hærra og hærra upp metorðastigann. Nú er hann kominn á hátindinn sem er sjálft heimsmeistaramótið.**

Hannes Þór Halldórsson lék sinn fyrsta A-landsleik í septemberbyrjun árið 2011, en hann var þá 27 ára gamall og átti engan leik að baki fyrir yngri landslið Íslands. Hannes Þór var þá leikmaður KR, en hann hafði gengið til liðs við félagið fyrir keppnistímabilið 2011 og varð tvöfaldur meistari með KR á sínu fyrsta tímabili með Vesturbæjarliðinu.

Hannes Þór var verðlaunaður fyrir frammistöðu sína með KR með sæti í landsliðinu og hefur hann ekki litið til baka síðan. Ef litið er hins vegar til baka á leikmannsferil hans má furðu sæta að þessi geðþekki kvikmyndaleikstjóri sé á leiðinni til Moskvu að koma í veg fyrir það að Lionel Messi, einn besti leikmaður knattspyrnusögunnar, komi boltanum í netmöskva íslenska liðsins á stærsta sviði knattspyrnunnar.

Framan af ferlinum glímdi þessi uppaldi Leiknismaður við erfið axlarmeiðsli sem gerðu honum erfitt um vik og komu í veg fyrir að hann kæmist í hæstu hæðir með feril sinn. Þegar Hannes Þór var um tvítugt gekk honum illa að brjóta sér leið inn í uppeldisfélag sitt, Leikni, og leitaði því á önnur mið. Fræg er sagan af því að Númi, sem þá lék í þriðju og neðstu deild íslenskrar knattspyrnu, taldi sig ekki hafa not fyrir íslenska landsliðsmarkvörðinn sem leit við á æfingu hjá liðinu haustið 2004.

Tröppugangur hefur hins vegar verið á ferli hans síðan þá og kemst hann í hæstu tröppu þegar hann mátar sig við bestu knattspyrnumenn heims á stærsta sviði knattspyrnunnar næstu vikurnar. Hannes Þór spilaði með Aftureldingu í 2. deildinni, Stjörnunni í 1. deildinni, Fram í efstu deild og varð svo tvisvar Íslandsmeistari og jafn oft bikarmeistari með KR.

Þá hefur Hannes leikið erlendis með norsku liðunum Brann, Sandnes Ulf og Bodø Glimt, hollenska liðinu NEC og danska liðinu Randers þar sem hann leikur þessa stundina. Hann hefur leikið 49 landsleiki, farið í átta liða úrslit á Evrópumóti og tekst nú á við stærstu áskorun sína á ferlinum, að verja skot frá bestu leikmönnum heims með augu heimsins á sér.

Hannes á Guðmundi Hreiðarssyni, markmannsþjálfara íslenska liðsins, mikið að þakka, en þeir unnu saman hjá KR á sínum tíma og tók hann stórstígum framförum undir handleiðslu Guðmundar. Hannes var vissulega öflugur markmaður en hafði sína vankanta. Spyrnutækni, úthlaup og ákvörðunartaka Hannesar bötnuðu til mikilla muna eftir að Guðmundur komst með puttana í hann. Þá jókst trúin á eigin hæfileika og andlegur styrkur hans einnig umtalsvert á tíma hans hjá KR og síðar með íslenska landsliðinu.

Öskubuskuævintýri vekja jafnan gleði og eftirtekt og það má með sanni segja að Hannes sé að skrifa enn einn kafla í ævintýri sitt sem náði lægsta punkti á æfingu með Núma á Tungubakkavelli í Mosfellssveit og nær nú hápunkti þegar hann röltir út á Spartak-leikvanginn við hlið Messi og meðreiðarsveina hans á laugardaginn.




Hannes Þór Halldórsson ræðir málin við Heimi Hallgrímsson á æfingu íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í Kabardinka í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**» Hannes Þór Halldórsson lék sinn fyrsta landsleik 27 ára gamall og hefur ekki gefið öðrum markmönnum færi á að hrifsa af sér markmannsstöðuna síðan hann lék þann leik.**



Hannes Þór æfir undir stjórn Guðmundar Hreiðarssonar, markmannsþjálfara íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Kjörís
ÁFRAM ÍSLAND
KÍKTU Í KASSANN!
ÞAÐ GÆTI LEYNST VINNINGUR Í ÞÍNUM KASSA.
ÍSBOLTI

# Framtíðarstjörnur verða til

## Haukur Heiðar Hauksson, læknir og söngvari Diktu, æfði fótbolta sem barn og hefur alltaf fylgst spenntur með HM. Hann er nú á leið til Moskvu til þess að sjá Ísland spreyta sig gegn Argentínu.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Haukur hefur haft áhuga á fótbolta frá unga aldri. „Ég æfði fótbolta með Ungmennafélagi Bessastaðahrepps þar sem ég ólst upp og heitir nú Álftanes. Við fórum alltaf einu sinni á ári til Keflavíkur og kepptum á herstöðinni og ég gerðist meira að segja svo frægur að handleggsbrotna í innanhússleik. Keppnisskapið var og er alveg til staðar. Það var svo stóri bróðir minn hann Halldór, sem lifir fyrir Liverpool, sem kom mér inn í það að horfa á enska boltann. Hans vegna hef ég verið forfallinn Liverpoolmaður alla tíð og missi varla af leik. Maður fór svo á landsleiki af og til sem krakki, man bara eftir því að standa í stæði í rigningunni og sjá Ísland skíttapa aftur og aftur. Fyrsta góða minningin var svo þegar við náðum 1-1 jafntefli við Frakkana. Sat þá með Halldóri bróður í stúkunni sem hafði verið flutt inn og hent upp bak við annað markið. Það var svakalegt hvað stúkan nötraði, hristist og skalf þegar Rikki Daða skoraði markið. Hin síðari ár er náttúrulega búið að vera draumur að fylgjast með þessu frábæra landsliði okkar. Og reyndar alveg yndislegt að horfa á Liverpool þessa dagana líka. Þannig að ég kvarta ekki.“

Hann segist alltaf hafa fylgst með HM af miklum áhuga. „HM í fótbolta er alltaf yndislegur tími. Heill mánuður af fótbolta, leikir oft á dag, fullt af leikmönnum frá öllum heiminum sem maður hefur aldrei séð áður, og möguleikinn á því að sjá framtíðarstjörnur verða til er góð blanda.“ Uppáhaldsliðin hans voru yfirleitt England og Brasilía. „Þar sem Ísland var náttúrulega aldrei á neinum stórmótum þegar ég var yngri varð ég að velja mér uppáhaldslið og hélt vanalega með Englandi einfaldlega vegna þess að þar voru flestir Liverpoolmenn að spila. Ég hélt líka stundum með Brasilíu vegna þess að þeir spiluðu skemmtilegan bolta.“

Hann segir að HM 2002 í Japan og Suður-Kóreu séu í miklu uppáhaldi. „Það var gaman að sjá England komast lengra en bara riðlakeppnina eða 16 liða úrslit eins og vanalega en þeir komust í 8 liða úrslit í það skipti. Ekki skemmdi fyrir að Owen og Heskey skoruðu í 3-0 sigri á móti Dönum í 16 liða úrslitum. Að vinna Dani og fá tvö mörk frá Liverpoolmönnum? Verður ekki betra. England mætti svo Brasilíu í 8 liða úrslitum og ég gleymi aldrei þeim leik. Fyrst skoraði Owen en eftir jöfnunarmark frá Rivaldo skoraði Ronaldinho sturlað mark beint úr aukaspyrnu. Hálfpartinn vippaði boltanum yfir bæði David Seaman og yfirvaraskeggið hans. Brasilía endaði svo á því að vinna mótið með sigri á Þýskalandi í úrslitum með tveimur mörkum frá gamla Ronaldo. Geggjað mót. Ég man líka hvað leikirnir voru á skrítnum tímum á þessu móti þar sem það var náttúrulega hinum megin á hnettinum og það voru dómaraskandalar hér og þar en það er bara skemmtilegt. Ítalir alveg brjálaðir man ég, eftir að hafa dottið út á móti Suður-Kóreu sem var spútnik lið keppninnar, sló út Ítalíu og svo Spán. Svo var þetta blessaða gullmark notað í þessari keppni. Mikið óttalega er ég glaður að menn sáu ljósið og hættu með þá reglu.“



Haukur Heiðar Hauksson er að sjálfsögðu kominn í landsliðstreyjuna og farinn að hita upp. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Hann hlakkar mikið til HM núna en ætlast ekki til of mikils af landsliðinu. „Þó að karlalið Íslands hafi gengið fáránlega vel á sínu fyrsta stórmóti fyrir tveimur árum, þá held ég að best sé að stilla væntingunum í hóf núna. Þetta er fyrsta skiptið okkar á HM og við lentum í svakalega erfiðum riðli. Auðvitað geta nánast allir unnið alla í nútímafótbolta, en það verður að segjast að í riðlinum eru gríðarlega erfiðir andstæðingar sem verður erfitt að vinna, jafnvel að ná jafntefli. Ég vona bara að við náum að setja nokkur mörk og stríða þessum stórþjóðum, allt annað er bara bónus.“

> **HM í fótbolta er yndislegur tími. Heill mánuður af fótbolta, leikir oft á dag, fullt af leikmönnum frá öllum heiminum sem maður hefur aldrei séð áður.**

Haukur mun fylgjast með HM af athygli í sumar. „Ég fer með Kjartani tengdapabba á Ísland - Argentína í Moskvu og hlakka mikið til. Þetta verður stutt ferð en maður verður bara að sofa minna og gera og sjá meira í staðinn. Svo er ég að fara í frí til Ítalíu með fjölskyldunni og Nínu tengdamömmu og það verður mjög sérstakt þar sem þetta er í fyrsta skipti sem Ítalía er ekki með á HM síðan 1958! Ég var í Þýskalandi fyrir fjórum árum þegar HM var í gangi og það var ótrúlegt að fylgjast með stemningunni sem var þar í gangi. Það verður fróðlegt að sjá hvernig hún verður í Róm núna í júní.“

Utan fótboltans er ýmislegt á döfinni hjá Hauki Heiðari á næstu vikum og mánuðum. „Ég var að gefa út lagið Draumaland, sem er mitt fyrsta lag sem sólólistamaður og er það farið að heyrast í útvarpi og komið á Spotify. Ég held áfram að vinna að plötunni í sumar. Svo er nóg að gera í læknisstarfinu en fyrir utan heimilislæknastörf þá er ég liðslæknir hjá FH og mun fara með þeim í Evrópukeppnina í sumar. Svo er nóg að gera í fjölskyldufyrirtækinu, en við erum með barnabókaútgáfu sem heitir Rósakot og erum að undirbúa útgáfur haustsins á fullu. Þannig að það er alveg nóg að gera hjá mér. En ég ætla samt að horfa á HM!“







SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
TRI
FIFA WORLD CUP RUSSIA 2018
Íslenska landsliðið
í fótbolta er á CUBE
reiðhjólum í Rússlandi!
- CUBE ATTENTION SL VIKING -
#fyririsland
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
Park Tool
Tacx
STAGES
#becube #triverslun
RFR.
Rolf PRIMA
RFR.
Suðurlandsbraut 32,108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Fylgist með þessum á HM

Alls fara 736 leikmenn á Heimsmeistaramótið í Rússlandi. Hér eru sex leikmenn sem gætu slegið í gegn á stærsta sviðinu í sumar.



## Albert Guðmundsson

**Aldur:** 20 ára
**Staða:** Framherji
**Félag:** PSV Eindhoven
**Landsleikir:** 5/3

Albert Guðmundsson hóf landsliðsferilinn með stæl og skoraði þrennu í sínum fyrsta A-landsleik. Albert er yngstur í frekar öldruðu íslensku liði og er helsta framtíðarstjarna þess. Hann verður 21 árs daginn fyrir leikinn gegn Argentínu. Albert hefur verið í herbúðum PSV Eindhoven síðan 2015 og lék nokkra leiki með aðalliði félagsins á síðasta tímabili. Tækifærunum fer vonandi fjölgandi á næsta tímabili. Albert er af mikilli fótboltaætt en langafi hans og alnafni var fyrsti atvinnumaður okkar Íslendinga.



## Sergej Milinkovic-Savic

**Aldur:** 23 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Lazio
**Landsleikir:** 3/0

Serbneski skriðdrekinn Sergej Milinkovic-Savic er einn mest spennandi leikmaður Evrópu um þessar mundir og mjög eftirsóttur. Þessi hávaxni og líkamlega sterki miðjumaður átti frábært tímabil með Lazio og skoraði 12 mörk í ítölsku úrvalsdeildinni. Þrátt fyrir ótvíræða hæfileika hefur Milinkovic-Savic aðeins leikið tvo A-landsleiki og spilaði ekkert í undankeppni HM. Það er þó líklegra en ekki að hann fái tækifæri til að sýna sig og sanna á HM.



## Pione Sisto

**Aldur:** 23 ára
**Staða:** Kantmaður
**Félag:** Celta Vigo
**Landsleikir:** 13/1

Christian Eriksen stal senunni þegar Danir unnu Íra í umspili um sæti á HM síðasta haust. Hann var þó ekki eini leikmaður danska liðsins sem spilaði vel. Kantmaðurinn Pione Sisto gerði írsku varnarmönnunum erfitt fyrir með hraða sínum og leikni. Foreldrar Sistos eru frá Suður-Súdan en fjölskyldan fluttist til Danmerkur þegar hann var tveggja mánaða. Sisto sló í gegn með Midtjylland og fór ári seinna til Celta Vigo. Hann skoraði fimm mörk og gaf níu stoðsendingar í spænsku úrvalsdeildinni í vetur.




## Alireza Jahanbakhsh

**Aldur:** 24 ára
**Staða:** Kantmaður
**Félag:** AZ Alkmaar
**Landsleikir:** 37/4

Íran vakti athygli fyrir sterkan og vel skipulagðan varnarleik á HM 2014. Fjórum árum seinna er vörnin alveg jafn þétt en slagkrafturinn í sókninni er mun meiri. Og í Alireza Jahanbakhsh eru Íranir með leikmann sem getur gert gæfumuninn. Jahanbakhsh var markahæstur í hollensku úrvalsdeildinni í vetur með 21 mark. Hann varð þar með fyrsti Asíubúinn sem varð markakóngur í stórri deild í Evrópu. Jahanbakhsh gaf einnig 12 stoðsendingar og kom því með beinum hætti að 33 mörkum í 33 deildarleikjum.



## Hakim Ziyech

**Aldur:** 25 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Ajax
**Landsleikir:** 17/8

Hakim Ziyech er aðalmaðurinn í sóknarleik Marokkó sem er með á HM í fyrsta sinn í 20 ár. Þessi 25 ára gamli flinki og skapandi miðjumaður hefur verið í lykilhlutverki hjá Ajax undanfarin tvö ár. Á síðasta tímabili skoraði hann níu mörk og gaf 15 stoðsendingar, flestar allra leikmanna í hollensku úrvalsdeildinni. Hann var svo valinn leikmaður ársins í Hollandi. Ziyech lék áður með Alfreð Finnbogasyni hjá Heerenveen og lagði upp ófá mörkin fyrir íslenska landsliðsmanninn.



## Trézéguet

**Aldur:** 23 ára
**Staða:** Kantmaður
**Félag:** Kasimpasa
**Landsleikir:** 25/2

Óvíst er hversu mikinn þátt Mohamed Salah getur tekið þátt í Heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Egyptar horfa því til Mahmouds Hassan, sem er jafnan kallaður Trézéguet eftir franska heims- og Evrópumeistaranum. Trézéguet, sem er afar leikinn vinstri kantmaður, lék sem lánsmaður með Kasimpasa í tyrknesku úrvalsdeildinni í vetur og var einn besti leikmaður hennar. Hann skoraði 13 mörk og gaf sex stoðsendingar í 31 deildarleik. Trézéguet er undir smásjá liða í ensku úrvalsdeildinni og gæti fært sig um set eftir HM.




Pringoooals

# KAUPTU 3 DÓSIR OG ÞÚ FÆRÐ FÓTBOLTAMARK




„18+. Taktu þátt frá 05.02.18 til 28.09.18. Kauptu 3 dósir og borgaðu 390 kr. til að fá fótboltamarkið þitt. Mest 2 á mann. Nánar um skilmála á Pringles.com."

© Kellogg Company 2018

# Dómararnir á HM hafa ekki allir reynslu af notkun VAR

**Dómararnir sem munu dæma á HM eru sumir hverjir blautir á bak við eyrun þegar kemur að því að nota VAR við dómgæslu.**

Myndbandsdómgæslan svokallaða, eða VAR, verður notuð á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Dómarar á vellinum njóta þá aðstoðar dómara sem fylgist með leiknum á myndbandi. Myndbandsdómgæslan var fyrst notuð fyrir tveimur árum og er nú notuð í efstu deild í Þýskalandi, Ítalíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Myndbandsdómgæslan var einnig notuð í Álfukeppninni í Rússlandi síðasta sumar með misjöfnum árangri.

„Þetta hefur bara verið prófað af FIFA í Álfukeppninni og sú reynsla var ekki góð. Maður hefði kannski viljað fá meiri reynslu á þetta áður en þetta fór á stóra sviðið. Þarna koma saman dómarar úr öllum áttum. Enskukunnáttan er fín en ekki móðurmál þeirra flestra. Það gætu komið upp tungumálaörðugleikar eins og í Álfukeppninni,“ segir Gunnar Jarl Jónsson, fyrrverandi milliríkjadómari, um VAR.

„Það þarf að koma á betra vinnulagi við þetta. Þetta má ekki taka of langan tíma, því það er þegar verið að berjast við tafir í leiknum. Þetta má ekki hægja of mikið á leiknum.“

## Myndbandsaðstoðardómgæsla á HM

Myndbandsaðstoðardómgæslan (VAR) á að hjálpa dómurum að taka réttar ákvarðanir. Kerfið var innleitt í flestar af stærstu deildum Evrópu og prófað í ensku bikarkeppninni tímabilið 2017-18.

**VAR er hægt að nota við fernar aðstæður**



**1 Mark:** Kanna hvort dæma eigi mark af vegna brots í aðdraganda þess.



**2 Vítaspyrna:** Fullvissa sig um að rétt ákvörðun hafi verið tekin um að dæma víti eða ekki.



**3 Rautt spjald:** Ganga úr skugga um að ákvörðun um að reka mann út af hafi verið rétt.



**4 Mannavillt:** Hægt er að nota VAR til að sjá hvort réttum manni hafi verið refsað ef dómarinn er í vafa.

**Dómarar eða myndbandsaðstoðardómarar (VARs) geta kallað eftir því að atvik verði skoðuð aftur**



**1** Dómari bendir VARs á að ákvörðun eða atvik skuli skoðað aftur, eða öfugt.



**2** VARs skoða atvik á myndbandi og greina dómaranum frá því hvað það sýnir í gegnum samskiptabúnað.



**3** Dómari meðtekur upplýsingarnar og tekur viðeigandi ákvörðun.



**EÐA** Dómari ákveður að skoða atvik á skjá á hliðarlínunni áður en hann tekur viðeigandi ákvörðun.

**Dómari tekur lokaákvörðun sem VARs geta ekki haggað**

> „Ekki hafa allir alvöru reynslu af VAR. Meirihluti dómara hefur ekki prófað þetta á stóra sviðinu. Það er ekki það sama að prófa þetta í æfingabúðum og í alvöru leikjum.

Myndbandsdómgæslan hefur verið notuð í nokkrum vináttulandsleikjum að undanförnu en reynsla þeirra sem dæma á HM af VAR er mismikil.

„Ekki hafa allir alvöru reynslu af VAR. Meirihluti dómara hefur ekki prófað þetta á stóra sviðinu. Það er ekki það sama að prófa þetta í æfingabúðum og í alvöru leikjum. Mögulega er verið að taka þetta inn of snemma og HM 2022 í Katar hefði verið betri vettvangur,“ segir Gunnar Jarl.

Dómararnir á HM eru 35 talsins og koma frá 34 löndum. Bandaríkin eru eina landið sem á fleiri en tvo dómara á HM. Aðstoðardómararnir eru 63 og myndbandsdómararnir 13. Þeir verða staðsettir í Moskvu. Einn aðalmyndbandsdómari verður á hverjum leik og honum til aðstoðar verða þrír aðstoðarmyndbandsdómarar. Níu af myndbandsdómurunum 13 koma frá Evrópu, þrír frá Suður-Ameríku og einn frá Asíu.

„Það hefði verið best ef allir hefðu fengið nokkra leiki með myndbandsdómgæslunni fyrir HM. Einn leikur er ekki nóg. Það er líka kúnst að vera myndbandsdómari. Þeir eru sérvaldir og eiga að búa yfir mikilli þekkingu. Vonandi gengur þetta smurt og skemmir ekki fyrir,“ segir Gunnar Jarl.


# Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum

**Hannað af háls- nef- og eyrnalæknum**




Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.

**Til í þremur stærðum.**

S - frá 1. til 3. ára
M - frá 4. til 9 ára
L - frá 10 ára og eldri ( fullorðnir )

Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.

Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavöruverslunum.


## Thomas Müller hefur skorað mest leikmanna sem verða á HM

Thomas Müller, framherji þýska liðsins, er sá leikmaður sem skorað hefur mest í sögu keppninnar af þeim leikmönnum sem mæta til leiks að þessu sinni. Müller hefur alls skorað tíu mörk í þeim tveimur keppnum sem hann hefur tekið þátt í, en hann fór fyrst á HM árið 2010 og varð svo heimsmeistari með Þjóðverjum árið 2014.

Miroslav Klose sem nú er í þjálfarateymi þýska liðsins er markahæsti leikmaður í sögu keppninnar með 16 mörk, hinn brasilíski Ronaldo kemur næstur með 15 mörk í þremur keppnum. Klose skoraði mörkin sín 16 í fjórum keppnum, en hann tapaði úrslitaleik með Þjóðverjum gegn Ronaldo og félögum hans hjá Brasilíu árið 2002.

Klose lék svo með liðinu árin 2006 og 2010 og lauk keppni á heimsmeistaramótinu með því að verða heimsmeistari árið 2014 eftir sigur á Argentínu í úrslitaleik. Nafni Müllers og landi hans, Gerd, er svo í þriðja sæti á téðum lista með 14 mörk. Gerd Müller skoraði mörkin sín 14 í tveimur keppnum, en hann hreppti bronsverðlaun með Vestur-Þjóðverjum árið 1970 og varð svo heimsmeistari með liðinu árið 1979.

## Yngstu leikmennirnir á HM að þessu sinni verða rúmlega 19 ára

Knattspyrnuáhugamenn munu kynnast fjölmörgum nýjum andlitum á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi.

Daniel Arzani, leikmaður Ástralíu, er yngsti leikmaðurinn sem er á leiðinni á Heimsmeistaramótið, en hann verður nítján ára, fimm mánaða og tíu daga gamall þegar mótið hefst. Hann er fimmtán dögum eldri en Kylian Mbappé, framherji franska liðsins.

Achraf Hakimi kemur næstur á listanum, en hann verður nítján ára, sjö mánaða og tíu daga gamall þegar opnunarleikur mótsins fer fram. Hakimi sem er frá Marokkó fæddist sjö dögum fyrr en Francis Uzoho, leikmaður Nígeríu sem etur kappi við Íslendinga í Rússlandi.

Trent Alexander-Arnold er svo í fimmta sæti á listanum, en nítján ár, átta mánuðir og sjö dagar verða liðnir frá fæðingu hans þegar mótinu verður sparkað af stað með leik Rússa og Sádí-Arabíu.


Góð samskipti
bæta leikinn
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone



## Lukkuúlfurinn Zabivaka

Úlfurinn Zabivaka er opinbert lukkudýr HM í Rússlandi. Zabivaka þýðir Skorarinn og vann hann samkeppni meðal almennings með 53% atkvæða en um það bil milljón einstaklingar tóku þátt. Þetta er í fyrsta sinn sem lukkudýr HM er valið á þennan hátt en yfirleitt hefur nefnd á vegum FIFA séð um valið. Meðal annarra eftirminnilegra HM lukkudýra má nefna ljónið World Cup Willie á HM í Englandi 1966, appelsínuna glaðbeittu Naranjito sem færði lukku á HM á Spáni 1982, hanann Footix sem var lukkudýr HM í Frakklandi 1998 og brasilíska beltisdýrið Fuleco árið 2014 en það vakti athygli á því hve mörg dýr eru í útrýmingarhættu. Úlfurinn Zabivaka er hugarfóstur hönnunarnemans Ekaterínu Botsjarovu sem sagði að hann væri mjúkur og vingjarnlegur til augnanna eins og hundurinn hennar. Eins og önnur lukkudýr er Zabivaka í landsliðslitum gestgjafalandsins, í þessu tilfelli hvítum, bláum og rauðum litum rússneska liðsins.



## Akkiles spáir með hjartanu

Kötturinn Akkiles hefur um árabil starfað sem músaveiðari í Hermitage-safninu í Sankti Pétursborg en hann hefur nú fengið tímabundið leyfi frá störfum til að gegna stöðu spákattar fyrir HM í fótbolta. Eftir að kolkrabbinn Paul sló rækilega í gegn á HM 2010 með því að spá rétt um að Spánverjar yrðu heimsmeistarar hafa fleiri spádýr spreytt sig á verkefninu. Árið 2014 voru það naggrísinn Madame Shiva og breski píranafiskurinn Péle en hvorugt komst í hálfkvisti við næmi Pauls sem spáði rétt um alla leiki þýska liðsins árið 2010 með því að velja á milli tveggja kassa af mat. Akkiles mun hins vegar velja milli skála með fánum liðanna og er hann talinn mjög spákattarlega vaxinn enda heyrnarlaus eins og flestir hvítir kettir með blá augu en það er talið auka einbeitingu hans og næmi enda segir dýralæknirinn hans að hann „sjái með hjartanu“. Á meðan á HM stendur mun Akkiles halda til á kattakaffihúsi og lifa í vellystingum og vonandi að hællinn verði honum ekki til trafala frekar en öðrum þátttakendum á mótinu.

# Þjóðarstolt Rússa

Þegar ferðast er um Rússland er gaman að kaupa sér minjagrip. Flestir kaupa babúsku eða matryoshku (matron). Litríkar trébrúður sem lengi hafa verið hluti af rússneskum minjagripum. Fyrsta matryoshkan var gerð í Sergíjev Posad, bæ sem er í 50 km fjarlægð frá Moskvu. Hugmyndina átti Elizaveta Sapozhníkova en hún var eiginkona iðnaðarmanns. Hún keypti minjagrip á ferðalagi sínu til Japans, viðarfígúru sem nefnist Fukuruma og var hol að innan.

Inni í matryoshkudúkkunni eru nokkrar minni dúkkur en hún kom fyrst fram fyrir um 125 árum. Dúkkan er í dag tákn um rússneska þjóðlist og menningu. Áður höfðu rússneskir handverksmenn gert páskaegg sem var hægt að setja inn í annað egg. Matryoshka er yfirleitt í björtum og fallegum litum.

Vinsældir matryoshkudúkkunnar náðu hámarki sumarið 1957 þegar World Festival Youth of Students var haldin. 35 þúsund þátttakendur frá 131 landi komu til Moskvu og flestir keyptu rússneska matryoshku og fluttu með sér heim.

Í tilefni af HM er vitaskuld hægt að kaupa matryoshkudúkku í sérstökum búningi merktum keppninni.



Þær eru glæsilegar, babúskurnar sem eru í HM búningum.
























ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# 30-50%

afsláttur af völdum vörum **í Kringlunni og á Glerártorgi**

# HM DAGAR!

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**






















Tískuhús Zik Zak    www.zikzakverslun.is    Kringlan 551-1314    Glerártorg 559-1314











Með kærastanum Chris Zylka í Cannes. Þau trúlofuðu sig í janúar á þessu ári.

# París Hilton hannar tískulínu

**París Hilton hefur verið fengin til að hanna tískulínu fyrir netverslunina Boohoo. Fatnaðurinn er innblásinn af raunveruleikaþáttum Parísar sem sýndir voru árið 2000. Fötin koma í sölu 20. júní.**


París Hilton vakti gríðarmikla athygli í Cannes á dögunum í þessum hálfgagnsæja kjól. NORDICPHOTOS/GETTY

Boohoo USA er vinsæl netverslun og það þykir mikill heiður að fá hina amerísku París Hilton til samstarfs. Tískulínan verður afar kvenleg með glimmeri og glitri ásamt dýramynstrum. Línan er að sjálfsögðu í anda Parísar sem lengi hefur vakið athygli fyrir klæðastíl sinn en þó sérstaklega í þáttunum The Simple Life sem hún lék í ásamt vinkonu sinni, Nicole Richie. Það verða sundföt, sportfatnaður og glitrandi kjólar. Sjálf hefur París sagt að tískulínan sé algjörlega hún. „Mér finnst æðislegt að vinna við sköpun og lagði mig alla fram,“ segir hún.

París, sem er 37 ára, er langafabarn auðkýfingsins og hóteleigandans Conrads Hilton sem stofnaði Hilton-hótelkeðjuna. Líf hennar hefur að miklu leyti snúist um lúxusinn meðal fræga fólksins í Beverly Hills.

Fyrir nokkrum mánuðum trúlofaðist hún Chris Zylka í skíðaferð í Aspen í Colorado. Hringurinn reyndist fallegur demantshringur sem kostaði yfir 200 milljónir króna. Hann er fyrirsæta og leikari og parið vakti athygli í Cannes á dögunum þar sem París klæddist ansi gegnsæjum kjól.


Trúlofunarhringurinn er með stórum demanti. Hann kostaði yfir 200 milljónir króna.



Guli miðinn

# Leggðu heilsunni lið



Liðaktín Quatro í Gula miðanum inniheldur sérvalda blöndu bætiefna sem styðja við heilbrigði liða. Blandan hefur um árabil verið eitt vinsælasta liðabætiefnið á Íslandi enda hefur hún hjálpað mörgum að draga úr einkennum liðavandamála og koma í veg fyrir áreynsluáverka.

Liðaktín Quatro inniheldur bæði vítamín og fitusýrur sem vinna saman að því að draga úr óþægindum, vegna bæði álags og slits. Meðal innihaldsefna eru kondrotitín, hyaluronsýra, C–vítamín, rósaber og Omega 3 fitusýrur. Saman stuðla þessi efni að framleiðslu kollagens, veita liðunum mikilvæga smurningu, verja þá gegn höggum og álagi og vinna gegn bólgum.

**Þú finnur Liðaktín Quatro undir merki Gula miðans í apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum verslana.**




**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**

## Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



TOYOTA Yaris h/b active. Árgerð 2017, ekinn 2 Þ.KM, bensín, SJÁLFSKIPTUR. Verð 2.390.000. Rnr.330013.



VOLVO V60 d4 summum leður/191 hö. Árgerð 2017, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Tilboðsverð 4.490.000. Rnr.152081.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

bilfang.is S. 567 2000



**NÝR 4X4 !**
Skoda Octavia Style 4X4 2.0 Diesel (NÝR 2018) Hlaðinn búnaði ! Nokkrir litir í boði ! Okkar verð 4.790 Þús (HEKLA 5.4 mil) Er á staðnum !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu





**TVEIR TOYOTA HIACE 4X4**
árg. 2010 og 2009, eknir 115 og 122 þús km. Dráttabeisli, Webasto, hiti í sætum, bakkmyndavél. Verð 1580 og 1950 þús + vsk. S. 897 3015 eða jb@isfar.is.

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Kerrur

## Bátar

VEIÐIPORTIÐ



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavík 552-9940

## Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**



Parketslípun og Málun www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málarameistari að störfum. Júní tilboð: 2900 kr fm. 7728100




HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Flatvagnar**
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt unnið með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## Til sölu


### Til sölu:

- 2 nýlegir ónotaðir stálskápar 2m hæð og 1m á breidd. Kosta rúmlega 100.000 hvor en seljast á 80.000 samtals.
- Hefilbekkur Sjöberg með 4 hillum og skápum frá Brynju. Kostar um 200.000 nýr en selst á 90.000.
- Notað iðnaðarljós, Gewiss gasljós. Gríðarleg birta. Selst á 15.000.
- 18 tommu dekk til sölu. 2 Bridgeston Blizzak 255/35/ heilsársdekk, annað algerlega ónotað og hitt mjög lítið. Kostuðu 148.000 en seljast á 45.000. 2 Hankook icewear 245/40 heilsársdekk í fínu standi til sölu á 15.000 samtals.
- **Til sýnis að Eyjaslóð 3, Granda frá 15.30 til 16.30 í dag fimmtudag. Upplýsingar einnig í síma 892 5064.**


## Fasteignir




Mýrargata 26
íbúð 513 101 Reykjavík




**OPIÐ HÚS**
föstudaginn 15.júní kl.17:00-17:30

Tveggja herbergja lúxusíbúð
Gengið inn af svölum í íbúð
Lofthæð íbúðar er ca 3 metra
Sérsmíðaðar innréttingar, gólfsíðir gluggar
Bílastæði í lokaðri upphitaðri aðgangsstýrði bílageymslu
Þaksvalir á 6. og 7. hæð
Iðandi og fjölbreytt borgarlíf
Einstöku staðsetning og útsýni yfir sjóinn, 5. hæð



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð: **53,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá **1957**
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Álfheimar 13,104 Reykjavík**




Falleg töluvert endurnýjuð samtals 170 fm 5 herb. neðri hæð með bílskúr. Stofa, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús og fjögur herbergi. Svalir. Góð staðsetning. **V. 64,9 m.**

Nánari upplýsingar: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.

**Opið hús fimmtudaginn 14. júní milli 17:00 og 17:30.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík






Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is




LG 55" OLED B7



LG OLED55B7V

LG 55" OLED B7 ÁSAMT SJ6 SOUNDBAR · VERÐ 314.980 KR.

**HM TILBOÐ 249.990 KR.**

LG Life's Good

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Aron Pálmarsson var drjúgur í sóknarleik íslenska karlalandsliðsins í fyrri hálfleik, hann hafði hins vegar hægt um sig í markaskorun í seinni hálfleik en gaf margar stoðsendingarnar í leiknum. Hann skoraði fjögur mörg í fyrri hálfleik, en aðeins eitt mark í seinni hálfleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Fáeinir góðir kaflar dugðu til sigurs hjá íslenska landsliðinu

**Ísland nýtti færin betur en í fyrri leiknum og sigldi sigrinum í hús sem tryggði liðinu þátttökurétt á heimsmeistaramótinu sem fram fer í janúar á næsta ári. Fyrri leik liðanna lyktaði með jafntefli, 27-27, og íslenska liðið vann því einvígið samanlagt 61-58. Björgvin Páll Gústafsson var afar góður í íslenska markinu í gær.**

**HANDBOLTI** Ísland tryggði sér sæti á heimsmeistaramótinu í handbolta karla með því að leggja Litháen að velli, 34-31, í seinni leik liðanna í umspili um laust sæti á mótinu í Laugardalshöll í kvöld. Fyrri leik liðanna lyktaði með jafntefli, 27-27, og íslenska liðið vann því einvígið samanlagt 61-58 og verður á meðal þátttakenda þegar heimsmeistaramótið verður haldið í Danmörku og Þýskalandi í janúar á næsta ári.

Það er því ljóst að það var fyrsta verk Guðmundar Þórðar Guðmundssonar eftir að hann tók við íslenska liðinu á nýjan leik að koma liðinu á stórmót. Nú hefur Guðmundur Þórður hálft ár til þess að þróa liðið enn frekar og sníða af þá vankanta sem eru á því. Það eru nokkrir leikmenn annaðhvort að stíga sín fyrstu skref með liðinu eða að fá aukna ábyrgð á sínar herðar. Hálft ár er langur tími í handbolta og nægur tími fyrir Guðmund til þess að ausa úr viskubrunni sínum og þróa og þroska leikmenn liðsins.

Jafnt var á öllum tölum framan af fyrri hálfleik, en á þeim kafla var varnarleikur íslenska liðsins fremur linur á meðan sóknarleikurinn gekk nokkuð smurt. Góður kafli þar sem saman komu þéttari varnarleikur og mörk úr hraðaupphlaupum varð til þess að Ísland fór með tveggja marka forskot inn hálfleik. Staðan í hálfleik var 18-16 íslenska liðinu í vil.

Arnóri Þór Gunnarssyni, hægri hornamanni og vítaskyttu íslenska liðsins, var vísað af velli með rauðu spjaldi fyrir að skjóta boltanum í höfuð markvarðar Litháen um miðbik fyrri hálfleiks.

Aron Pálmarsson var drjúgur í sóknarleik íslenska liðsins í fyrri hálfleik, en auk þess að vera markahæsti leikmaður liðsins, ásamt Guðjóni Val Sigurðssyni, í fyrri hálfleik með fjögur mörk mataði hann samherja sína með snotrum stoðsendingum.

Ísland náði aftur góðum kafla í upphafi seinni hálfleiks og komst fjórum mörkum yfir og þegar upp var staðið var þriggja marka sigur niðurstaðan. Litháar náðu nokkrum áhlaupum í seinni hálfleik, en íslenska liðið hleypti þeim aldrei í jafna stöðu og Ísland var yfir allt til loka leiksins.

Guðjón Valur nýtti færi sín mun betur en hann gerði í leiknum ytra og var einnig öflugur í varnarleik íslenska liðsins. Hann var augljóslega staðráðinn í því að bæta fyrir það að hafa brennt af fjölmörgum opnum marktækifærum í útileiknum, en þegar upp var staðið hafði hann skoraði 11 mörk og var markahæsti leikmaður íslenska liðsins í leiknum.

Aron hafði hins vegar hægt um sig í markaskorun í seinni hálfleik og endaði með fimm mörk í leiknum, en hann hélt hins vegar uppteknum hætti hvað varðar stoðsendingar og gaf stoðsendingar í öllum regnbogans litum í seinni hálfleik. Þá var Björgvin Páll Gústavsson aftur afar góður í íslenska markinu, en hann varði 15 skot í leiknum og Ágúst Elí Björgvinsson bætti við tveimur skotum. Ágúst Elí varði vítaskot og frákastið þar á eftir á mikilvægu augnabliki í leiknum. **hjorvaro@frettabladid.is**

### Undankeppni HM 2019

**Ísland 34-31 Litháen**

**Mörk Íslands í leiknum:** Guðjón Valur Sigurðsson 11, Aron Pálmarsson 5, Ólafur Andrés Guðmundsson 4, Ómar Ingi Magnússon 4, Theodór Sigurbjörnsson 4, Arnór Þór Gunnarsson 3, Vignir Svavarsson 2, Elvar Örn Jónsson 1.

» Íslandi mistókst síðast að komast á stórmót árið 2009 þegar liðið var ekki með á heimsmeistaramótinu sem fram fór í Króatíu það árið. Ísland laut þá í lægra haldi fyrir Makedóníu í umspili um laust sæti á mótinu.

## 2 DAGAR í HM



**Birkir Már Sævarsson**

**Aldur:** 33
**Staða:** Bakvörður
**Félag:** Valur
**Landsleikir:** 79/1 mark

## Næsta HM verður haldið í þremur löndum

**FÓTBOLTI** Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla árið 2026 verður haldið í Bandaríkjunum, Mexíkó og Kanada, en sameiginleg umsókn þessara þriggja landa hafði betur í kosningu á þingi FIFA sem haldið var í Moskvu í gærkvöldi.

Þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem mótið er haldið í þremur löndum. Mexíkó og Bandaríkin hafa reynslu af því að halda heimsmeistaramótið, en það var haldið í Mexíkó árin 1970 og 1986 og síðan í Bandaríkjunum árið 1994. Kanada er hins vegar að halda mótið í fyrsta skipti í sögunni.

Bandaríkin munu bera hitann og þungann af mótinu, en 60 af 80 leikjum mótsins verða spilaðir þar og tíu leikir í hvoru landi, Mexíkó og Kanada. Allir leikirnir frá og með átta liða úrslitum mótsins fara fram í Bandaríkjunum. Leikið verður á tíu leikvöngum í Bandaríkjunum og þremur í Mexíkó og Kanada.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ, og Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, sátu þingið fyrir hönd Íslands. Knattspyrnusamband Íslands studdi umsókn Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada. **– hó**

## Sápuópera skömmu fyrir fyrsta leikinn

**FÓTBOLTI** Uppþot varð hjá spænska karlalandsliðinu í knattspyrnu tveimur dögum fyrir fyrsta leik liðsins á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Forráðamenn spænska knattspyrnusambandsins voru afar ósáttir við að Julen Lopetegui fór á bak við þá með því að gera samkomulag við Real Madrid um að taka við karlaliði félagsins eftir að heimsmeistaramótinu lýkur.

Lopetegui sem hafði nýverið framlengt samning sinn við spænska knattspyrnusambandið lét forráðamenn sambandsins ekki vita af áformum sínum um að hætta störfum sem þjálfari Spánverja og gerast knattspyrnustjóri Real Madrid í júlí. Spænska knattspyrnusambandið beið ekki boðanna og lét hann taka pokann sinn þrátt fyrir það hversu stutt er í fyrsta leik á heimsmeistaramótinu.

Albert Celades, sem stýrði spænska U-21 árs landsliðinu og var í þjálfarateymi A-landsliðsins, og Fernando Hierro, sem var starfsmaður spænska knattspyrnusambandsins, munu stýra spænska liðinu á heimsmeistaramótinu. Celades og Hierro eru báðir fyrrverandi landsliðsmenn Spánar, en Hierro var fyrirliði liðsins um nokkurt skeið.

Spánn er með nágrönnum sínum, Portúgal og Marokkó, og Íran í riðli, en liðið mætir Portúgal í fyrsta leik sínum á mótinu á morgun. **– hó**


ÁFRAM ÍSLAND!
ÍSLENSKA HM TREYJAN FÆST Í ÚTILÍF!
FYRIR
errea
KSÍ
AUTHENTIC
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
14. JÚNÍ 2018 FIMMTUDAGUR



Ástkær dóttir, móðir, systir, tengdamóðir, amma og langamma,
**Gyða Sigurðardóttir**
andaðist á heimili sínu, fimmtudaginn 30. maí 2018.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 15. júní klukkan 15.

**Sigurður Jónsson**
**Kristjana Barðadóttir** **Björn Óli Hauksson**
**Ragnhildur Barðadóttir** **Sigurður Ringsted**
**Thor Axel Patriksson Healy**
**Sigurður Sigurðsson**
**Þorsteinn Sigurðsson**
**Stefán Barði, Marisa, Valter, Máni, Gunnhildur**
**Kristjana Björk og Atli, Arnar Þór, Steinþór, Eyþór, Frosti**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Grétar Ólafsson**
tæknifræðingur,
Víðilundi, Akureyri,
lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð föstudaginn 8. júní.
Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Helga Jónsdóttir**
**Jón Sævar Grétarsson**
**Ólafur Grétarsson** **Jenný Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Guðmundur Jón Bjarni Finnsson**
pípulagningameistari,
lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 11. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Hallbera Árný Ágústsdóttir**
**Matthildur Níelsdóttir** **Svanur Ingi Sigurðsson**
**Níels A. Guðmundsson** **Hanna María Harðardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurður Þorsteinsson**
fyrrverandi bóndi á Skúfsstöðum, síðar skógarbóndi á Melum, Hjaltadal,
lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands Sauðárkróki þann 9. júní síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Hóladómkirkju 21. júní næstkomandi klukkan 13.30.

**Hólmfríður G. Sigurðard.** **Gunnar Þór Garðarsson**
**Reynir Þór Sigurðsson**
**Una Þórey Sigurðardóttir** **Rafn Elíasson**
**Njáll Haukur Sigurðsson** **Arnfríður Agnarsdóttir**
**Inga Sigurðardóttir** **Stefán Ægir Lárusson**
**Halla Sigrún Sigurðardóttir** **Birkir Marteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Jóhanna Jóhannsdóttir**
Smárahlíð 5e, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 6. júní.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.30.

**Sigríður A. Whitt** **Jónas Veigar Torfason**
**Birna H. Laufdal** **Þórir Steindórsson**
**Hreinn H. Laufdal** **Cristiane Nogueira de Andrade**
**Hrönn H. Laufdal** **Kristján Knútsson**
**barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.**

# Ferð sem hófst fyrir ellefu mánuðum endaði vel

**Það var ánægjulegur söfnuður sem kom úr sumarferð Áskirkjusóknar til Eyja síðasta sunnudag. Lagt var upp fyrir 11 mánuðum en vegna mistaka missti hópurinn af Herjólfi þá.**

Sextíu manna hópur í Safnaðarfélagi Áskirkju í Reykjavík fór í vel heppnaða dagsferð til Vestmannaeyja 10. júní. Það var tilraun hans númer tvö til að stíga þar á land, sækja messu í hinni aldagömlu Landakirkju og upplifa töfra Eyjanna. Hún heppnaðist fullkomlega.

Fyrri tilraunin sem gerð var 9. júlí í fyrra mistókst vegna þess að bókun hjá rútufyrirtækinu Skybus týndist. Það gerði þó sitt besta til að redda málum en brottför seinkaði, bíllinn var hæggengur og Herjólfur nýbúinn að leysa landfestar þegar hópurinn mætti í Landeyjahöfn.

Nú gáfu bæði fyrirtækin, Skybus og Herjólfur, safnaðarfélaginu fargjöldin og bættu þátttakendum þannig upp vonbrigðin í fyrra á höfðinglegan hátt, að sögn Petreu Ómarsdóttur, formanns Safnaðarfélags Áskirkju.

> Ég var svo glöð í hjarta mínu þegar ég kom heim.



**Hópurinn alsæll við heimkomuna eftir vel heppnaða ferð.** MYND/GUN

„Dæmið gekk fullkomlega upp í þetta sinn og allir lögðust á eitt til að ferðin yrði sem yndislegust fyrir okkur. Við fengum fullkomna rútu á réttum tíma, frábært viðmót bílstjóra, notalega siglingu, gott veður og afbragðs viðtökur og mat á Slippnum. Presturinn okkar, hann séra Sigurður Jónsson, var fararstjóri eins og venjulega og í Eyjum tók séra Viðar Stefánsson, prestur í Eyjum, á móti okkur og sagði okkur frá staðháttum þegar við rúntuðum þar um á rútunni.“

Petrea segir guðsþjónustu fastan lið í sumarferðum sóknarbarna Áskirkju, þar skiptu séra Sigurður og heimaprestur á áfangastaðnum jafnan með sér verkum. Auk messunnar og matarins hafi hópurinn notið hinnar áhrifamiklu sýningar í Eldheimum áður en hann lagði í hann aftur upp á fasta landið.

„Ég var svo glöð í hjarta mínu þegar ég kom heim,“ segir Petrea. „Allir voru svo sáttir.“ gun@frettabladid.is



**Kennimennirnir Viðar Stefánsson, Fjalarr Sigurjónsson og Sigurður Jónsson. Fjalarr var meðal farþega, hann er elsti núlifandi prestur landsins.** MYND/JÓHANNA FRIÐRIKSDÓTTIR



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
**Trausti R. Hallsteinsson**
lést á heimili sínu miðvikudaginn 6. júní. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. júní klukkan 13.00.

**Björk Ingvarsdóttir**
**Hallsteinn I. Traustason** **Nína V. Björnsdóttir**
**Vignir Þór Traustason** **Inga Helma Guðfinnsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,
**Baldvins Einarssonar**
Fróðengi 1 (lengst af Bláskógum 6).
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á meltingar- og nýrnadeild Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Sigurveig Haraldsdóttir**
**Einar Baldvinsson** **Aðalheiður Jónsdóttir**
**Jón Heiðar Baldvinsson** **Jóhanna Sturlaugsdóttir**
**Gunnar Baldvinsson** **Björg Sigurðardóttir**
**Eyrún Baldvinsdóttir** **Stefán Jóhannsson**
**Baldvin, Karólína, Jón Valur, Einar Örn, Þórey, Sigrún, Sigurgeir, Anna Karen, Erna Björk, Bjarki, Sigurður, Viðar og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Kristín R. Thorlacius**
er látin. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 15. júní kl. 13.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

BÓNUS · FJÖRÐUR · Samkaup · bóksala stúdenta · SMÁRALIND · Kringlan · N1 · nettó · olís · Háma






FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Vaxandi norðaustan átt, 8-15 síðdegis Rigning norðan og austan til. Hiti 5 til 14 stig. Víða um land má búast við að vindstrengir verði það hvassir að þeir geti valdið ökutækjum sem taka á sig mikinn vind vandræðum, þá má einnig búast við slyddu á hæstu fjallvegum norðan- og austanlands í kvöld.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 2° |
| 11 | 10 | 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 11° | 1° |
| 11 | 4 | 10 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 4° | 5° |
| 7 | 6 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 7° | 2° |
| 2 | 6 | 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. got
5. útgerðarstaður
6. svell
8. rýrna
10. tveir eins
11. sjáðu
12. harla
13. slæma
15. mælieining
17. snáða

**LÓÐRÉTT**
1. hversu
2. grastegund
3. máleining
4. sérgæði
7. harðna
9. jarðbik
12. gælunafn
14. sull
16. pot




**LÁRÉTT: 1.** hrogn, **5.** ver, **6.** ís, **8.** eyðast, **10.** rr, **11.** sko, **12.** afar, **13.** illa, **15.** gallon, **17.** patta. **LÓÐRÉTT: 1.** hvernig, **2.** reyr, **3.** orð, **4.** níska, **7.** storkna, **9.** asfalt, **12.** alla, **14.** lap, **16.** ot.

## Skák Gunnar Björnsson

Gauti Páll Jónsson (2.045) átti leik gegn Birki Ísaki Jóhannssyni (1.929) á Íslandsmótinu í skák.

**Svartur á leik**

**26. ... dxc3! 27. exf6 Hxe1+ 0-1.** 28. Dxe1 Hd1 og vinnur. Gauti Páll varð unglingameistari undir 22 ára aldri. Vignir Vatnar Stefánsson varð annar og Alexander Oliver varð þriðji.

**www.skak.is:** Atskák í Belgíu.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Milljón kílómetra ábyrgð

Valeo



## Milljón kílómetra ábyrgð á svinghjólinu í KIT4P kúplingssettunum frá Valeo

*Þú skiptir aldrei aftur um svinghjól*



Valeo Kúplingssett með svinghjóli
**Milljón**
kílómetra ábyrgð
á svinghjólinu

Nýju Valeo KIT4P kúplingssettin innihalda heilsteypt svinghjól og styrktan kúplingsdisk með dempun sem gefur mýkri skiptingu á milli gíra.

**Kostir Valeo KIT4P kúplingssettana.**

**Áreiðanleiki:**
Verndar vélina og gírkassan þegar skipt er um gíra.

**Auðvelt í ísetningu:**
Tekur sama tíma og að skipta um tvöfalt svinghjól og þarfnast ekki sérstakra verkfæra.

**Lengri ending:**
Eykur endingu kúplingarinnar - bestu kúplingarnar sem hægt er að fá fyrir til dæmis sendibíla sem eru undir miklu álagi.

**Góð fjárfesting:**
Ódýrar þegar þarf að skipta næst um kúplinguna. Þarf ekki að skipta um svinghjólið, aðeins kúplingsdiskinn, kúplingspressuna og legu.

**Þú finnur allar upplýsingar um Valeo kúplingar á www.varahlutir.is**

*Bílaframleiðaendur eru farnir að nota Valeo KIT4P kúplingssettin í nýja bíla. Dæmi: Volkswagen · Renault · Ford*

Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Á æfingu eins örleikritsins. Soffía Bjarnadóttir höfundur ásamt Elmu Stefaníu, einum leikaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Örleikritin tengjast óljósum böndum

**Í Blesugróf byggðist upp óskipulagt hverfi þegar efnalítið fólk víðsvegar að af landinu flykktist á mölina upp úr stríðsárum. Þrjú ný örleikrit lifna við í Blesugrófinni í dag undir stjórn Mörtu Nordal.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Leikverkið Blesugróf er eitt af atriðum Listahátíðar í ár. Það er óhefðbundið og samanstendur af þremur örleikritum eftir jafnmarga höfunda, þau Soffíu Bjarnadóttur, Kolfinnu Nikulásdóttur og Mikael Torfason. Efnið sprettur allt úr sama efniviði en með ólíkum hætti, að sögn Soffíu, sem er sú fyrsta sem ég heyri í til að forvitnast um viðburðinn. Verkið var frumsýnt í gær og í dag klukkan 18 er önnur sýning.

„Við höfundarnir erum ólíkir og vinnum sjálfstætt hver að sínu verki en svo eru listrænir stjórnendur sem móta heildarsýnina. Við skoðuðum hverfið saman og svo fór hver og einn í sitt innra líf.“

Blesugrófin liggur með fram mynni Elliðárdals og áður en Breiðholtsbrautin var lögð þar á milli einkenndist hverfið af smáhýsum sem byggð voru af vanefnum frumbyggjanna. Ekki kveðst Soffía hafa þekkt til í Blesugrófinni áður en hún byrjaði að semja örleikritið, heldur kafað í heimildir, einkum blöð og tímarit frá árunum 1960-1970. „Ég tengdi við hvað er horfið og annað sem situr eftir, þarna var pósthús og lítil lýsing



„Þetta var íslenskt gettó. Við höfum tilhneigingu til að setja fólk út á guð og gaddinn og gleyma því, gerum það enn í dag við erlent verkafólk,“ segir Mikael. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en ég er ekki að fjalla um umhverfið sem slíkt heldur lífið og fer bara persónulega leið. Það eru þrír leikarar í mínu verki, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Hilmar Guðjónsson og Elma Stefanía Ágústsdóttir.“

Soffía ítrekar að örleikritin séu hvert með sínu móti. „En þau tengjast óljósum böndum og flæða saman,“ tekur hún fram. „Hvert verk tekur um kortér í flutningi, svo er farið á milli þannig að í heild tekur gönguferðin um klukkustund.“

### Á rætur í sömu stétt

Mikael bjó til hljóðverk um Blesugrófina sem spilað er í eyrum fólks.



Kolfinna og kötturinn Kristur. Myndin gæti verið tekin í Blesugrófinni fyrir mörgum árum en svo er ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þó hann hafi kynnst ýmsum aðstæðum í æsku, eins og bókin Týnd í Paradís vitnar um, átti hann aldrei heima í því hverfi.

„Mínar persónulegu tengingar við Blesugrófina eru þær að foreldrar mínir voru af sömu stétt og fólkið þar,“ segir hann. „Mamma ólst upp þar rétt hjá, í bæjarblokk við Bústaðaveg. Pabbi var skammt frá líka því fyrst eftir að föðuramma og -afi fluttu til borgarinnar bjuggu þau við hliðina á Blesugrófinni og unnu við hænsnarækt þar sem gömlu Fákshesthúsin eru, bláfátækt fólk sem endaði í 38 fermetra skúr rétt hjá Árbæjarsafninu.“

Þó Blesugrófin fengi á sig fátækrastimpil segir Mikael slík hverfi hafa verið víðar. „Húsnæðisvandinn var svo gríðarlegur eftir stríð. Fólk fann eða byggði sér einhverja kofa og breytti þeim í vistarverur með því að setja hænsnanet utan á þá og svo múr til að ekki læki mjög mikið. En þar var alltaf saggalykt.“

Mikael kveðst hafa verið svo heppinn að komast í ritgerð um Blesugrófina eftir Tryggva Emilsson, einn af hans uppáhaldshöfundum, því þangað hafi hann flutt þegar hann kom að norðan. „Þetta var íslenskt gettó. Við höfum tilhneigingu til að setja fólk út á guð og gaddinn og gleyma því, gerum það enn í dag við erlent verkafólk sem leigir fyrir of fjár í iðnaðarhúsnæði hjá einhverjum slömmlordum og borgum því skítalaun. Það væri hægt að gera góða útvarpsþætti um það.“

Verk Kolfinnu Nikulásdóttur er tvískipt og fjallar um flutninga að hennar sögn. „Verkefnið var fróðlegt en sjálf var ég dálítið týnd í byrjun því ég hafði enga tengingu við Blesugrófina. Svo kviknaði á einhverju hjá mér þegar ég áttaði mig á að borgaryfirvöld hefðu farið í átak þar við að flytja íbúana í burtu í blokkir. Mér fannst það svo mikið inngrip, því fólkið sem bjó í Blesugrófinni var frumbyggjar þar og hafði byggt sér hús úr engu. Málshátturinn „neyðin kennir naktri konu að spinna“ átti algerlega við. Ég fór að hugsa um orðið velferð og hvað fólki sé fyrir bestu.“

Leikritið er að hluta til hljóðverk að sögn Kolfinnu. „Fyrri hlutinn gerist í nýrri blokk, tvö systkini sem eru nýflutt þangað eru að tala saman. Strákurinn glaður en stelpan í sjokki og saknar gamla hússins. Seinni hlutinn gerist í bíl og andi þess er svipaður, maður ætlar að koma unnustu sinni ánægjulega á óvart en hún fær sjokk. Myndlíking um hvernig fólk upplifir áfall aftur og aftur.“



Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 28.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
3000mm vatnsheldni
Verð 145.995,-
F10 Xenon UL 2+
3000mm vatnsheldni
Verð 69.995,-
Vango Tempest 300
5000mm vatnsheldni
Verð 35.995,-
Mammut Kompakt MTI 3-season
Verð 24.995,-
Mammut Creon Pro 30L
Verð 23.995,-
Mammut Light Pump Mat UL 7,5cm
Verð 18.995,-
Mammut Aconcagua Light
Verð 18.995,-
Princeton Tec Axis
Verð 6.995,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Vango Pottasett 2 manna
Verð 4.995,-
Vango Hitabrúsi 500ml
Verð 1.895,-
Mammut Mercury Tour High GTX
Verð 25.995,-
Vango Pico XL
Verð 8.595,-
Primus Lite
Verð 19.995,-
Mammut Pordoi
Verð 22.995,-
MAMMUT
PRIMUS
OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Að rölta um og njóta

DANS – MYNDLIST

**Atómstjarna**

★★★★☆

**Höfundar:** Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir og Jóní Jónsdóttir
**Útlit:** Eva Signý Berger ásamt höfundum.
**Hljóðheimur:** Áskell Harðarson

**Listamenn/Flytjendur:** Anna Kolfinna Kuran, Diana Rut Kristinsdóttir, Erla Rut Mathiesen, Ingvar E. Sigurðsson, Saga Sigurðardóttir Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Andrean Sigurgeirsson og Védís Kjartansdóttir.



**Stemningin var lágstemmd og seiðandi, tónlistin slakandi og allt sem gert var vakti upp notalegheit, segir í dómnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eitt af því sem listamenn gera er að skapa upplifun í tíma og rúmi sem við áhorfendur þiggjum til að upplifa eitthvað nýtt. Í myndlistinni er hið hefðbundna form þannig að njótandanum er boðið að mæta kyrrstæðri list í rými sem aðeins vaknar til lífsins við það að hann gengur um og skoðar það sem fyrir augun ber. Á hefðbundinni danssýningu er njótandanum boðið að sitja kyrr úti í sal á meðan listin birtist honum á hreyfingu á sviðinu. Í fyrra tilfellinu er þögnin allsráðandi en í því seinna heldur tónlistin utan um áhorfendur þar sem þeir sitja í myrkrinu og örvar skynjun þeirra á því sem fyrir augu ber.

Á sýningunni Atómstjarna sem frumsýnd var í nýuppgerðum Ásmundarsal föstudaginn 8. júní 2018, sem hluti af Listahátíð Reykjavíkur, renna myndlistin og dansinn saman í eitt. Áhorfendum er boðið að ganga um allt húsið til að berja augum kyrrstæða myndlist, stuttar danssenur og vídeóverk í faðmi fagurs arkitektúrs. Sterkur hljóðheimur fyllir húsið og heldur utan um ferðalanga. Í hverju rými ber eitthvað nýtt fyrir augu; liti og ljós, líkama á hreyfingu og forvitnilegar krukkur sem við fyrstu sýn virðast innihalda skrautlega líkamsparta í formalíni.

Til viðbótar því að hvert rými hafði sinn eigin stíl þá var framvinda í því sem gerðist. Það fór eftir því hvaða leið var farin í gegnum rýmin hvað þar var að sjá. Hljóðheimurinn var þó alltaf samur sama hvar í húsinu maður var staddur.

Verkið fór fram í öllu húsinu og í garðinum fyrir utan. Um þetta svæði gátu áhorfendur gengið á eigin forsendum og valið sína leið í gegnum salina. Það að fá að hreyfa sig um rýmið, stoppa stutt eða lengi, sitja eða standa, fylgja hópnum eður ei, gaf aðra og ríkari upplifun af dansbrotunum heldur en ef þau hefðu farið fram á hefðbundnu sviði. Að ganga um myndlistarsýningu með tónlist eða hljóðheim í kringum sig gaf líka sterkari stemningu en þegar gengið er um sýningar í þögn. Það var ljúft að rölta um vistarverur safnsins, staldra við á mismunandi stöðum og njóta þess sem fram fór.

**SUMT, EINS OG SAMSPIL SIGRÚNAR GUÐMUNDSDÓTTUR OG INGVARS SIGURÐSSONAR Í KAFFISTOFUNNI OG GARÐINUM, KALLAÐI FRAM SMÁ KÖKK Í HÁLSINN.**

Á undanförnum árum hefur gjörningaform sem þetta orðið algengara. Það hefur þó ekki mikið verið notað í dansinum hér á landi og gaman var að sjá Sveinbjörgu og Steinunni fara inn á þessar lendur. Nándin við listamennina/flytjendurna var mikil enda deildu flytjendur og njótendur rými án sýnilegra hindrana. Það þarf reynslu og styrk til að sýna í svo mikilli nálægð við áhorfendur, ekki síst þegar nekt er þáttur í flutningnum. Listamennirnir réðu vel við það.

Fyrsta klukkutíma verksins gekk maður um ganga fullur lotningar. Í hverju rými mætti manni mannvera eða mannverur í hægum og seiðandi hreyfingum eða falleg vídeóverk. Stemningin var lágstemmd og seiðandi, tónlistin slakandi og allt sem gert var vakti notalegheit. Sumt, eins og samspil Sigrúnar Guðmundsdóttur og Ingvars Sigurðssonar í kaffistofunni og garðinum, kallaði fram smá kökk í hálsinn og hellirinn þar sem barnshafandi líkami hafði búið sér hvílu hafði slík áhrif að mann langaði helst að skríða þangað inn og kúra.

Útlit rýmisins og búningarnir höfðu líka róandi áhrif. Litirnir í búningunum voru hlýir en sýnendurnir klæddust dröppuðum heilgöllum og voru með rósrauðleitar fléttur og grænleitar grímur fyrir andlitunum. Gallarnir lágu þétt að líkömunum svo að línurnar sáust vel. Allar hreyfingar voru mjúkar og hægar. Samspil listgreinanna myndlistar, dans og tónlistar var áreynslulaust. Verkið myndaði eina fallega heild fyrir notendur að ferðast um, undrast og njóta.

Eftir að hafa skoðað alla króka og kima (að ég hélt) var undirrituð leidd niður í kjallaraherbergi þar sem var að finna myndbandsverk öllu háværara og ágengara en annað sem á undan var gengið. Þegar hún kom þaðan aftur hafði stemningin í húsinu breyst. Tónlistin var orðin taktfastari og háværari. Verið var að skipta um myndbönd í kaffistofunni og setja litsterk og óræð myndlistarverk þar sem áður höfðu verið kyrrlát myndbandsverk sem sýndu listamennina/flytjendurna í húsinu á meðan enn var verið að gera það upp. Það var sterk sjón að sjá ljósklædda eða nakta líkama liggja eða sitja í steinsteypubrotunum. Verur í hvítum netsamfestingum sem verið höfðu á sveimi um rýmið í fyrri hluta verksins tóku nú smám saman yfir eftir að hafa lokkað áhorfendur með upp í bogasalinn. Það var í fyrstu pirrandi að vera rifin út úr kósíheitunum sem einkennt höfðu svæðið til þessa þó að það væri líka hressandi að fá meiri kraft. Forvitnin var þó strax vakin því að hvítklæddu netaverurnar voru að brasa eitthvað skemmtilegt. Í bogasalnum var boðið upp á hefðbundnari listdansupplifun. Listamennirnir/flytjendurnir tóku sitt pláss í rýminu og áhorfendur komu sér fyrir þar. Þessi partur, eins og annað í verkinu, var vel gerður og áhugaverður á að horfa.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Atómstjarna var eins og fallegur skógarlundur sem gott er að ganga um og njóta. Skógarlundur sem gaman væri að ganga um aftur því þó að hann yrði kunnuglegur byði hann líka upp á eitthvað nýtt að sjá og heyra.

# Syndir nágranna

BÆKUR

**Konan í glugganum**

★★★☆☆

**Höfundur: A.J. Finn**

**Þýðandi:** Friðrika Benónýsdóttir
**Útgefandi:** JPV 2018
**457 bls.**

Konan í glugganum, fyrsta skáldsaga A.J. Finn, var seld til fjörutíu landa áður en hún kom út á frummálinu. Ekki kemur á óvart að til standi að gera kvikmynd eftir bókinni því í henni er að finna efnivið í spennumynd í anda Alfreds Hitchcock. Í bókinni er ítrekað vísað í gamlar klassískar kvikmyndir, þar á meðal rúman tug mynda eftir hinn gamla og snjalla meistara. Söguþráðurinn er einnig í anda Rear Window, einnar frægustu myndar Hitchcocks. Þar var James Stewart fastur í hjólastól í íbúð sinni og hafði lítið við að iðja annað en að fylgjast með fólkinu í næsta húsi í gegnum sjónauka, en hér er mætt til leiks Anna Fox sem hefur ekki farið út úr húsi í tæpt ár, en hún þjáist af víðáttufælni. Hún dundar sér við að fylgjast með nágrönnum sínum út um gluggana milli þess sem hún horfir á gamlar svarthvítar kvikmyndir og étur pillur og skolar þeim niður með rauðvíni. Sú mixtúra er síst til þess fallin að viðhalda einbeitingu hennar og efla rökrétta hugsun. Eitt kvöld heyrir Anna óp og þýtur út í glugga. Hún verður vitni að óhuggulegu atviki. Mun einhver trúa henni?

Allt þetta er ágætis efni í glæpasögu, en líkt og svo margar sögur þessarar tegundar, sem hafa streymt á markað undanfarin misseri, er Konan í glugganum alltof löng. Hún er 457 blaðsíður og þegar lesandinn er búinn að lesa einn þriðja bókarinnar hefur lítið sem ekkert gerst. Það væri auðvelt fyrir lesandann að gefast upp fyrir þessu tíðindaleysi en honum skal ráðlagt að halda áfram




**ALLT ÞETTA ER ÁGÆTIS EFNI Í GLÆPASÖGU, EN LÍKT OG SVO MARGAR SÖGUR ÞESSARAR TEGUNDAR, SEM HAFA STREYMT Á MARKAÐ UNDANFARIN MISSERI, ER KONAN Í GLUGGANUM ALLTOF LÖNG.**

því verkið hrekkur skyndilega í gang og spennan tekur völdin. Meðfram spennunni fær lesandinn síðan skýringu á því hvað veldur því að Anna hefur ekki treyst sér út fyrir hússins dyr svo lengi.

Konan í glugganum hefði orðið mun betri bók ef höfundur hefði haft hana styttri og snarpari. Hinar fjölmörgu vísanir í noir-kvikmyndirnar ættu að gleðja alla aðdáendur slíkra mynda, en fara líklega að mestu fram hjá þeim sem ekki þekkja til þeirra. Aðalpersónan Anna er vel sköpuð persóna en höfundurinn gerir sig sekan um full miklar endurtekningar þegar kemur að því að lýsa daglegu lífi hennar. Afhjúpunin á hinum seka kemur síðan á óvart, sem er alltaf plús í bókum eins og þessum. Mínusinn er hins vegar hversu lengi sagan er að hrökkva í gang.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Glæpasaga sem er allt of lengi að komast í gang, en verður síðan ansi spennandi.

# Tónlist truflaði frásögn, og öfugt

**TÓNLIST**

**Hjálmurinn**

★★☆☆☆

**Tjarnarbíó**

sunnudaginn 10. júní

**Saga:** Finn-Ole Heinrich.
**Tónlist:** Sarah Nemtsov.
**Leikari:** Guðmundur Felixson.
**Flytjendur:** Ensemble Adapter (Kristjana Helgadóttir, Ingólfur Vilhjálmsson, Gunnhildur Einarsdóttir, Matthias Engler, Zoé Cartier).



Í kvikmyndum heyrist ómstríð tónlist bara þegar eitthvað ægilegt er á ferðinni. Er ekki rökrétt að álykta að þegar margir hlusti á slíka tónlist á tónleikum, þá komi blóðugir uppvakningar og hundar úr helvíti sjálfkrafa upp í hugann? Svipað er uppi á teningnum með ástarsenur, bílaeltingarleiki, slagsmál, o.s.frv. Hefð er orðin fyrir ákveðinni tegund tónlistar í tilteknum atriðum. Vinsældir kvikmyndarinnar hljóta því að hafa mótað viðbrögð okkar við tónlist. Kvikmyndin hefur gefið fólki tækifæri til að SJÁ tónlistina, skilja merkingu hennar á sjónrænan hátt. Hún hefur a.m.k. ýtt undir þessa merkingu.

Ómstríð tónlist sem kallar fram hrylling í hugskoti manns, verður þó yfirleitt að hafa einhverja rómantík í sér. Með því er ekki vísað til hefðbundins skilnings þess orðs, heldur til rómantíska tímabilsins í tónlistarsögunni, 19. aldarinnar. Það var þá sem hvers konar tilfinningar urðu allsráðandi í tónlistinni. Hrollvekjandi ómstríð tónlist verður að tilheyra slíkum stíl, þó hljómar og laglínur séu nútímalegri. Tilgangur kvikmyndatónlistar er jú að magna upp tilfinningar og andrúmsloft.

**ÞVERT Á MÓTI SKAPAÐI SKORTURINN Á TILFINNINGUNUM Í TÓNLISTINNI FJARLÆGÐ.**

Sarah Nemtsov, þýskt samtímatónskáld, sem var í öndvegi á tónleikum á Listahátíð í Tjarnarbíói á sunnudaginn, semur vissulega ómstríða tónlist. Það er hins vegar engin rómantík í verkum hennar. Samhljómurinn er afar annarlegur, og ekki er að hægt að finna neitt sem kalla mætti laglínu. Framvindan þar er þó skýr og hljómarnir eru á sinn sérstæða hátt spennandi, en þeir eru gersneyddir tilfinningum. Kannski væri hægt að tala um heiðríkju í verkunum, þau eiga meira skylt við flókna fjölröddun endurreisnarinnar en nokkuð annað.

Tónlist Nemtsov er mjög flott á sinn hátt, gædd innra samræmi og áleitinni fagurfræði. Hún virkaði samt ekki í samhenginu sem boðið var upp á á tónleikunum í Tjarnarbíói. Þar var sögð saga af dreng sem setur á sig hjálm og neitar að taka hann af sér fyrr en kringumstæður hans breytast; þannig glímir hann við missi og sorg. Guðmundur Felixson leikari sagði söguna, en kammerhópurinn Ensemble Adapter spilaði undir. Tónlistin virðist hafa átt að gera söguna meira lifandi en það tókst ekki vel.

Samband tónlistarinnar og sögunnar var aldrei sérlega sterkt, nema á yfirborðslegan hátt. Tónlistin fólst í umhverfishljóðum sem tengdust mismunandi atburðum sögunnar en gerðu ekkert fyrir hana. Þau skiptu því engu máli; þvert á móti skapaði skorturinn á tilfinningunum í tónlistinni fjarlægð. Hún truflaði frásögnina frekar en hitt, og því var líka öfugt farið. Það var eins og þessir tveir þættir ættu í stríði fremur en að mynda sterka og grípandi heild.

Hljóðfæraleikurinn var þó fagmannlegur. Alls konar hljóðasamsetningar, sem voru skapaðar með hefðbundnum hljóðfærum, en einnig ýmsu öðru, þ. á m. rafmagni, voru áheyrilegar. Hljóðfærin voru mögnuð upp í hljóðkerfi Tjarnarbíós og hljóðstjórnin var prýðileg, styrkleikajafnvægið fínt, heildarhljómurinn rétt stilltur. Maður bara spurði sjálfan sig: Til hvers?

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vel flutt en náði þó aldrei flugi.



















Nokkrir plötusnúðar úr Asparfelli spila í Klúbbi Listahátíðar í kvöld.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Bill Murray, Jan Vogler og vinir á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Óvenjuleg blanda af klassískri evrópskri tónlist í frábærum flutningi, úrvals bandarískum bókmenntatextum og sönglögum sem Murray eru sérstaklega kær. Kvikmyndaleikarinn heimsþekkti og ólíkindatólið Bill Murray kemur aðdáendum sínum enn einu sinni á óvart. Nú með samstarfi við þrjá afburða klassíska hljóðfæraleikara.

**Hvað?** Pistols x Palm Trees
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Það verður sannkölluð West Coast stemning á Prikinu þegar El Lobo fer yfir það nýjasta í hipphopp-tónlist frá Kaliforníu, þar sem hann er búsettur í Los Angeles. Mikið af þessari tónlist hefur aldrei verið spilað hér á landi og því um að gera fyrir hipphopp-áhugafólk að mæta. Ekki láta þig vanta.

**Hvað?** Orbit – Útgáfupartí
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Snorri Hallgrímsson fagnar útgáfu plötunnar Orbit og tekur mögulega nokkur lög.

**Hvað?** Sverrir Bergmann
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Veitingahúsið Ráin, Keflavík
Sverrir Bergmann verður með tónleika á Keflavíkurnóttum. Tónleikarnir fara fram á veitingahúsinu Ránni fimmtudaginn 14. júní kl. 21.00. Einn vinsælasti dagskrárliður útvarpsþáttarins FM95BLÖ loksins á leiðinni á svið. Sverrir og Halldór Fjallabróðir spila öll bestu föstudagslögin sín og kynnir verður Auðunn Blöndal.

**Hvað?** Asparfell Listening Party
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Okkur er boðið í hlustunarpartí. Plötusnúðarnir eiga það sammerkt að búa í Asparfelli í Efra-Breiðholti; þar buðu þeir ásamt fleirum til blokkarpartís á Listahátíð í Reykjavík. Hér þeyta þeir skífum og segja frá uppáhaldstónlistinni sinni. Og allir geta sameinast í dansi á Klúbbgólfinu. Stjórnendur eru Alexander Roberts og Ásrún Magnúsdóttir.

**Hvað?** Karnival í Öskjuhlíð
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Öskjuhlíð
Komdu og upplifðu sannkallaðan ævintýraheim í hjarta borgarinnar. Stundum jóga undir berum himni, syngjum við „varðeldinn“ og dönsum saman undir diskókúlum. Daði Freyr, Úlfur Úlfur, Bríet, Snorri Helgason og fleiri spila.

### Viðburðir

**Hvað?** Síðasta áminningin: Sálmur um böl og blessun þjóðar í þúsund ár
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Ísland er langminnsta þjóðin sem kemur liði inn á heimsmeistaramótið í fótbolta og hefur saga íslenska landsliðsins vakið heimsathygli. En getur verið, að krafturinn sem hefur gert þessa drengi að kraftaverkamönnum, sé sá sami og hefur orðið Íslendingum að fótakefli í gegnum aldirnar? Og getur verið, að trú landsmanna á eigið ágæti sé reist á veikum grunni, en sé um leið þeirra sterkasta vopn? Hvað geta leikmenn íslenska landsliðsins og aðrir þjóðþekktir viðmælendur sagt okkur um litla þjóð sem virðist þrá að heimurinn taki eftir sér? Sýnd með enskum texta.

**Hvað?** Víkingahátíð í Hafnarfirði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Víðistaðatún
Verið velkomin á Víkingahátíð í Hafnarfirði sem verður að þessu sinni haldin á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Hátíðin verður undir stjórn víkingafélagsins Rimmugýgjar dagana 14.-17. júní. Á hátíðinni verða bardagasýningar, leikjasýningar, sögumenn, bogfimi, handverk, markaður og víkingaskóli barna, veitingar verða til sölu á svæðinu. Aðgangur er ókeypis á hátíðina sem stendur frá 13-19 alla hátíðardagana.

**Hvað?** Blóðdropinn – íslensku glæpasagnaverðlaunin
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Iða Zimsen, Vesturgötu
Blóðdropinn, íslensku glæpasagnaverðlaunin fyrir bestu íslensku glæpasöguna verður afhentur í Iðu Zimsen, klukkan 17.00 þann 14. júní næstkomandi. Búist er við glæpsamlegri samkomu.

### Sýningar

**Hvað?** Atómstjarna á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ásmundarsalur, Freyjugötu
Hvað er mannvera? Úr hverju erum við búin til? Erum við öll af sama efninu? Hver er uppsprettan, kjarnahvarfið og hvar endum við? Hver eru landamæri líkamans, hvert teygir hann sig? Rennur hann saman við aðra líkama í einn stóran líkama? Líkama náttúrunnar, heimsins og geimsins? Í dans- og myndlistarverkinu Atómstjarna er mannveran rannsökuð út frá þessum spurningum. Hún er krufin, rifin og skorin í sundur, saumuð saman og skoðuð í stærra samhengi við umhverfi sitt, frá rótum sínum við jörðina til huga og himins. Ljósi er varpað á margbreytileika hennar og þær mörgu víddir, fleti, form og drauma sem hún hefur að geyma.



Snorri Helgason og fleiri góðir stjórna Karnivali í Öskjuhlíð í dag.

**Hvað?** Síðustu forvöð að sjá – Sýningaropnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Nýjustu verk Berglindar Svavarsdóttur eru unnin með vatnslitum og akríllitum á pappír og á striga. Þau sækja innblástur sinn annars vegar af því sem fyrir augu ber í daglegu lífi og hins vegar af ímynduðu umhverfi sem á rætur sínar að rekja til bókmennta og ævintýra. Þrátt fyrir að hvert verk sé saga út af fyrir sig, þá deila þau sameiginlegum grunni sem blandar algengum þáttum samfélags okkar tíma – viljanum til að birtast og berast á – við draumkennda og náttúrulega veröld. Í þessum verkum á sér stað samruni tveggja heima, þess raunverulega og hins ímyndaða, þar sem mörkin milli draums og veruleika hafa máðst út.


frettabladid.is fer með þér á HM!
frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.
Fréttir og beinar textalýsingar
Stemningin í máli og myndum
Viðtöl og margt fleira!
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
HM 2018 í Rússlandi
Jóhann Berg á æfingunni í dag. Fréttablaðið/Eyþór
Jóhann Berg Guðmundsson segir íslenska HM-hópinn ekki hafa yfir neinu að kvarta í Rússlandi.
„Þetta er mjög fínt. Hótelið gott og ekkert til að kvarta undan," sagði Jóhann Berg fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í dag.
Nokkuð vindasamt er í Kabardinka í dag. Jóhann Berg segir að íslensku landsliðsmennirnir kippi sér lítið upp við það, enda séð það svartara.
„Við erum vanir þessu. Þetta er bara flott. Við kvörtum ekki yfir smá vindi," sagði Jóhann Berg sem segir að íslensku landsliðsmennirnir drepi tímann á hótelinu m.a. í leikherberginu. „Við erum með borðtennis- og billjardborð og stóran skjá þar sem við getum séð myndir. Það er fullt sem við getum gert."
Það styttist óðum í leikinn gegn Argentínu, fyrsta leik Íslands á HM frá upphafi. Jóhann Berg segir að íslensku leikmennirnir
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
Allir flokkar
SPORT
HM 2018 í Rússlandi
„Spennustigið magnast með hverjum degi"
Alfreð Finnbogason er vongóður um að byrja gegn Argentínu í Moskvu. Hann segist eiga erfitt með að stjórna spennustiginu en aðstæðurnar í Rússlandi séu til fyrirmyndar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook
FRÉTTABLAÐIÐ.IS




**LETHAL WEAPON**
KL. 21:15
Frábærir spennuþættir, byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.


Frábær Fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is







**DECEPTION**
KL. 19:50
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.




**NCIS**
KL. 20:30
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**BARRY**
KL. 22:05
Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.



**KNOCKED UP**
KL. 22:00
Rómantísk gamanmynd um ungan mann sem á einnar nætur gaman með stórglæsilegri dömu og kemst svo að því að hann hefur barnað hana.



**THE DETOUR**
KL. 21:35
Önnur þáttaröð þessara stórskemmtilegu gamanþátta um Nate og hans viðburðaríka og óhefðbundna fjölskyldulíf.


Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.40 Strákarnir**
**08.05 The Middle** Áttunda syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Á uppleið**
**10.40 Jamie's Super Food**
**11.25 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.45 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Isabella Dances Into the Spotlight**
**14.35 Vífill í villta vestrinu**
**15.50 PJ Karsjó**
**16.15 The Simpsons**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.45 Deception** Stórgóður og léttur sakamálaþáttur sem fjallar um einn fremsta og frægasta sjónhverfingarmanninn Cameron Black sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunar við lausnir á flóknustu glæpamálum sem berast á borð hennar.
**20.30 NCIS**
**21.15 Lethal Weapon**
**22.00 Barry** Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles. Það sem í upphafi leit út fyrir að vera tíðindalaus og frekar venjuleg vinnuferð breytist í óvænta vegferð til betra lífs hjá söguhetjunni okkar. Fyrir tilviljun hittir hann lífsglaðan og litríkan leikstjóra áhugamannaleikhúss og hóp af leikurum sem hann finnur samleið með. Í kjölfarið veltir hann því fyrir sér hvort leiklistin sé ekki hans hilla í lífinu frekar en launmorð. Handrit þáttaraðarinnar er í höndum Bill Hader og Alec Berg en sá framleiddi einnig þættina Silicon Valley, Curb Your Enthusiasm og Seinfeld.
**22.30 Crashing**
**23.05 Real Time with Bill Maher**
**00.35 C.B. Strike**
**01.40 Vice**
**02.10 Silent Witness**
**03.05 Silent Witness**
**04.00 Girls**
**04.19 Friends**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45 ÍBV - Valur**
**09.25 Breiðablik - Fylkir**
**11.05 Fram - Haukar**
**12.50 Goðsagnir - Ragnar Margeirsson**
**13.25 Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors**
**15.30 Ísland - Slóvenía**
**17.15 Premier League World**
**17.45 KA - Stjarnan**
**20.00 Norðurálsmótið**
**20.40 Goðsagnir - Hörður Magnússon**
**21.15 Pepsi-mörkin**
**22.35 Sumarmessan**
**23.15 Keflavík - KR**

## STÖÐ 3

**19.10 Last Man on Earth**
**19.35 Man Seeking Woman**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Supergirl**
**21.35 The Detour**
**22.00 Boardwalk Empire**
**22.55 The Simpsons**
**23.20 American Dad**
**23.45 Bob's Burger**
**00.35 Last Man on Earth**
**01.00 Friends**
**01.25 Seinfeld**
**01.50 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Grettir**
**07.27 K3**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Tindur**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveins**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Grettir**
**11.27 K3**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Tindur**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveins**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.48 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Grettir**
**15.27 K3**
**15.38 Mæja býfluga**
**15.50 Tindur**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveins**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.48 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Lukku-Láki**



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.45 Golfing World**
**09.35 Italian Open**
**14.35 Champions Tour Highlights**
**15.30 US Open**
**23.30 Inside the PGA Tour**
**23.55 Meijer LPGA Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15 Flying Home**
**12.50 High Strung**
**14.30 Joy**
**16.35 Flying Home**
**18.15 High Strung** Frábær dramatísk mynd frá 2016 um dansarann Ruby sem fer í listaskóla á Manhattan í New York. Þar kynnist hún fiðluleikara sem heitir Johnnie og spilar reglulega í neðanjarðarlestinni. Fiðlunni hans er stolið, og Ruby reynir að hjálpa honum og kemst þá að því að hann er ólöglegur innflytjandi. Hún fréttir af keppni þar sem dansarar eiga að dansa við undirleik strengjahljóðfæris, og sigurvegarinn fær skólastyrk sem getur fært honum landvistarleyfi.
**19.55 Joy**
**22.00 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd frá 2007 með Katherine Heigl og Seth Rogan.
**00.15 Pressure**
**01.50 Public Enemies**

## RÚV

**09.45 Saga HM: Þýskaland 2006**
**11.15 Saga HM: Suður-Afríka 2010**
**12.30 Saga HM: Brasilía 2014**
**13.30 Leiðin á HM**
**14.00 HM stofan**
**14.50 Rússland - Sádí-Arabía**
**16.50 HM stofan**
**17.20 Leiðin á HM**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ronja ræningjadóttir**
**18.24 Einmitt svona sögur**
**18.37 Hrúturinn Hreinn**
**18.44 Flink**
**18.47 Tulipop**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Hönnunarkeppni 2018**
**20.30 Í garðinum með Gurrý**
**21.00 Treystið mér**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.05 Gullkálfar**
**00.00 Kastljós**
**00.15 Menningin**
**00.20 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.43 The Tonight Show**
**09.28 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.10 Everybody Loves Raymond**
**12.34 King of Queens**
**12.57 How I Met Your Mother**
**13.20 Dr. Phil**
**14.05 Odd Mom Out**
**14.29 Royal Pains**
**15.14 Man With a Plan**
**15.39 Gudjohnsen**
**16.22 Everybody Loves Raymond**
**16.46 King of Queens**
**17.10 How I Met Your Mother**
**17.33 Dr. Phil**
**18.17 The Tonight Show**
**19.03 The Late Late Show**
**19.47 American Housewife**
**20.12 Kevin (Probably) Saves the World**
**21.00 The Resident**
**21.50 Quantico**
**22.38 Incorporated**
**23.26 The Tonight Show**
**00.56 Touch**
**01.42 9-1-1**
**02.26 Instinct**
**03.11 How to Get Away With Murder**
**03.58 Zoo**
**04.45 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

PIER

# SUMARFÖGNUÐUR

## Fimmtudagurinn 14.júní 2018

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM



Opið til 22:00 í PIER á SELFOSSI
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Skuggar í skjóli nætur

Í gær var tilkynnt að hljómsveitin Sálin hans Jóns míns myndi hætta eftir tónleika í Hörpu í október. Sálin hefur starfað frá 1988 og verið ein stærsta og vinsælasta hljómsveit landsins síðan. Fréttablaðið rifjar upp magnaðan feril hennar.


Ungir menn fyrir mörgum árum.

Sálin hans Jóns míns sló strax í gegn. Stefán Hilmarsson var sendiherra Íslands í Eurovision 1988 og opnaði hljómsveitin þá nýjasta skemmtistað Reykjavíkur, Bíókjallarann í Lækjargötu 10. Þar voru tekin upp lög sem fóru á plötuna Syngjandi sveittir. Upphaflega var áætlað að spila sálartónlist í þrjá mánuði en vinsældir komu í veg fyrir að síðasti tónninn yrði sleginn.

Lagið Á tjá og tundri hljómaði ótt og títt í útvarpi og platan seldist vel. Þeir Jón Ólafsson, Rafn Jónsson og Haraldur Þorsteinsson gengu þó á ný til starfa með Bítlavinafélaginu haustið 1988 en Stefán og Guðmundur héldu áfram. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nánast endalausir smellir runnið frá bandinu á 14 plötum.

Hljómsveitin prófaði sig erlendis sem Beaten Bishops og sneri plötunni Hvar er draumurinn? upp á ensku og hét hún Where's my destiny?

Sagt er að hljómsveitir hætti aldrei en nú er komið að því að slá lokatóninn í stórkostlegri sögu hljómsveitarinnar. Verður hann sleginn í Hörpu á kveðjutónleikum í október. Trúlega munu færri komast að en vilja enda saga Sálarinnar samofin sögu Íslendinga í hartnær 30 ár.

**benediktboas@frettabladid.is**


Guðmundur og Stefán í syngjandi sveiflu árið 1991.


Sálin hans Jóns míns með trommaranum Magnúsi Stefánssyni.


Stefán og Guðmundur í góðu glensi.

## Nokkrir stórsmellir

- Sódóma
- Þú fullkomnar mig
- Hjá þér
- Undir þínum áhrifum
- Orginal
- Auður
- Ekkert breytir því
- Haltu fast í höndina á mér
- Hvar er draumurinn?
- Vængjalaus
- Getur verið
- 100.000 volt
- Kanína
- Ábyggilega
- Ég þekki þig
- Krókurinn

## Plötur Sálarinnar

**1988** Syngjandi sveittir
**1989** Hvar er draumurinn?
**1991** Garg
**1992** Þessi þungu högg
**1995** Sól um nótt
**1998** Gullna hliðið
**1999** 12. ágúst 99
**2000** Annar máni
**2001** Logandi ljós
**2003** Vatnið
**2005** Undir þínum áhrifum
**2006** Sálin og Gospel
**2008** Arg
**2008** Vatnaskil
Gefin út í tilefni af 20 ára afmæli sveitarinnar. Öskjurnar innihalda allar tólf plötur Sálarinnar auk þeirrar þrettándu, sem hýsir „munaðarleysingja“, þ.e. lög sem komið hafa út á ýmsum safnplötum í gegnum árin en hafa ekki átt samastað á breiðskífum sveitarinnar.
**2010** Upp og niður stigann
**2013** Glamr


Guðmundur að öskra úr sér lungun og plokka gítarinn.


Sálin hans Jóns míns í allri sinni dýrð í Hörpu. MYND/GUÐMUNDUR LÚÐVÍKSSON

**Varmadælur & loftkæling**

Kælitækni



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Midea It's your Idea

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land





Mikið úrval af vönduðum Webasto ísskápum í húsbíla „12/24v með pressu“

BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto Feel the Drive

SAMSUNG

Skoðaðu
net-tilboðin
á ormsson.is

Fyrsti leikur í dag

# HM-tilboð

þegar græni liturinn skiptir öllu máli

**Fullt hús af Samsung sjónvörpum í mörgum stærðum og gerðum, bognum eða beinum, bara Samsung gæði.**

UE65MU9005
299.900,-

UE55MU9005
269.900,-

QE55Q7C
249.900,-

QE65Q7C
359.900,-

UE55MU7055
189.900,-

UE75MU7005
389.900,-



UE55MU6175
129.900,-

UE75MU6175
349.900,-

UE55MU6455
169.900,-

SAMSUNG
SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800




Emmsjé Gauti, Pétur Marteinsson, Friðrik Guðmundsson og Gísli Marteinn. HM-Torgið má sjá í bakgrunninum.

# HM-torg á Oxford Street Vesturbæjar

Melavelli, túninu við Vesturbæjarlaug, er verið að umturna í HM-torg. Þar er kominn risaskjár og geta nágrannar og aðrir þar horft á leiki Íslands á HM í góðu stuði.

Vesturbæingar og nærsveitamenn geta tekið gleði sína eftir áfallið sem þeir urðu fyrir þegar það komst í fréttir hér í þessu blaði að rífa ætti Hagavagninn – HM í knattspyrnu verður skellt á skjá í hjarta Vesturbæjarins, á Melavellinum við Hofsvallagötu, sem af sumum er kölluð Oxford Street Reykjavíkur.

„Ég er hérna staddur á skrifstofu Kaffi Vest og er að horfa á Exton menn byggja risaskjá fyrir utan. Það er kominn neðri parturinn á risaskjá sem er staðsettur á túninu við hliðina á Vesturbæjarlaug, við Hagavagninn. Þar erum við nefnilega að setja upp HM-torg, á því sem heitir Melavöllurinn,“ segir Emmsjé Gauti frá Hagavagninum en HM torgið er samstarf á milli Kaffi Vest, Brauð og Co., Melabúðarinnar og Hagavagnsins.

**VIÐ VORUM AÐ HUGSA HVERNIG VIÐ GÆTUM AUKIÐ HVERFISSTEMMINGUNA OG HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR FÓLKIÐ. SVO ER LÍKA ÞESSI GATA AÐ VERÐA SVONA, TJA ... OXFORD STREET VESTURBÆJARINS. EÐA NÝI LAUGAVEGURINN.**

„Við vorum að hugsa hvernig við gætum aukið hverfisstemminguna og hvað við getum gert fyrir fólkið. Svo er líka þessi gata að verða svona, tja ... Oxford Street Vesturbæjarins. Eða nýi Laugavegurinn. Það er að skapast rosalegur menningarkjarni hérna. Það eru flestir í þessum fyrirtækjum sem fá sér kaffi á Kaffi Vest þannig að þar hittumst við og þar spratt upp þessi hugmynd að gera þetta svona í kringum HM. Hugmyndin fékk að gerjast í smá tíma og endaði svona. Það er dálítið fyndið við þennan hóp sem setur þetta saman, þessa Vesturbæjar-mafíu, að þar eru fimm Breiðhyltingar.“

Gauti segir að hugmyndin hafi svo orðið að veruleika með innkomu Coke og Origo inn í hana en þá fóru hlutirnir að gerast.

„Það verður veitingasala á staðnum. Við erum að stefna á að þetta verði fjölskylduvæn hátíð og að hér verði aðallega húllumhæ í kringum þessa þrjá íslensku leiki – og auðvitað ef við komumst áfram þá sýnum við það. Við erum svona að meta hvernig þetta verður þegar á líður – hvort við verðum með fleiri stóra leiki hérna eða hvernig það verður – það fer svolítið eftir stemmingu.“

*Verður fólk bara þarna í lautarferðarstemmingu með teppi á grasinu eða hvernig verður þetta?*

„Við ætlum að setja upp bekki og stóla en hvetjum fólk samt sem áður að taka með sér tjaldstóla og teppi. Næsta verkefni er að biðja til veðurguðanna til að fá þá til að vera góðir við okkur. Nú veit maður aldrei hvernig spáin verður en ég mun standa þarna í ponsjó sama hvernig veðrið verður.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki
Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á bros.is
Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14
25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR

VÉLABORG www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is



skoðaðu úrvalið á Weber.is



Rabarbari
1.490,-



NÝTT SOMMAR 2018
blómakassi **1.990,-**
B15×L43, H14cm



**995,-/10 í bakka**
Stjúpur



NÝTT SOCKER
blómapottur **2.690,-**

# Leggðu rækt við sumarfrelsið

Það er sannkölluð hátíðarhelgi framundan hvernig sem á það er litið og því ekki seinna vænna að koma garðinum og svölunum í viðeigandi búning. Nú er sumarblómamarkaður IKEA í fullum skrúða. Þar færðu allt frá blómapottum til garðverkfæra, og auðvitað sumarblóm í öllum regnbogans litum. Við tökum vel á móti þér.



NÝTT SOCKER
blómapottur. Innanmál Ø17cm **895,-**



Ávaxtatré
7.990,-



Fjólur 1.190,-/
10 í bakka

© Inter IKEA Systems B.V. 2017



**1.690,-**
Garðlilja



NÝTT SOCKER
blómapottur. Innanmál Ø14cm **250,-**

NÝTT SOCKER
blómapottur. Innanmál
Ø20cm **695,-**



**995,-**
Nellika



Buxus, stór
9.900,-/stk.



Jarðarberjaplanta
695,-



NÝTT
GRÄSMARÖ
garðáhöld
495,-/3 í setti



ÖSTLIG blómapottur
Innanmál Ø34, H50cm
4.890,-



**995,-**
Sólboði

**LOKAÐ 17. júní**



Kryddjurtir
795,-/stk.
Ýmsar tegundir



NÝTT SOMMAR 2018
blómapottur. Innanmál
Ø12cm **895,-**

IKEA®

Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is

# Stillanlegt og þægilegt



## Þú getur valið um tvennskonar stillanlega botna

Charlotte Julien
Dream your world™




### C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor sem ekki þarfnast viðhalds

Perfect T




### Perfect T stillanlegt:

- Þráðlaus fjarstýring
- USB tengi
- Nudd
- LED lýsing
- Tveir hljóðlátir mótorar

## Dorma býður fjórar tegundir heilsudýna sem sérstaklega eru ætlaðar í stillanleg rúm

**SHAPE** heilsudýnur nú með **30% afslætti** með stillanlegum botni
**SHAPE DELUXE** heilsudýnur nú með **30% afslætti** með stillanlegum botni
**INFINITY** heilsudýnur nú með **20% afslætti** með stillanlegum botni
**SIMBA** heilsudýnur alltaf á **DORMAVERÐI** með stillanlegum botni

**Verðdæmi**

| Stærð 90x200 | Fullt verð með C&J silver botni | Tilboðsverð | Fullt verð með Perfect T botni | Tilboðsverð |
|---|---|---|---|---|
| Shape heilsudýna | 168.900 | **153.930** | 228.900 | **187.080** |
| Shape Deluxe heilsudýna | 188.900 | **167.930** | 248.900 | **201.080** |
| Infinity heilsudýna | 208.900 | **190.920** | 268.900 | **224.070** |
| Simba heilsudýna | 193.990 | **193.990** | 253.990 | **227.140** |

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 24. júní 2018 eða á meðan birgðir endast.*



OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI
DORMA
Láttu drauminn rætast
Gerðu gott mót betra með DORMA
ÁFRAM ÍSLAND
Smáratorgi | Holtagörð kureyri | Ísafirði
www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN
HM-LEIKUR DORMA
Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur*
lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp
frá Samsung að verðmæti 199.995 kr.
Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn
getur horft á úrslitin í nýju sjónvarpi.
Charlotte Julien
Dream your world
*Leikurinn stendur fram yfir undanúrslit.
SAMSUNG
DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Rit- Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR



Kristinns Inga Jónssonar

# Fótboltahugsjón

Augu heimsbyggðarinnar munu beinast að Rússlandi næsta mánuðinn en blásið verður til fyrsta leiks á HM í fótbolta í dag.

Mótið á vitaskuld sínar skuggahliðar. Djúpstæð og svo virðist sem kerfisbundin spilling hefur þrifist innan FIFA í áraraðir. Það er ekki af tilviljun að Rússland, sem er ekki rómað fyrir knattspyrnuafrek sín, var valið til þess að halda mótið. Það sama má segja um Katar og Suður-Afríku. Pútín mun eflaust nýta tækifærið til þess að slá sig til riddara á meðan hann þaggar niður í þeim sem þora að benda á alræðislega stjórnarhætti hans. Kynþáttahatur og ofbeldi gagnvart hinsegin fólki er daglegt brauð í Rússlandi, sér í lagi innan knattspyrnuhreyfingarinnar, og er ástæða þess að mannréttindasamtök hafa hvatt þjóðir heims til að sniðganga mótið.

Sé horft á björtu hliðarnar dregur keppnin fram ýmis frjálslynd gildi. Hún umbunar ríkjum fyrir gott stjórnarfar og lætur gerræðisstjórnir ekki komast upp með svik og pretti. Aðeins fjögur ríki sem eru ófrjáls að mati Freedom House munu etja kappi á HM og ekkert þeirra er líklegt til stórræða. Fjörutíu ár eru síðan síðasta alræðisríkið vann keppnina.

Alþjóðafótbolti verðlaunar ríki sem horfa út fyrir landsteinana og fagna fjölmenningu. Ríki sem ráða bestu þjálfara heims, óháð þjóðerni, og leyfa innflytjendum að láta ljós sitt skína. Flestir leikmenn franska landsliðsins 1998, sem sigraði svo eftirminnilega á HM, áttu ættir að rekja til annarra ríkja. Keppnin hefur auk þess notið ríkulega ávaxtanna af alþjóðavæðingu fótboltans.

Þrátt fyrir alla sína lesti sameinar HM – þegar öllu er á botninn hvolft – margar þær frjálslyndu hugsjónir sem við viljum alla jafna halda í heiðri.







